# FRÉTTABLAÐIÐ

28. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 2. FEBRÚAR 2019




# Hádramatísk fjölskyldusaga

Ragna Fossberg förðunarmeistari er hætt á RÚV eftir nær hálfrar aldar starf þar. Hún tók aðeins fjóra veikindadaga á öllum ferlinum. Ragna rekur viðburðaríka fjölskyldusögu sína. 24

Við vitum ekki enn hvar gröf fjölskyldunnar er. Það veit enginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



## Vill ekki spegla samfélagið

Ragnar Kjartansson sýnir verk sín í i8. 28



## Heilsuspillandi snyrtivörur

Snyrtivöruiðnaðurinn eins og villta vestrið. 32



## Hitað upp fyrir Super Bowl

Úrslitaleikur NFL-deildarinnar í Ofurskálinni. 36










## Veður




Fallvindar eða hæg breytileg átt en austan 8-12 m/s við S-ströndina og snjókoma eða él seinnipartinn. Bjart veður en þykknar upp er líður á daginn, fyrst sunnan til. Frost víða 5 til 15 stig. SJÁ SÍÐU 50



**Það hefur verið vel kalt í veðri í Bandaríkjunum.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Fleiri farast vegna frostsins

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti 21 andlát hefur nú verið staðfest sem rekja má til þess mikla frostaveðurs sem gengið hefur yfir norðausturhluta Bandaríkjanna.

Níutíu milljónir Bandaríkjamanna hafa þurft að þola að minnsta kosti sautján stiga frost undanfarna daga vegna heimskautalægðar. Frostið hefur víða farið niður fyrir þrjátíu stig, til að mynda í stórborginni Chicago.

**Útlit er fyrir betra veður núna um helgina. Sveiflan í Chicago gæti orðið fjörutíu stig.**

Spár gerðu ráð fyrir því að það færi að hitna í gærkvöldi. Útlit var svo fyrir að undir lok helgarinnar gæti hitastigið í Chicago staðið í allt að tíu stigum. Sum sé fjörutíu stiga sveifla á fáeinum dögum. Það gæti svo haft allt önnur vandamál í för með sér. Leysingar gæti valdið flóðum og pípulagnir kynnu að stórskemmast. – þea

## Sorfið til stáls á Skólavörðustíg



Hjólreiðamenn kepptu í brekkuspretti á Skólavörðustíg í gærkvöldi. Keppnin er hluti af Reykjavíkurleikunum. Tveir öttu saman kappi í einu þar til fundinn var sigurvegari í bæði karla- og kvennaflokki. Undir átökunum drundi fjörug tónlist og létti lund þeirra sem fylgdust með. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hámarksálag á heita vatninu

**ORKUMÁL** Enn er óvissuástand með framboð af heitu vatni á starfssvæði Veitna vegna kuldakastsins. Fyrirtækið sagði í gær að heitavatnsnotkun á höfuðborgarsvæðinu hefði aukist aftur eftir að dró úr henni eftir hádegi á fimmtudag. Spáð sé talsverðu frosti í dag.

„Veitur gera ráð fyrir að heitavatnsrennslið nái nýju hámarki um helgina og verði þá enn þá meira en nú í vikunni. Enn er því starfað eftir viðbragðsáætlun og fólk er enn beðið að fara vel með heita vatnið,“ segir í tilkynningunni. Draga hafi þurft úr afhendingu á heitu vatni til stærri notenda í Rangárþingi og Ölfusi. Það sama hafi ekki átt við á höfuðborgarsvæðinu. „Ljóst er þó að lítið má út af bera í rekstrinum til að til þess gæti komið.“ - gar

# Verslunarfólk fagnar dauðadómi plastpoka

**Nýtt frumvarp umhverfisráðherra til höfuðs burðarplastpokum gengur lengra en lágmark tilskipunar ESB kveður á um. Forsvarsmenn matvöruverslana segjast fagna dauðadómi sem kveðinn sé upp yfir plastpokum í nánustu framtíð.**



**Umhverfisráðherra tekur stríðið gegn plasti föstum tökum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**UMHVERFISMÁL** Framkvæmdastjórar Krónunnar og Samkaupa fagna frumvarpi Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra, þar sem skorin er upp herör gegn plastpokum. Verslanirnar segja bannið við að afhenda burðarpoka úr plasti án endurgjalds sem kemur til framkvæmda í sumar og endanlegt bann við afhendingu slíkra poka í ársbyrjun 2021 vera í takt við þeirra áherslur og eitthvað sem kallað hafi verið eftir.

„Við höfðum heyrt af þessu og höfum verið að þrýsta á svona aðgerðir í langan tíma þannig að við fögnum þessu frumvarpi,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa. Eins og komið hefur fram er um að ræða innleiðingu á tilskipun ESB en frumvarp Guðmundar Inga gengur lengra en lágmarkskröfur tilskipunarinnar gera ráð fyrir.

„Við erum mjög jákvæð gagnvart þessum breytingum og þetta er í takt við okkar áherslur,“ segir Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar. Hún segir að fyrir liggi að verslanir Krónunnar verði plastpokalausar með öllu fyrir lok ársins. Frumvarpið rími því vel við áherslur fyrirtækisins um minni plastnotkun.

Aðspurð segir Gréta María að litlu plastpokarnir sem fáanlegir hafa verið án endurgjalds, á rúllum við kassa og við ávaxtastanda, muni hverfa úr verslunum Krónunnar og aðrar lausnir komi í staðinn. Plastburðarpokar þeir sem enn eru til sölu séu úr 80 prósent endurunnu plasti. „En þeir hverfa úr búðum Krónunnar á næstu mánuðum.“

**–Tveir af hverjum þremur Íslendingum eru hlynntir banni við einnota plastpokum í verslunum skv. könnun MMR.**

**–Bannið snýst einungis um að óheimilt verður fyrir verslanir að afhenda viðskiptavinum sínum burðarpoka úr plasti.**

**–Áfram verður hægt að kaupa plastpoka og ruslapoka sem eru söluvara í hillum verslana.**

Gunnar Egill segir að Samkaup, sem rekur auk Samkaupsverslana einnig Nettó, Kjörbúðina, Krambúðina og Seljakjör, hafi farið í umhverfisvænni poka með minna plastinnihaldi fyrir nokkrum árum og unnið markvisst að því að hvetja til notkunar á fjölnotapokum og birgja til að huga að umhverfisvænni lausnum.

Gunnar Egill segir að litlu ókeypis plastpokarnir muni væntanlega heyra sögunni til að auki.

„Mér finnst líklegt að við fjarlægjum þá alfarið frekar en að rukka fyrir þá gjald en við erum að skoða aðrar lausnir sem gætu leyst það af hólmi.“

mikael@frettabladid.is

## Framboð til stjórnar VÍS

**Tilnefningarnefnd VÍS auglýsir eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar VÍS vegna aðalfundar félagsins sem haldinn verður miðvikudaginn 20. mars næstkomandi.**

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins á slóðinni **www.vis.is/vis/fjarfestar/hluthafafundur/** og skilast á netfangið: **tilnefningarnefnd@vis.is** eigi síðar en 15. febrúar nk.

Fresturinn er settur til þess að tilnefningarnefnd geti sinnt skyldum sínum og fjallað um tilnefningar og framboð og skilað rökstuddu áliti. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðanda til þess að skila inn framboðum til stjórnar allt fram að fimm dögum fyrir aðalfund.

Vátryggingafélag Íslands hf
Ármúla 3, 108 Reykjavík
Sími 560 5000, www.vis.is

VÍS

blómaval

# FERMING

## í Blómavali




**RISAHAPPDRÆTTI**
BLÓMAVALS

**Glæsilegir vinningar - skráðu þig á staðnum og þú kemst í pottinn!**

- HUE Philips snjalllýsing startpakki
- JBL Bluetooth hátalari
- Gjafabréf frá Flash
- Gjafabréf frá Gallerý Sautján
- Gjafabréf á Kransakökunámskeið Blómavals
- Gjafabréf frá RentAParty
- Gjafabréf frá Blómavali
- Pottaplöntur og blómvendir frá Blómavali
- Remington hársnyrtivara

Allir vinningar verða dregnir út eftir helgi

## GLÆSILEG FERMINGARSÝNING

í Skútuvogi laugardag og sunnudag



## 30% afsláttur

af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

**Munið að panta áritaðar servíettur, kerti og sálmabækur um helgina á 30% afslætti.**

## Glæsileg dagskrá:

**Fáðu hugmyndir fyrir veisluna**
Uppdekkuð borð og allt það nýjasta í fermingarskreytingum frá Blómavali.

**Árituð kerti, servíettur og sálmabækur**
Eitt mesta úrval landsins af kertum og servíettum til áritunar.

**Rent A Party**
Allt fyrir partíið á einum stað, ljósmyndakassar, krapvélar og margt fleira! Komdu og skoðaðu, taktu mynd af þér í ljósmyndakassanum o.fl.

**Veislan**
Ein besta veisluþjónusta landsins sýnir allt sem í boði er fyrir ferminguna og gefur smakk.

**Kransakökunámskeið Blómavals**
Halldór Kr Sigurðsson bakari og konditor kynnir kransakökunámskeið Blómavals. Bakaðu þína eigin kransaköku undir handleiðslu sérfræðings á aðeins 8.990 kr.

**Snyrtivörur í Heilsutorginu 50% afsláttur**
Allar snyrtivörur á Heilsutorginu á 50% afslætti - rýmingarsala!

**Philips HUE snjalllýsing fyrir unglingaherbergið**
Sérfræðingar frá Philips kynna HUE snjalllýsingu - stýrðu lýsingunni úr símanum! Láttu ljósin skipta litum í takt við tónlistina og margt fleira,

**Flash tískuverslun**
Allt það nýjasta í fermingartískunni frá Flash.

**Gallerí Sautján**
Fermingatískan fyrir stráka og stelpur frá Gallerí Sautján



KAFFI GARÐUR

**Gómsæt tilboð**

Kaffi & Vöfflur með rjóma og sultu **299 kr.**
Djús & Vöfflur með kúlúís og súkkulaðisósu **299 kr.**
Ein ískúla í vöffluformi **99 kr.**



Túlípanar
10 stk.
1.490kr
~~1.990kr~~

Pottaplöntur
**30% - 50% afsláttur**



Orkidea
1.999kr
~~2.690kr~~



Friðarlilja
9 cm pottur
890kr
~~1.190kr~~

Friðarlilja
12 cm pottur
1.490kr
~~1.990kr~~

**TÖLUR VIKUNNAR** 27.01.2019 TIL 02.02.2019



**140**
milljónir króna er áætlað að tveir pálmar í gleri kosti uppsettir í hinni nýju Vogabyggð.

**50**
milljónir króna er hámarksgreiðsla frá ríkinu til einstaks fjölmiðils fyrir hluta kostnaðar við ritstjórn samkvæmt frumvarpi ráðherra.



**79**
prósent þátttakenda í könnun segjast ánægð með að leigja hjá Félagsbústöðum.

**60**
milljóna króna skaðabótakröfu hefur Guðmundur R. Guðlaugsson lagt fram á hendur ríkinu vegna atvinnumissis í kjölfar ólögmæts gæsluvarðhalds og fjölda þvingunarráðstafana lögreglu fyrir tæpum áratug.





**0**
flugslys urðu á Íslandi í fyrra. Það er í fyrsta sinn síðan 1969 að ekkert flugslys er skráð hérlendis.

## Þrír í fréttum
## Tíska, laun og hugtök

**Kolfinna Von Arnardóttir**
*eigandi Reykjavík Fashion Festival*



fékk eina milljón króna úthlutaða í styrk frá menningar-, íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar í fyrra. Hátíðin fór þó aldrei fram.

**Sigríður Rut Júlíusdóttir**
*formaður starfskjaranefndar Orkuveitunnar*



Nefndin lagði til og fékk samþykkt í stjórn OR að nefndarmenn fái 25 þúsund krónur á tímann. Er taxtinn sagður miðaður við útseldan tíma hjá eigendum lögmannsstofa.

**Agnes M. Sigurðardóttir**
*biskup Íslands*



gerði í umsögn við nýtt lagafrumvarp athugasemd við notkun hugtaksins þungunarrof. „Hið nýja hugtak vísar á engan hátt til þess lífs sem sannarlega bærist undir belti og er vísir að nýrri mannveru," sagði biskup.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Segir óþreyju farið að gæta hjá félagsmönnum á Akranesi

Formaður Verkalýðsfélags Akraness segist finna fyrir auknum þrýstingi sinna félagsmanna. Það renni hratt úr tímaglasinu. Verkefnið sé þó viðamikið og samspil við stjórnvöld miklu meira en áður hafi þekkst. Formaður Framsýnar á Húsavík telur félögin fjögur sem hafa vísað til ríkissáttasemjara dálítið úti í kuldanum.

**KJARAMÁL** „Við förum svo sem yfir nokkur atriði sem við teljum að sé full ástæða til að vinna áfram í smærri hópum. Það eru fjölmörg atriði í okkar kröfugerð sem við erum að reyna að þoka okkur áfram með. Atriði sem við erum til dæmis sammála um að þurfi að taka og dýpka umræðuna um," segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Kjaraviðræður Samtaka atvinnulífsins og fjögurra stéttarfélaga héldu áfram hjá ríkissáttasemjara í gær en næsti fundur verður á miðvikudag. Vilhjálmur segir ljóst að það renni skarpt úr stundaglasinu og óþreyju sé farið að gæta hjá félagsmönnum sínum.

„Við finnum fyrir auknum þrýstingi en jafnframt skilningi á því að þetta geti tekið tíma. Þetta er viðamikið verkefni sem er hér undir og verður að fá að taka þann tíma sem þarf. Það er samt sem áður alveg ljóst að menn ætla ekkert að bíða bara og bíða."

Vilhjálmur segir beðið eftir því að það skýrist hvort og hvernig stjórnvöld ætli að koma að kjarasamningunum til þess að hægt sé að leggja heildstætt mat á stöðuna.

„Samspil við stjórnvöld verður í þessum samningum miklu meira en hefur kannski áður þekkst."

Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar á Húsavík, segir ganginn í viðræðum Starfsgreinasambandsins við SA ágætan varðandi sérmálin en að launamálin séu í raun bara í bið.

„Það verður eitthvað að fara að gerast varðandi launaliðinn og launatöflurnar. Ef það fara ekki að koma fram einhver svör við okkar tillögum og kröfum í lok næstu viku þá sé ég ekki að menn geti beðið lengur með að vísa þessu til ríkissáttasemjara," segir hann.



Fulltrúar Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur ræða stöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> Ég er algerlega á móti þessu og trúi seint að verkalýðshreyfingin ætli að ljá máls á þessu.
>
> Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar á Húsavík

Aðalsteinn segir stéttarfélögin fjögur sem þegar hafa vísað deilu sinni til ríkissáttasemjara vera svolítið úti í kuldanum. „Þau vísuðu fyrir rúmum mánuði síðan og enn er staðan sú að þau hafa ekki séð neinar launatölur frá SA."

Meðal þeirra þátta sem ræddir hafa verið á fundum SGS og SA eru breytingar á vinnufyrirkomulagi sem Aðalsteini hugnast mjög illa.

„Ég hafna öllum hugmyndum sem ganga út á að skerða neysluhlé starfsmanna eða breyta dagvinnutímabili eða færa yfirvinnutímabil milli mánaða og gera að dagvinnu. Ég er algerlega á móti þessu og trúi seint að verkalýðshreyfingin ætli að ljá máls á þessu." **sighvatur@frettabladid.is**

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST
ramisland.is





40" BREYTTUR
EIGUM ALLAR ÚTFÆRSLUR TIL AFHENDINGAR, SLT, LARAMIE, LARAMIE SPORT, LIMITED OG LIMITED TUNGSTEEN.
BJÓÐUM UPP Á 37" TIL 42" BREYTINGARPAKKA.
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI





## Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

**2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni** Kauptúni 6
**Toyota Akureyri** Baldursnesi 1
**Toyota Reykjanesbæ** Njarðarbraut 19
**Toyota Selfossi** Fossnesi 14

HYBRID

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á akstURStíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Segir halla á önnur hverfi þar sem miðbærinn fékk mest jólaskraut

**REYKJAVÍK** Af þeim ríflega 45 milljónum króna sem Reykjavíkurborg varði í skreytingar fyrir jólin 2017 fóru 32,5 milljónir, eða ríflega 72 prósent, í miðbæinn.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins gagnrýnir hversu hátt hlutfall fór í skreytingar í miðbænum og minnir stjórnendur á að í borginni séu fleiri hverfi.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi og áheyrnarfulltrúi í borgarráði, lagði í síðasta mánuði fram fyrirspurn þar sem hún óskaði eftir sundurliðun á jólaskreytingum eftir hverfum borgarinnar. Kolbrún segir að nokkrir borgarbúar hafi farið þess á leit við hana að hún óskaði eftir þessum upplýsingum.

> Í þessu sambandi vill áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins minna á að ætíð skal gæta hófs, hagkvæmni og útsjónarsemi þegar verið er að sýsla með fé borgarbúa.



Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi.

Í svari borgarinnar í borgarráði á fimmtudag kemur fram að það kostaði tæpar 32,6 milljónir króna að setja upp jólalýsingu í miðbænum og taka niður árið 2017.

Á sama tíma var kostnaðurinn aðeins rúmar 40 þúsund krónur á Kjalarnesi, tæpar sex milljónir í Austurbænum og tæpar 6,5 milljónir í Vesturbænum.

Kolbrún bókaði að þrátt fyrir að jólaskreytingar væru skemmtilegar og ekki gaman að vera agnúast út í þær þá væri þetta há upphæð.

„Í þessu sambandi vill áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins minna á að ætíð skal gæta hófs, hagkvæmni og útsjónarsemi þegar verið er að sýsla með fé borgarbúa. Það stingur einnig nokkuð í augu í þessu svari hversu stórt hlutfall það er sem fer í skreytingar í miðbænum. Í borginni eru fleiri hverfi,“ segir Kolbrún enn fremur. **– smj**



**Jólaskreytingar eru jafnan mestar í miðbænum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Núlluðu út afgreiðslu ráðuneytis

**Afgreiðsla fjármálaráðuneytisins á gagnabeiðni Fréttablaðsins var í andstöðu við upplýsinga- og stjórnsýslulög. Túlkun ráðuneytisins á upplýsingalögum hefði opnað á að stjórnvöld gætu vistað gögn utan starfsstöðva sinna til að skjóta sér undan gildissviði upplýsingalaga.**

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚNU) hefur fellt úr gildi afgreiðslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins (FJR) á beiðni Fréttablaðsins um aðgang að fundargerðum og tilteknum bréfum kjararáðs. Fréttablaðið hefur nú í rúma þrettán mánuði reynt að fá aðgang að gögnunum en árangurslaust.

Í júní felldi ÚNU úr gildi afgreiðslu kjararáðs á beiðni Fréttablaðsins um aðgang að gögnunum. Er þetta því í annað sinn sem blaðið neyðist til þess að fara með málið fyrir nefndina. Eftir að sá úrskurður lá fyrir sendi blaðið beiðni til FJR vegna þeirra. Það vísaði hins vegar á Þjóðskjalasafnið (ÞSK).

ÞSK sagði aftur á móti að hillumetrar þess væru uppurnir og ekki væri því tekið á móti nýjum skjölum. Því væri rétt að beina málinu til FJR. Ráðuneytið sagði hins vegar að það hefði ekki skjölin í sinni vörslu heldur starfsmaður kjararáðs. Það er hins vegar rétt að taka fram að á þessum tíma var starfsmaður ráðsins orðinn starfsmaður ráðuneytisins.

Í ljósi þessa sendi Fréttablaðið kæru til ÚNU enda taldi það að umrædd gögn væru sannarlega í vörslu FJR og því bæri ráðuneytinu að taka afstöðu til þess hvort afrit af þeim yrðu veitt eður ei. Fyrir nefndinni sagði FJR að gögnin væru ekki í vörslu þess heldur í geymsluhúsnæði á forræði rekstrarfélags Stjórnarráðsins.



**Gögnin voru í Skuggasundi 3 og kvaðst enginn eiga þau.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**28. nóv. 2017** Fréttablaðið óskar eftir afritum af fundargerðum kjararáðs aftur til ársins 2008.

**19. des. 2017** Beiðnin ítrekuð og jafnframt óskað eftir bréfum þeirra, sem undir ráðið heyra, til þess.

**20. des. 2017** Svar kjararáðs berst. Sagði þar að afstaða þess myndi liggja fyrir „á nýju ári“.

**24. jan. 2018** Beiðnin ítrekuð þar sem „á nýju ári“ getur þýtt febrúar eða desember.

**12. feb. 2018** Beiðninni hafnað þar sem hún var ekki nógu afmörkuð. Ný beiðni, sem varðar fundargerðir aftur til 2013, lögð fram.

**14. mars 2018** Svar kjararáðs berst. Það taldi sig ekki stjórnvald og því giltu upplýsingalögin ekki um það. Sú afstaða kærð til ÚNU.

**27. júní 2018** ÚNU fellir afgreiðslu kjararáðs úr gildi og vísar málinu aftur til þess til afgreiðslu.

**1. júlí 2018** Kjararáð lagt niður.

**2. júlí 2018** Beiðni um afhendingu gagnanna sent á FJR.

**4. júlí 2018** FJR segir að unnið sé að afhendingu gagnanna til ÞSK og þeirri vinnu eigi að ljúka um sumarið.

**6. júlí 2018** ÞSK hefur ekki fengið gögnin og vísað á FJR.

**1. sept. 2018** Starfsmaður kjararáðs hefur störf hjá FJR. Í svörum FJR kom fram að hún hefði gögnin í sínum vörslum en ekki ráðuneytið.

**9. okt. 2018** Formleg beiðni um afhendingu gagnanna send FJR.

**8. nóv. 2018** Fréttablaðið verður leitt á að vera hent á milli FJR og ÞSK og kærir afstöðu FJR til ÚNU.

> Fréttablaðið hefur reynt að fá gögnin afhent í rúmlega þrettán mánuði en hingað til árangurslaust.

ÚNU taldi ljóst að þegar beiðni Fréttablaðsins var lögð fram hefði starfsmaður FJR unnið að frágangi gagnanna til afhendingar til ÞSK. Því væri það engum vafa undirorpið að beiðnin varðaði gögn sem væru fyrirliggjandi í skilningi upplýsingalaga. Skipti þar engu máli hvort gögnin hefðu verið skráð í málaskrá ráðuneytisins eða ekki.

„Stjórnvöld geta ekki einhliða ákveðið hvort gögn teljist í þeirra vörslum eða ekki, heldur verður að komast að niðurstöðu um það eftir almennum viðmiðum. Ber þannig að leggja áherslu á möguleika stjórnvalds til að nálgast og vinna með gögnin og sýna gögn málsins að FJR hefur unnið á ýmsan hátt með skjöl kjararáðs, bæði fyrir tilstilli starfsmannsins sem áður starfaði fyrir ráðið og með flutningi þeirra í janúar 2019. Myndi önnur niðurstaða leiða til þess að stjórnvöld gætu valið að vista gögn utan starfsstöðva sinna og láta hjá líða að sinna skráningarskyldu sinni samkvæmt lögum til að koma í veg fyrir að almenningur geti óskað eftir aðgangi að þeim samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga,“ segir í úrskurði ÚNU.

Nefndin taldi því að gagnabeiðni Fréttablaðsins hefði verið vísað frá á rangri forsendu, afgreiðsla málsins hefði ekki verið í samræmi við upplýsingalög og rannsóknarreglu stjórnsýslulaganna. Málinu var vísað aftur til FJR og lagt fyrir það að taka efnislega afstöðu í málinu.

**joli@frettabladid.is**



**Boeing 737 Max 8 þota Icelandair.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Flogið á ný eftir óhapp á jóladag

**FLUGMÁL** Farþegaþota Icelandair sem verið hefur til viðgerða frá því hún varð fyrir skemmdum á jóladag var tekin aftur í notkun í gær. Eins og fram hefur komið fauk þotan til vegna hvassviðris og skall annar vængur vélarinnar á landgangi sem henni hafði verið lagt við.

Um er að ræða eina af nýjustu þotum Icelandair og var hún tekin í notkun í fyrra. Er hún af gerðinni Boeing 737 Max 8. Um leið og lagfæringar voru gerðar á vængnum mun tækifærið hafa verið notað til ýmissa endurbóta inni í vélinni sjálfri. Henni var flogið til New York síðdegis í gær eftir þetta ríflega fimm vikna hlé. **– gar**



**Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.** NORDICPHOTOS/AFP

# Rifta samningi úr kalda stríðinu

**BANDARÍKIN** Bandaríkin munu rifta svokölluðum INF-samningi við Rússa, gerðum á tíma kalda stríðsins. Samningurinn snýst um útrýmingu meðaldrægra kjarnorkuflauga. Frá og með deginum í dag verður samningurinn settur á ís í Bandaríkjunum.

Mike Pompeo utanríkisráðherra tilkynnti um ákvörðunina í gær og sagði að Bandaríkin myndu rifta samkomulaginu eftir sex mánuði ef Rússar farga ekki sívaxandi birgðum sínum af slíkum eldflaugum.

„Það þarf að draga ríki til ábyrgðar þegar þau brjóta reglurnar. Við getum ekki lengur látið þennan samning hamla okkur á meðan Rússar brjóta gegn honum,“ sagði ráðherrann.

Bandaríkin telja sig búa yfir óyggjandi sönnunargögnum fyrir því að Rússar brjóti í raun og veru gegn samningnum. Þær ásakanir eru ekki nýjar af nálinni en í stjórnartíð Baracks Obama forseta var sams konar áhyggjum lýst af stöðunni. NATO hefur með formlegum hætti tekið undir ásakanir Bandaríkjanna.

Stjórnvöld í Moskvu hafa hins vegar, samkvæmt BBC, fullyrt að eldflaugakerfi Bandaríkjanna í Rúmeníu mætti einnig flokka sem brot gegn samningnum. Þær ásakanir ganga þó mun skemmra en ásakanirnar á hendur Rússum. **– þea**

# Margir mögulega bótaskyldir vegna United Silicon

**IÐNAÐUR** „Það er ljóst að höfuðábyrgðin virðist liggja í höndum framkvæmdastjóra United Silicon. Síðan brestur margt bæði hjá opinberum aðilum og ráðgjöfum í verkefninu,“ segir Stefán Árni Auðólfsson lögmaður sem unnið hefur skýrslu fyrir fimm lífeyrissjóði sem fjárfestu í United Silicon.

„Þá kemur bara til skoðunar hvort þessir aðilar gætu hafa bakað sér bótaskyldu með atferli sínu eða jafnvel athafnaleysi,“ heldur Stefán Árni áfram.

Félagið sem rak kísilverksmiðju í Helguvík var tekið til gjaldþrotaskipta í janúar í fyrra. Stjórnir lífeyrissjóðanna fimm kærðu síðan Magnús Garðarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra United Silicon, fyrir sinn þátt en einnig lýstu sjóðirnir kröfum í þrotabú félagsins.



**Kísilveri United Silicon var lokað í september 2017.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í skýrslunni leggur Stefán Árni til að frekari gagna verði aflað til að hægt verði að leggja skýrara mat á mögulega bótaskyldu verkfræðistofa, sem fengnar voru til að leggja mat á áætlanir, og endurskoðenda félagsins. Segir að ákvarðanir um fjárfestingar hafi að hluta til verið teknar á grundvelli vinnu og gagna þessara aðila.

Þá verði ekki hjá því komist að virtum athugasemdum Ríkisendurskoðunar að skoða frekar þá þætti sem snúa að opinberum aðilum. Er þar vísað til vinnu við mat á umhverfisáhrifum, útgáfu starfsleyfa og gerð fjárfestingarsamninga um ríkisaðstoð og ívilnanir. Eðlilegt sé að lífeyrissjóðirnir kanni rétt sinn gagnvart þessum opinberu aðilum enda hafi umrædd atriði verið meðal lykilforsendna fjárfestinganna.

Geir Gestsson, skiptastjóri þrotabúsins, segir tvö skaðabótamál í gangi gegn Magnúsi Garðarssyni.

„Svo hefur verið höfðað mál á hendur endurskoðendum fyrirtækisins vegna hlutafjárhækkana en það eru líka önnur mál í gangi hjá þrotabúinu. Ég tel að það sé töluvert eftir af þessu ferli.“ **– sar**



# Nýsköpun
## – virkjum tækifærin

### Opinn fundur um nýsköpunarstefnu SI
**í Iðnó fimmtudaginn 7. febrúar kl. 16.00**

Nýsköpun er ein meginforsenda verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar landsins. Á fundinum verður farið yfir sýn og stefnu Samtaka iðnaðarins í nýsköpunarmálum og tillögur til að efla nýsköpunarumhverfið á Íslandi.

## Dagskrá



### Opnunarávarp
**Guðrún Hafsteinsdóttir**
formaður SI



### Nýsköpunarlandið Ísland
**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI



### Nýsköpunarstefna SI
**Sigríður Mogensen**
sviðsstjóri hugverkasviðs SI



### Patent Box
**María Bragadóttir**
fjármálastjóri Efni

### Pallborðsumræður



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



**Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir**
framkvæmdastjóri Marel á Íslandi



**Frosti Ólafsson**
forstjóri ORF Líftækni



### Fundarstjóri
**Jóhanna Vigdís Arnardóttir**
verkefnastjóri í menntamálum hjá SI

Boðið verður upp á léttar veitingar að fundi loknum

**Skráning á www.si.is**

25 ára 1994 2019
SI Samtök iðnaðarins



Innan við ár er síðan Heimavellir komu í Kauphöllina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Vilja Heimavelli afskráða

**VIÐSKIPTI** Þrír af stærstu hluthöfum Heimavalla sem samtals eiga 18,93 prósenta hlut í íbúðaleigufélaginu hafa farið fram á að stjórn Heimavalla boði til hluthafafundar þar sem tillaga verði sett á dagskrá um að taka félagið af hlutabréfamarkaði. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Heimavellir sendu Kauphöllinni síðdegis í gær.

Stjórn Heimavalla barst bréf frá þremur hluthöfum, Snæbóli, sem er í eigu hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, Gana, sem er í eigu Tómasar Kristjánssonar, og Klasa, sem er að mestu í eigu þeirra þriggja. Telja þau að vera hlutabréfanna í Kauphöllinni hafi ekki skilað væntum ávinningi.

Heimavellir er stærsta íbúðaleigufélag landsins með tæplega tvö þúsund íbúðir í rekstri. Það var skráð á aðallista Kauphallarinnar í maí fyrra. Vegið meðalgengi í hlutafjárútboði félagsins var þá 1,39 krónur á hlut en til samanburðar stóð gengi bréfanna í 1,19 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær. **– gar**





MINNINGARVERÐLAUN ARTHURS MORTHENS

**Auglýst er eftir tilnefningum til verðlauna fyrir grunnskólastarf í Reykjavík í samræmi við stefnu um skóla án aðgreiningar. Starfið einkennist af fjölbreytni og viðurkenningu á mismunandi þörfum nemenda, þar sem allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu og margbreytileikinn er sýnilegur og virtur.**

Arthur Morthens, sem lést árið 2016, helgaði starfsævi sína börnum sem áttu á brattann að sækja og var jafnframt talsmaður þeirra í réttindabaráttu sem oft á tíðum var erfið. Hann vann ötullega gegn einangrun barna með sérþarfir, stóð í fylkingarbrjósti í stefnumótun fyrir mannréttindum þeim til handa og barðist fyrir því að öll börn hefðu sömu tækifæri til náms í skóla án aðgreiningar.

**Skilafrestur tilnefninga er til 18. febrúar 2019. Eyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is. Allir geta sent inn tilnefningar á: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið sfs@reykjavik.is.**

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið




Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, mælir fyrir málinu á Alþingi á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sviptir lögræði en haldi þó völdum yfir lífi sínu

**Hanna Katrín Friðriksson, alþingismaður Viðreisnar, vill að lögræðislögum verði breytt í takt við breytingar í Evrópu. Einstaklingar sem séu sviptir lögræði fái þá tækifæri til að ráða eigin örlögum með fyrirframgefinni ákvörðunartöku.**

**SAMFÉLAG** „Þetta er dulbúið stórmál þótt það varði fámennan valdalítinn hóp og feli ekki í sér mikil fjárútlát,“ segir Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, sem mælir á næstu dögum fyrir frumvarpi á Alþingi um sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem sviptir eru lögræði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að farið verði að vilja þeirra sem sviptir eru lögræði hafi þeir áður lýst honum með svokallaðri fyrirframgefinni ákvarðanatöku.

Í greinargerð kemur fram að fyrirkomulagið hafi verið lögfest í mörgum Evrópuríkjum. Úrræðið sé notað í tvenns konar aðstæðum. Annars vegar til að lýsa vilja einstaklinga með geðræna sjúkdóma um hvernig haga beri ákvarðanatöku, meðferð og öðrum þáttum í lífi þeirra fari svo að þeir missi getuna til að taka eigin ákvarðanir í alvarlegu sjúkdómsferli. Hins vegar til að lýsa vilja sjúklinga með ólæknandi sjúkdóma um hversu lengi þeir vilji að heilbrigðisstarfsfólk leggi sig fram um að framlengja líf þeirra missi þeir getuna til að lýsa yfir vilja sínum.

Hanna Katrín segir að þótt málið láti ekki mikið yfir sér skipti það gríðarlegu máli fyrir viðkomandi.

„Málið snýst um sjálfan sjálfsákvörðunarrétt okkar og eðli málsins samkvæmt er fátt okkur dýrmætara heldur en völd okkar yfir eigin lífi,“ segir Hanna Katrín.

Þingmaðurinn segir þessa leið hafa reynst vel í nágrannalöndunum, ekki bara fyrir þann sem í hlut á heldur einnig fyrir aðstandendur og heilbrigðisstarfsfólk sem annast viðkomandi. Þá sýni rannsóknir að þetta fyrirkomulag dragi úr óvissu og auki traust milli notenda heilbrigðisþjónustu og fagfólks.

Leiðin ljái viðkomandi „rödd“ og dragi úr valdaójafnvægi gagnvart fagfólki. Þá dragi fyrirframgefin ákvarðanataka líka úr hættu á misskilningi og hjálpi aðstandendum að styðja við bakið á hinum veika.

Frumvarpið lagði Hanna Katrín fram í haust ásamt öðrum þingmönnum Viðreisnar auk þingmanna úr Pírötum og Miðflokki. Þegar hún hefur mælt fyrir frumvarpinu á Alþingi fer það til nánari meðferðar í velferðarnefnd.

**adalheidur@frettabladid.is**

# Ósáttur nágranni man ekki eftir árás og innbroti vegna „ruglings í höfðinu“

**DÓMSMÁL** Landsréttur þyngdi í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur og dæmdi karl á sextugsaldri í fimm mánaða fangelsi fyrir innbrot og líkamsárás á nágranna árið 2016. Héraðsdómur Vesturlands dæmdi manninn upphaflega í þriggja mánaða fangelsi.

Í september 2016 barst lögreglu tilkynning um að maður væri að reyna að brjótast inn í íbúð á annarri hæð í fjölbýlishúsi. Á vettvangi var kona, í miklu uppnámi og blóðug á höndum. Sagði hún nágranna hafa brotist inn í gegnum útidyr og ráðist á mann hennar. Börn þeirra urðu vitni að árásinni. Mikið var af blóðslettum á gólfi og veggjum.



Héraðsdómur Vesturlands er til húsa í Borgarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrir dómi sagðist maðurinn hafa verið orðinn langþreyttur á leiðindum við nágranna sinn út af einhverju, sem hefði í raun ekkert verið, og ákveðið að ræða við hjónin og ná sáttum. Hann hefði verið „í glasi“ og ekki í vondu skapi þegar hann lagði af stað upp stigann í átt að íbúð þeirra, með góðum huga. Hins vegar kvaðst hann ekki geta tjáð sig frekar um málið vegna óminnis og ruglings í höfðinu.

Konan sagði nágrannann hafa brotist inn, gengið fram hjá henni og inn í stofu, þar sem börn hennar földu sig á bak við sófa. Kvaðst hún ekki hafa þorað að kalla á eiginmann sinn, sem var úti í bílskúr, á meðan maðurinn var inni í stofu en gert það að lokum. Maðurinn sagðist fyrir dómi hafa heyrt eiginkonu sína reka upp „skaðræðisóp“ en þegar hann kom inn í íbúðina spurði hann nágrannann hvað hann væri „í andskotanum að gera þarna“.

Lýsti konan því fyrir dómi hvernig nágranninn sneri sér við og mennirnir tveir hefðu dottið. Þá sagðist hún hafa séð nágrannann slá mann sinn þrisvar í andlit og höfuð og hafa á endanum hringt á lögregluna. **– bsp**

# Fermingarsýning Garðheima

## 2. og 3. febrúar




**30% AFSLÁTTUR** GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS DAGANA 2. OG 3. FEBRÚAR
20% AFSLÁTTUR AÐRA DAGA FRAM AÐ FERMINGU.

## LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 TIL 17

» **Veisluskreytingar** að hætti blómaskreyta og stílista Garðheima
» Pantanir á **áletrunum** fyrir servíettur, kerti, sálmabækur ofl
» Tískusýning á glæsilegum fermingarfatnaði frá **Cosmo** kl 14:00
» Fermingarfatnaður fyrir drengi frá **Suit Up**
» **Heida HB** ljósmyndari kynnir fermingarmyndatökur
» **Samskipti** kynnir fermingarboðskort ofl
» Glæsilegar fermingartertur frá **Sætum Syndum**
» Snyrtistofan **Heilsa og Útlit** kynnir þjónustu sína
» **Dóttir** kynnir nýja skartgripalínu
» **Nítró** sýnir flottar vespur og motorcross hjól
» **Photobooth.is** sýnir myndavalmöguleika fyrir fermingarveisluna
» **Lukkupottur** fyrir fermingarbarnið með glæsilegum vinningum

### FORELDRAGLAÐNINGUR!

Skilið inn afrifu af fermingarbréfinu í lukkupott foreldra og eigið möguleika á að vinna foreldra-dekur:

» Gisting fyrir tvo á Grand Hótel Reykjavík með morgunverði
» Gjafabréf frá Cosmo
» Úttekt í Garðheimum að upphæð 25.000

SUIT UP · Heilsa og útlit.is · SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk · NITRO
COSMO · Heida HB · Grand HÓTEL REYKJAVÍK · Sætar Syndir · dóttir · Photobooth.is

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Ástand heimsins



1 Matteo Salvini, innanríkisráðherra Ítalíu, fékk sér smók er hann heimsótti verkamenn sem nú leggja teina fyrir háhraðalest á milli Ítalíu og Frakklands.

2 Kórdrengir freista þess að sjá Felix Tshisekedi, nýjan forseta Austur-Kongó, er forsetinn mætti í kirkju til þess að minnast föður síns.

3 Jemenskur maður leitar í húsarústum sem eyðilögðust í loftárás hernaðarbandalags Sádi-Araba.

MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

4 Palestínskir mótmælendur hlaupa undan táragassprengjum sem ísraelski herinn skaut er Palestínumennirnir mótmæltu landtökubyggðum á Vesturbakkanum.

5 Búlgari leitar að nafni ástvinar á minnisvarða um fórnarlömb ógnarstjórnar kommúnista. Búlgarar minntust illverka stjórnarinnar í gær.












OUTLANDER PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV er rafdrifinn & svo miklu meira. Tvær öflugar rafvélar og S-AWC-aldrifið skila auknu afli og afköstum sem gera allar aðstæður leikandi léttar. Háþróaðar tæknilausnir færa þér umhverfisvænan akstur með lágmarkseyðslu allt niður í 2.0 l/100 km*
Kynntu þér vinsælasta bílinn á Íslandi.

Verð frá **4.690.000** kr.

*Skv. WLTP viðurkenndri mælingu.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

# Hljóðritasjóður
Umsóknarfrestur til **15. mars**



**Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð.**

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla hljóðritun á íslenskri tónlist. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist og þannig er stutt við nýsköpun hennar.

Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum en mega einnig vera samstarfsverkefni við erlenda aðila.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári í mars og september.

**Næsti umsóknarfrestur er til 15. mars kl. 16.00.**

**Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.**

Stjórn Hljóðritasjóðs
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Netfang: hljodritasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Ekkert eftirlit verður með Katalóníumálinu

**Hæstiréttur Spánar hafnar beiðni Amnesty International, Evrópuþingmanna og fleiri um að fylgjast með réttarhöldum yfir katalónskum sjálfstæðissinnum. Fangelsisdóms krafist yfir tólf Katalónum. Réttarhöldin sögð pólitísks eðlis.**

**SPÁNN** Hæstiréttur Spánar hefur hafnað beiðni ákærðra leiðtoga katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar og nokkurra alþjóðlegra samtaka um að fá að senda alþjóðlega eftirlitsmenn til að fylgjast með komandi réttarhöldum. Samtök á borð við Amnesty International höfðu farið fram á slíkt auk nokkurra þingmanna á Evrópuþinginu. Ákærðu hafa ítrekað lýst áhyggjum sínum af því að réttarhöldin yrðu ósanngjörn og pólitísks eðlis.

International Trial Watch, regnhlífarsamtök sex mannréttindabaráttusamtaka innan og utan Spánar er stofnuð voru til að fylgjast með réttarhöldunum, brugðust illa við tíðindunum. „Það er gjörsamlega óskiljanlegt að hæstiréttur taki ekki frá sæti fyrir alþjóðlega eftirlitsmenn virtra samtaka á borð við American Bar Association, Fair Trials og FIDH. Við munum vinna að því að þetta fólk fái aðgang að dómsal,“ sagði í tísti.

Ástæðan sem hæstiréttur gaf fyrir ákvörðuninni var sú að réttarhöldunum verður sjónvarpað og streymt. „Allir borgarar sem vilja fylgjast með geta gert það,“ sagði í yfirlýsingu.

Þá ákvað hæstiréttur aukinheldur að hafna beiðni ákærðu um að Filippus konungur og Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti Katalóníu sem er á flótta undan ákæru, yrðu skikkaðir til að bera vitni í málinu. Hins vegar var greint frá því að Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar haustið 2017, allnokkrir spænskir og katalónskir stjórnmálamenn og forseti Baskalands myndu bera vitni.

Fastlega var búist við því að réttarhöldin myndu hefjast á þriðjudaginn. Ekkert varð af tilkynningu þess efnis í gær. Nú er því búist við að þau hefjist 12. febrúar en um það hefur ekki verið tilkynnt. Samkvæmt El Nacional hefur tekið lengri tíma en venjulega fyrir dómara að undirbúa sig enda ógrynni af gögnum sem þarf að fara yfir.

Fangelsisdóms er krafist yfir tólf Katalónum; tveimur aðgerðasinnum og níu fyrrverandi ráðherrum auk forseta þingsins. Meginþorri þeirra hefur verið í varðhaldi um nokkurt skeið, þar af tveir í fimmtán mánuði. Sótt verður að þeim úr þremur áttum. Ríkissaksóknari Spánar, saksóknari dómsmálaráðuneytisins og lögmenn öfgaíhaldsflokksins Vox sækja málið.




„Sjálfsákvörðunarrétturinn er réttur, ekki glæpur,“ sagði á borða sem mótmælendur í héraðshöfuðborginni Barcelona báru í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Áhyggjur í Bretlandi

Hywel Williams, þingmaður Plaid Cymru á breska þinginu, lagði í vikunni fram þingsályktunartillögu um málið. Í texta tillögunnar sagði Williams að það væri löngu liðin tíð í öðrum evrópskum lýðræðisríkjum að ákæra fólk fyrir uppreisn og uppreisnaráróður. Þá lýsti hann yfir áhyggjum af stöðu Carme Forcadell, fyrrverandi þingforseta. Sagði hana ákærða fyrir að leyfa umræður um sjálfstæði og benti á að meirihluti þingsins hefði viljað slíkar umræður.



**Hywel Williams, þingmaður velska flokksins Plaid Cymru á Bretlandsþingi.**

Williams fer fram á að breska þingið lýsi áhyggjum af til dæmis því að dómararnir sem fara með málið hafi verið skipaðir af stjórnmálamönnum, jafnvel stjórnmálamönnum sem hafa áður lýst sig andvíga sjálfsstjórn Katalóníu. „Þingið ætti að kalla eftir því að ríkisstjórn Bretlands fordæmi málsmeðferðina, sem sýnir spænskt lýðræði í afar neikvæðu ljósi.“

Fimm meðflutningsmenn eru að tillögunni og til viðbótar hafa tólf lýst yfir stuðningi við hana. Stuðningurinn kemur úr þremur stærstu flokkum breska þingsins, Skoska þjóðarflokknum, Verkamannaflokknum og Íhaldsflokknum.

Í viðtali við Catalan News sagði Williams að það kæmi á óvart að Pedro Sánchez forsætisráðherra hefði ekki talað á skýrari hátt fyrir mannréttindum og lýðræði. „Ég tel að þetta mál sé pólitísks eðlis, ekki lagalegs.“

Saksóknarar hins opinbera krefjast allt að 25 ára fangelsis fyrir hvern og einn en Vox gerir sterkari kröfu, allt að 74 ára fangelsi. Búist er við því að réttarhöldin sem eru fram undan muni taka nokkra mánuði. Á meðal þess sem Katalónarnir eru ákærðir fyrir er uppreisn, uppreisnaráróður og slæm meðferð almannafjár en Vox gengur lengra og sakar stóran hluta ákærðu um skipulagða glæpastarfsemi. **thorgnyr@frettabladid.is**




# IÐNFYRIRTÆKI TIL SÖLU

Rótgróið iðn- og þjónustufyrirtæki með 35 ára sögu er nú til sölu.

Um er að ræða skerpingarverkstæði og rekstur verslunar í Kópavogi. Fyrirtækið vinnur fyrir álver og stærstu trésmíðaverkstæði landsins og hefur leiðandi stöðu á sínu sviði. Góð vaxtartækifæri.

Rekstur fyrirtækisins er nú til sölu ásamt stórum vélasal. Ársvelta um 45 milljónir króna og hjá fyrirtækinu starfa tveir starfsmenn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 840-3425.



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT



## VERTU VELKOMINN HEIM SIGGI FANNAR

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

**Það er okkur sönn ánægja að kynna til leiks nýjan liðsmann hjá TEAM LANDMARK en Siggi Fannar, löggiltur fasteignasali og félagsmaður í félagi fasteignasala hefur snúið aftur til starfa á LANDMARK fasteignamiðlun.**



**Siggi Fannar** býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á fasteignamarkaðnum og hefur starfað við sölu fasteigna frá árinu 2001. Hann er giftur, tveggja barna faðir og búsettur í Garðabæ en hans helstu áhugamál eru golf, golf, golf og meira golf, fótbolti og tónlist.

**Siggi Fannar er alltaf á vaktinni og ekki hika við að hringja í hann í síma 897-5930 eða senda honum línu á siggifannar@landmark.is.**

LANDMARK fasteignamiðlun | Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | landmark.is




KIA
The Power to Surprise

## Sparneytinn sportjeppi sem eyðir frá 5,7 l/100 km

**Kia Sportage** er snjall og glæsilegur sportjeppi með góða veghæð og búinn hátæknivæddu fjórhjóladrifskerfi sem hentar einstaklega vel við krefjandi aðstæður. Á sýningunni bjóðum við **Kia Sportage** með veglegum vetrarpakka og kynnum **Kia Sorento Arctic Edition** sem er sérbreyttur fyrir íslenskar aðstæður. Sérfræðingar Fjallakofans verða á sýningunni og kynna allar helstu nýjungar í vetrarsportinu. Ljúffengar flatkökur, heitt kakó og kaffi á könnunni.

**Komdu í heimsókn í ný húsakynni Kia á Krókhálsi á laugardaginn. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Sportage X, 2WD, 6 gíra, beinsk. verð frá:

**4.590.777 kr.**

Fæst einnig fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur.

**400.000 kr. vetrarpakki innifalinn**

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

# Vetrar

4X4

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF
FJÓRHJÓLADRIFNUM BÍLUM

**SUBARU XV**
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
**4.790.000 kr.**
4X4
FJÓRHJÓLA DRIFINN

FRUMSÝNING!
**RENAULT KADJAR**
VERÐ FRÁ: **4.690.000 kr.**

**RENAULT KOLEOS**
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
**5.650.000 kr.**
4X4
FJÓRHJÓLA DRIFINN




**DACIA DUSTER II**
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
**3.340.000 kr.**
4X4
FJÓRHJÓLA DRIFINN

ENNEMM / SÍA / NM92012

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516



# sýning

**Komdu, skoðaðu og reynsluaktu glæsilegum bílum á vetrarsýningunni okkar í dag. Salurinn er fullur af nýjum fjórhjóladrifnum bílum og nýjustu rafbílunum. Léttar veitingar í boði og sölumennirnir bíða þín með fjölda freistandi tilboða.**




Búnaður bílanna á myndunum getur verið frábrugðinn þeim sem er innifalinn í auglýstu verði. Athugið að kjörin gilda eingöngu um bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni. Í sumum tilfellum er einungis um einn bíl að ræða.

Léttar veitingar í dag frá 12–16

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Tákn Reykjavíkur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Sólfarið eftir Jón Gunnar Árnason stendur við Sæbraut í Reykjavík. Verkið er í eigu Reykjavíkurborgar og hefur á seinni árum orðið eitt af táknum borgarinnar. Ferðamenn flykkjast að Sæbrautinni til að líta verkið augum. Enginn getur haldið því fram að kaup borgarinnar á verkinu hafi ekki margborgað sig.

Nú hafa verið kynntar hugmyndir um listaverk eftir Karin Sanders. Pálmar í Vogabyggð. Stjórnmálamenn í borginni og aðrir hafa hlaupið upp til handa og fóta. Pálmar! Og það í Reykjavík.

En þessi rök halda engu vatni þegar list er annars vegar. Allt er fáránlegt í þessu samhengi. Hvað með niðursuðudósirnar hans Andy Warhol, eða Sólfarið sem áður var nefnt? Nú er það alveg ljóst að það far er ekki haffært. Er það þá með öllu ómögulegt? Auðvitað ekki. Flest listaverk eru fáránleg ef þau eru slitin úr samhengi. Um það snýst listin öðrum þræði.

Því miður er það svo að pólitíkin í borginni virðist snúast í miklum mæli um upphlaup af litlu tilefni. Allt skal gert tortryggilegt. Stundum á það auðvitað rétt á sér, en oftast er betra að staldra við og draga djúpt andann. Yfirleitt er farsælla að kynna sér gögn og staðreyndir áður en hlaupið er af stað.

Pálmarnir svokölluðu eru fjármagnaðir annars vegar úr vasa lóðarhafa og hins vegar með svokölluðu innviðagjaldi. Fjármögnun listaverka kemur því bara alls ekki niður á grunnþjónustu borgarinnar svo vísað sé í vinsæla tuggu meðal stjórnmálamanna af popúlíska skólanum. Listamenn eru heldur ekki í sjálfboðavinnu. Verk þeirra hafa verðmiða, rétt eins og áþreifanlegri afurðir iðnaðarfólks.

> Fjármögnun listaverka kemur því bara alls ekki niður á grunnþjónustu borgarinnar svo vísað sé í vinsæla tuggu meðal stjórnmálamanna af popúlíska skólanum.

Eins og flestar vestrænar borgir sem við viljum bera okkur saman við hefur Reykjavík tiltekin markmið þegar kemur að fjárfestingu í list. Pálmarnir eru hluti af því og ekki er annað að sjá en þeir hafi einfaldlega farið sína leið í kerfinu. Stjórnmálamenn geta alveg verið þeirrar skoðunar að þessar reglur séu argasta vitleysa eða að innviðagjaldakerfið sé óréttlætanlegt. Það er hins vegar önnur efnisleg umræða og hefur ekkert með ágæti Pálmanna að gera.

Erlendir stórfjölmiðlar hafa reglulega sýnt íslenskri list áhuga. Fólk eins og Ragnar Kjartansson eða Ragna Róbertsdóttir er þyngdar sinnar virði í gulli. Fyrir utan það að vera skemmtileg. Heilsíðuauglýsing í New York Times kostar til samanburðar á annan tug milljóna króna. Áhugaverð listaverk vekja athygli langt út fyrir landsteinana og geta margborgað sig þegar upp er staðið. Rétt eins og Sólfarið hefur gert og verk Karin Sanders mun gera.

Það er rétt að stráin í Nauthólsvík voru argasta sóun á almannafé. Pálmarnir í Vogabyggð eru allt annars eðlis, og þeir stjórnmálamenn sem ekki sjá muninn ættu að leggja það á sig að kynna sér málin betur.




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Lauslátasta nunnan í klaustrinu

Yfir flötum bjór á hverfispöbbnum mínum hér í London bað breskur vinur minn mig um að segja sér frá stjórnmálaástandinu á Íslandi. Ég fórnaði höndum: „Ísland er spilltasta ríki Norðurlanda!“ Vinur minn hló kaldranalega og sagði: „Að vera spilltasta ríki á Norðurlöndum er eins og að vera lauslátasta nunnan í klaustrinu.“

Sama dag og fréttir bárust af því að Ísland hefði lækkað í einkunn á lista samtakanna Transparency International sem mæla spillingu í opinbera geiranum birtist í Fréttablaðinu grein eftir Kára Stefánsson. Í greininni fjallaði Kári um dularfullt hvarf tölvupósta innan borgarinnar sem tengjast braggamálinu. „Það var engin tilviljun sem réði því hvaða tölvupóstum var eytt,“ sagði Kári.

Eyðing gagna er ekki ný af nálinni. Nefndi Kári dæmi um Oliver North sem eyddi skjölum um Iran-Contra skandalinn í tíð Ronalds Reagan. En þeir eru fleiri þrjótar sögunnar sem borgin skipar sér nú hugsanlega á bekk með.

1. Keisarinn: Qin Shi Huang var fyrsti keisari Kína. Á 3. öld fyrir Krist sameinaði hann kínversku ríkin í eitt, lagði grunn að Kínamúrnum og samræmdi ritmál í landinu. Qin Shi Huang er sagður hafa brennt sögubækur sem ekki féllu að heimsmynd hans um hið nýja, sameinaða Kína. Hann lét þó ekki þar við sitja í gagnaeyðslu sinni. Sagan segir að hann hafi látið grafa 460 fræðimenn lifandi.

2. Adolf og Adolf: Árið 1935 bjó Þjóðverjinn Adolf Ehinger til fyrsta pappírstætarann. Handknúin pastagerðarvél var innblásturinn að uppfinningunni. Að sögn var ástæða hennar hins vegar sú að Adolf Ehinger vantaði sjálfan vél til að eyða áróðri gegn Nasistaflokknum sem hefði getað bakað honum vandræði hjá nafna hans Hitler.

3. Nixon: Fjórum áratugum síðar lék pappírstætarinn hlutverk í Watergate-hneykslinu. Daginn eftir dularfullt innbrot í höfuðstöðvar Demókrataflokksins í Washington tætti einn skósveinn Nixons forseta, G. Gordon Liddy, skjöl „hægri vinstri“ (eins og hann orðaði það sjálfur) í þeim tilgangi að breiða yfir tengsl forsetans við glæpinn.

4. Stasi: Árið 1989, þegar Berlínarmúrinn féll, tóku félagar austurþýsku öryggislögreglunnar, Stasi, að eyða skjölum um víðtækt eftirlit stofnunarinnar með þegnum ríkisins. Í fyrstu voru gögnin sett í pappírstætara en þegar þeir gáfu upp öndina voru skjöl rifin í höndunum.

Nú, þrjátíu árum síðar, sitja skjalaverðir enn og raða saman stærsta púsli í heimi: 16.000 pokum af tættum gögnum; fjögur til sex hundruð milljón pappírsbútum sem margir eru á stærð við fingurnögl.

5. Cheney: Kvikmyndin Vice sem fjallar um Dick Cheney, varaforseta George W. Bush, nýtur nú vinsælda í kvikmyndahúsum. Í myndinni kemur fram að í kjölfar innrásarinnar í Írak hafi hlutabréf í Halliburton, fyrirtæki sem Cheney stýrði áður en hann varð varaforseti, hækkað um 500%. Hvíta húsið kvaðst hafa týnt 22 milljónum tölvupósta í tíð Bush og Cheney, þar á meðal mörgum milljónum pósta sem sendir voru kringum Íraksstríðið.

6. Murdoch: Árið 2011 komst upp að blaðamenn vikublaðsins News of the World sem var í eigu fjölmiðlasamsteypu Ruperts Murdoch hefðu brotist inn í síma fræga fólksins og hlustað á upptökur af talskilaboðum þess. James Murdoch, sonur Ruperts og framkvæmdastjóri samsteypunnar, sagðist ekkert hafa vitað. Tölvupóstar sem talið var að gætu sýnt fram á vitneskju James um málið „týndust“ við „kerfisuppfærslu“ á tölvupóstkerfi fyrirtækisins. Fyrir kaldhæðni örlaganna fannst hins vegar útprent af tölvupóstunum við leit lögreglu á skrifstofum blaðsins.

„Þessir póstar sitja að öllum líkindum enn á harða drifinu á tölvunni þinni,“ sagði Kári í grein sinni og hvatti borgarstjóra til að leggja öll spilin á borðið. Hyggjast borgarbúar taka undir þá ósk? Eða finnst okkur einfaldlega nógu gott að vera lauslátasta nunnan í klaustrinu?

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# ÚTSÖLULOK!

## 25-50% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru

*20% afsláttur af sérpöntunum á meðan á útsölu stendur*




# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.**

## Milkilvægur sigur Hauka gegn toppliðinu



Haukar unnu mikilvægan sigur í baráttu sinni um sæti í úrslitakeppni Domino's-deildar karla í körfubolta þegar liðið skellti toppliðinu í Schenkerhöllinni að Ásvöllum í gær. Fram undan er æsileg barátta Hauka við Þór Þorlákshöfn, ÍR og Grindavík um sæti í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þakklátur fyrir stuðninginn

**Eftir leik Tindastóls og KR í fyrradag greindi Kristófer Acox frá því að hann hefði orðið fyrir kynþáttafordómum í fyrsta sinn á ferlinum. Honum var brugðið en þótti mikilvægt að koma þessu frá sér eftir leik.**

**KÖRFUBOLTI** „Maður heyrir margt inni á vellinum sem maður spáir ekkert í og er bara hluti af leiknum. En það er leiðinlegt að heyra svona fordóma. Þá er þetta ekki lengur körfubolti og maður tekur það miklu meira inn á sig. Mér var brugðið," sagði Kristófer Acox um atvik sem átti sér stað í leik Tindastóls og KR í fyrradag. Landsliðsmaðurinn varð þá fyrir kynþáttafordómum í fyrsta sinn á körfuboltaferlinum.

„Ég hef verið heppinn að þurfa aldrei að takast á við neitt þessu líkt. Það var virkilega leiðinlegt að heyra þetta," bætti Kristófer við.

Atvikið átti sér stað í seinni hálfleik þegar KR-ingar voru að vinna forskot Stólanna upp. Einn stuðningsmanna Tindastóls hrópaði ókvæðisorð að Kristófer. Tindastóll var 15 stigum yfir í hálfleik, 51-36, en KR jafnaði í 77-77 með þriggja stiga körfu Julians Boyd þremur sekúndum fyrir leikslok. KR vann svo framlenginguna 11-14 og leikinn 88-91. Þetta var fyrsta tap Stólanna á heimavelli í vetur.

„Þetta var enn þá hörkuleikur og ég gat ekki slökkt á mér. Ég varð að halda haus og takast á við þetta eftir leikinn. Ingi Þór [Steinþórsson, þjálfari KR] fór og kvartaði beint eftir leik. Formaður Tindastóls kom svo til mín og baðst afsökunar fyrir hönd félagsins. Honum fannst þetta mjög leiðinlegt," sagði Kristófer.

Eftir leikinn sendi Tindastóll frá sér yfirlýsingu þar sem framkoma stuðningsmannsins er fordæmd og Kristófer beðinn afsökunar á henni. Hann hrósar Tindastóli fyrir hvernig félagið hefur tekið á málinu.

„Ég fékk fullt af skilaboðum frá leikmönnum Tindastóls og Israel [Martin, þjálfara liðsins]. Mér finnst flott hvernig þeir brugðust við. Ég ætla ekki að alhæfa um heilt samfélag út af einum manni," sagði Kristófer sem hefur fengið mikinn stuðning, meðal annars á samfélagsmiðlum, sem hann er þakklátur fyrir.

„Það er frábært. Ég er þakklátur fyrir allan stuðninginn sem ég hef fengið," sagði Kristófer.

*En hvað vill hann að verði gert í málinu?*

„Ég get ekki farið fram á neitt. Eina sem ég vildi gera var að koma þessu frá mér og segja frá þessu. Þetta á hvergi að líðast. Hvað verður gert er ekki í mínum höndum,"



**Kristófer fékk mörg skilaboð frá leikmönnum og þjálfara Tindastóls eftir leikinn í fyrradag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Ofbeldi sem við líðum ekki

„Mig rekur ekki minni til þess að svona háttsemi hafi gerst áður á körfuboltaleik hér á landi. Auðvitað get ég ekki fullyrt það að þetta hafi ekki gerst, en ég hef allavega ekki fengið svona mál inn á mitt borð í minni formannstíð. Ég varð fyrst og fremst mjög hissa og um leið sorgmæddur þegar ég heyrði af þessu. Ég hélt að svona lagað væri horfið úr okkar samfélagi og það hryggir mig að svo sé ekki," segir Hannes Jónsson, formaður KKÍ, um kynþáttafordómana sem Kristófer Acox varð fyrir í fyrradag.

„Við hjá körfuboltasambandinu lítum þetta að sjálfsögðu mjög alvarlegum augum. Við erum ánægðir með það hve föstum tökum körfuknattleiksdeild Tindastóls tók þetta mál og hversu fumlaus og eindregin viðbrögð þeirra voru. Formaður deildarinnar bað Kristófer persónulega afsökunar beint eftir leik og yfirlýsing þeirra sýndi skýrt merki þess að þessi háttsemi yrði ekki liðin," segir hann enn fremur.

„Það eru til staðar skýrir verkferlar hjá sambandinu þegar svona gerist og við höfum heimild til þess að refsa félögum fyrir kynþáttafordóma hjá þeim sem koma að leiknum. Vegna þess hversu snör viðbrögð Tindastóls voru og þeirra aðgerða sem þeir hafa gripið til og hyggjast grípa til; það er að freista þess að finna aðilann sem lét þessi sorglegu ummæli út úr sér þá finnst mér mjög ólíklegt að félaginu verði refsað. Það er einlæg von mín að sá sem viðhafði þessa háttsemi stígi fram og biðjist afsökunar á ummælum sínum."

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Haukar - Njarðvík 85-72**

**Stigahæstir:** Haukar: Russell Woods Jr. 29, Hilmar Smári Henningsson 20, Ori Garmizo 17, Daði Lár Jónsson 9. Njarðvík: Elvar Már Friðriksson 24, Jeb Ivey 15, Maciek Baginski 12, Logi Gunnarsson 8.

**Skallagr. - Breiðablik 91-90**

**Stigahæstir:** Skallagrímur: Domogoj Samac 26, Bjarni Guðmann Jónsson 22, Matej Buovac 19, Gabríel Sindri Möller 10. Breiðablik: Erlendur Ágúst Stefánsson 27, Snorri Vignisson 19, Árni E. Hrafnsson 17..

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Njarðvík | 26 | Grindavík | 14 |
| Tindastóll | 24 | ÍR | 14 |
| Stjarnan | 24 | Haukar | 14 |
| KR | 22 | Valur | 10 |
| Keflavík | 20 | Skallagrímur | 6 |
| Þór Þ. | 16 | Breiðablik | 2 |

## Katar meistari í fyrsta skipti

**FÓTBOLTI** Katar varð í gær Asíumeistari í knattspyrnu karla í fyrsta sinn í sögunni eftir 3-1 sigur gegn Japan í úrslitaleik mótsins sem fram fór í Abú Dabí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Katar varð þarna níunda landið sem vinnur Asíukeppnina, en Japan sem var andstæðingur Katars í úrslitaleiknum í gær, er sigursælast með fjóra titla.

Almoez Ali kom Katar yfir á 12. mínútu með sínu níunda marki í Asíukeppni, en hann á metið yfir flest mörk skoruð í einni Asíukeppni. Abdulaziz Hatem tvöfaldaði forskot Katara á 27. mínútu og staðan var 2-0 í hálfleik. Takumi Minamino minnkaði muninn á 69. mínútu og hleypti spennu í leikinn.

Katar átti hins vegar síðasta orðið þegar Akram Afif skoraði úr vítaspyrnu sjö mínútum fyrir leikslok. Katar verður á heimavelli þegar heimsmeistaramótið verður haldið árið 2022. – iþs

## Frumraun Geirs með Akureyri

**HANDBOLTI** Keppni í Olís-deild karla hefst aftur um helgina eftir rúmlega mánaðarhlé vegna heimsmeistaramótsins í handbolta.

Geir Sveinsson stýrir Akureyri í fyrsta sinn þegar liðið tekur á móti Haukum klukkan 16.00 í dag. Geir tók við Akureyringum af Sverre Jakobssyni um áramótin.

Akureyri fékk fimm stig í síðustu fjórum leikjum sínum fyrir áramót og er í 10. sæti deildarinnar. Haukar eru aftur á móti í 2. sætinu, einu stigi á eftir toppliði Vals sem mætir Stjörnunni klukkan 20.00 í kvöld. Valsmenn unnu fjóra síðustu leikina fyrir áramót og hafa ekki tapað síðan 20. október. Stjörnumenn eru í 7. sætinu.

Klukkan 18.00 á morgun eigast KA og Fram við fyrir norðan. KA-menn eru með tíu stig í 9. sætinu, einu stigi frá sæti í úrslitakeppninni. Frammarar töpuðu sjö af síðustu átta leikjum sínum á árinu 2018 og eru í fallsæti.



Loks tekur botnlið Gróttu á móti FH klukkan 19.30 annað kvöld. Seltirningar hafa tapað sex leikjum í röð og eru í erfiðri stöðu. FH er með 18 stig í fjórða sætinu. – iþs



# Bifreiðagjöldin eru komin í pósthólfið þitt á island.is

Greiðsluseðlar fyrir bifreiðagjöld einstaklinga birtast nú eingöngu á rafrænu formi. Þú nálgast þá í pósthólfinu þínu á island.is og um leið er krafa stofnuð í netbanka. Með þessu má spara um 65 milljónir króna og fimm tonn af pappír á hverju ári.

Gjalddagi bifreiðagjalda er 1. janúar og eindagi er 15. febrúar.

**Vilt þú útprentaðan seðil?**
Hafðu samband við þjónustuver Tollstjóra í **560 0350** eða á **fyrirspurn@tollur.is.**

Stafrænt Ísland | island.is | fjs | RSK

**Stefnum saman á stafrænt Ísland**



83% afsláttur

## BROSTE ART SPEGILL
(ath bara þessi eina gerð)

**1.000 kr** ~~5.990 kr~~

# ÖLL SMÁVARA*
# 20-60%
AFSLÁTTUR

* gildir ekki af littalavörum



35% AFSLÁTTUR

## JOHN
Hægindastóll.
Slitsterkt áklæði, ljós- eða dökkgrár.

**19.494 kr.** ~~29.990 kr.~~



## NORDAL BAMBOO
ferðamál úr bambus, nokkrar gerðir. Tekur: 0,33l cl

**1.272 kr stk** ~~1.590 kr stk~~



## „MOSCOW MULE“
Könnur, tveir litir, þrjár gerðir

Verðdæmi:

Martini glas – svart eða kopar

**1.592 kr stk** ~~1.990 kr stk~~

Hömruð kanna – svört eða kopar

**1.352 kr stk** ~~1.690 kr stk~~



60% AFSLÁTTUR

## PASCALL
Slitsterkt áklæði, 5 litir; rauður, grár, ljósblár, bleikur og mintugrænn.

**19.996 kr.** ~~49.990 kr.~~

**Vinsælu útsöluborðin „ALLT Á 1.000, 2.000 & 3.000 KRÓNUR“ á sínum stað**



## MAX
2ja og 3ja sæta sófar. Rocco grátt slitsterkt áklæði.

2ja s.: 160 x 85 x 87 cm

**55.992 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja s.: 220 x 85 x 87 cm

**63.992 kr.** ~~79.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR



## MAX
Hornsófi. Rocco grátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri. Stærð: 286 × 200 × 87 cm

**119.992kr.** ~~149.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR

## FRIDAY
Tungusófi með hnakkapúða. Tunga getur verið beggja vegna. Ljósgrátt áklæði. Stærð: 236 × 175 × 88 cm

**142.493 kr.** ~~189.990 kr.~~



furninova

40% AFSLÁTTUR

## MATI
Opinn hornsófi.
Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 284 x 213 x 80 cm

**239.994 kr.** ~~399.990 kr.~~



## HAVANA
Hægindastólar með snúningi. Slitsterkt áklæði. Litir: Petrol-blár, appelsínugulur, ólívugrænn, ljós- og dökkgrár. Einnig fáanlegur í svörtu og gráu leðri

Áklæði

**59.992 kr.** ~~74.990 kr.~~

Leður

**87.992 kr.** ~~109.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

# RISA ÚTSALA SÍÐUSTU DAGAR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN



Allt að 60% afsláttur

20% AFSLÁTTUR

**CAZAR**
Skemmtilegur hægindastóll. Svart eða koníaksbrúnt PU-leður eða ljósgrátt áklæði.

19.992 kr. ~~24.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

**BATILDA**
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og viðarfætur

11.992 kr. ~~14.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

**LISA**
Borðstofustóll,
blátt eða grátt sléttflauel.

18.743 kr. ~~24.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

**BATILDA**
Hægindastóll í í retró-útliti.
Dusty Rose eða koparlitt slétt-flauel og svartir fætur

29.993 kr. ~~39.990 kr.~~




**ERIS**
Borðstofustóll.
Svört eða hvít skel,
sessa og fætur í
sama lit.

30% AFSLÁTTUR

6.993 kr. ~~9.990 kr.~~





20% AFSLÁTTUR

**AUBURN**
Hægindastólar með snúningi.
Dökkblátt og Dusty Rose
sléttflauel

71.992 kr. ~~89.990 kr.~~

GLÆNÝR ÚTSÖLUBÆKLINGUR
HALLARINNAR KOMINN Á NETIÐ.
www.husgagnahollin.is

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA
HÖLLIN

**Eftirlýstir Íslendingar fyrri alda**
„Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld“ er forvitnileg sýning sem opnuð var í vikunni á Háskólatorgi við Háskóla Íslands. Þar sameinast nemendur Myndlistarskólans í Reykjavík og Daníel G. Daníelsson sagnfræðinemi í því að koma andliti á nokkra eftirlýsta Íslendinga eftir greinargóðum mannlýsingum úr Alþingisbókum Íslands frá sautjándu og átjándu öld.



**Perlan**
Skítt með að það séu engin pálmatré á Íslandi. Við eigum glitrandi paradís í Perlunni og þar er hægt að upplifa norðurljós. Í gær var opnuð norðurljósasýningin Áróra, sýnd í stjörnuveri í einum tanki Perlunnar. Mögnuð upplifun.

**The Favourite**
Olivia Colman, Emma Stone og Rachel Weisz, þrjár magnaðar leikkonur, fara með hlutverk í The Favourite undir leikstjórn Yorgos Lanthimos. Þær eru allar tilnefndar til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn. Myndin gerist á 18. öld á tímum Önnu drottningar og fjallar um baráttu tveggja hirðmeyja um hylli drottningarinnar.





**Meistari eða ekki?**
Meistaramánuður er hafinn. Hvað sem fólki finnst um klisjur á borð við: Vertu besta útgáfan af þér, þá er alltaf gott að stíga út fyrir kassann, prófa kjarkinn og reyna eitthvað nýtt.

# Gott fyrir heilann að spila bridge

**Talið er að um tuttugu þúsund Íslendingar spili bridge á Íslandi. Um 1.500 taka þátt í mótum reglulega en bridge er ólympíuíþrótt. Nú stendur yfir Reykjavík Bridge Festival. Blaðamaður leit við á spilakvöldi í vikunni þar sem reyndir spilarar æfðu brögðin.**



Bridge er þjóðarsportið, um 20 þúsund manns spila bridge og 1.500 manns keppa reglulega á mótum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það eru fáir á ferli á miðvikudagskvöldi í Múlunum í Reykjavík. Þó er greinilega eitthvað um að vera í Síðumúla, við enda götunnar er mikill fjöldi bifreiða. Þar er Bridgesamband Íslands og Bridgeskólinn til húsa. Á annarri hæð hússins eru öll ljós kveikt. Og þegar inn er komið blasir við mikill fjöldi fólks sem situr og spilar bridge. Í anddyri spilasalarins eru minningar um glæsta tíma. Þar eru innrammaðar sex forsíður DV og á öllum er magnaður árangur íslenskra bridgespilara aðalefnið. Bridge er nefnilega sú íþrótt sem við Íslendingar höfum náð hvað lengst í á heimsvísu.

Við urðum heimsmeistarar árið 1991. „Bridge er eina hópíþróttin sem við höfum orðið heimsmeistarar í,“ segir Jafet Ólafsson, forseti Bridgesambandsins. Þetta kvöld sem blaðamaður tekur hús á bridgespilurum er stór hátíð fram undan. Reykjavík Bridge Festival sem var sett á fimmtudag í Hörpu. Stærsta bridgemót sem haldið hefur verið á Íslandi. Keppendur eru um 430 talsins, tæpur helmingur eru erlendir keppendur og allir bestu bridgespilarar Íslands taka þátt í mótinu að sögn Jafets.

„Hingað eru að koma mjög þekktir og góðir bridgespilarar, til dæmis Zia Mahmood, Dennis Bilde og Sabina Auken,“ segir Jafet. Mótið stendur til sunnudags kl. 18.00 en þá fer fram verðlaunaafhending.

Árangur Íslendinga hefur verið með ágætum síðustu ár. Við náðum fjórða sæti á Evrópumótinu árið 2010. Urðum Norðurlandameistarar í maí 2013 og aftur 2015. Jafet segir að talið sé að um 20.000 manns spili bridge á Íslandi en að um 1.500 taki þátt í mótum.

**BRIDGESAMBANDIÐ BÝÐUR ÖLLUM 25 ÁRA OG YNGRI FRÍTT Á BRIDGENÁMSKEIÐ.**

Það vita það sjálfsagt ekki allir en bridge er ólympíuíþrótt og var fyrst spiluð á leikunum í Peking.

*Hvers vegna spila svona margir Íslendingar bridge?*

„Bridgesambandið er mjög virkt félag. Hér er spilað nánast öll kvöld og á daginn líka. Starfið er mjög vinsælt hjá eldri borgurum enda sýna rannsóknir að það er gott fyrir heilann og hægir á öldrun að spila bridge. Félagsskapurinn hefur líka sitt að segja,“ segir Jafet. „Bridge reynir öðruvísi á heilann en til dæmis skák. Hver leikur tekur stuttan tíma og þetta er teymisvinna. Tveir bridgespilarar vinna saman,“ segir hann.

Í húsinu er einnig rekinn bridgeskóli með aðstoð Bridgesambandsins. Þar kennir Guðmundur Páll Arnarsson sem er einn af heimsmeisturum okkar í bridge. „Unglingar sem læra bridge og skák njóta góðs af því. Þeim gengur yfirleitt vel í skóla,“ segir Jafet. Sjálfur hefur hann spilað frá tólf ára aldri.

„Það var ekki sjónvarp, net eða snjallsímar, þannig að við spiluðum,“ segir hann og hlær. Jafet hefur í áratugi verið í bridgespilaklúbbi með æskufélögum sínum úr Hlíðahverfinu. „Við erum sex í spilaklúbbnum; Hlíðin. Það verður til einstök vinátta í þessari íþrótt,“ segir hann.



**28**

**BRIDGEFÉLÖG ERU STARFANDI Á LANDINU.**

Þórarinn Sigþórsson tannlæknir, eða Tóti tönn, er þekktur laxveiðimaður og afar fengsæll. Hann er með bestu bridgespilurum landsins. Ég er hættur að keppa, segir hann. Það er ekkert ólíkt sport, að veiða og spila bridge, segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**340**

**NEMENDUR ERU SKRÁÐIR Í BRIDGESKÓLANN, Á ALDRINUM 14–85 ÁRA.**

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Meira um Bridge á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**



Jafet Ólafsson, forseti Bridgesambandsins, hefur spilað bridge frá því hann var tólf ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 90780 02/19




**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára**
Úthlutað verður úr sjóðnum á sumardaginn fyrsta, 25. apríl 2019.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

**Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair**
Farðu á www.vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum, sem eru langveik eða búa við sérstakar aðstæður, að komast í draumaferðina sína.

\+ **Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is**

Vildarbörn Icelandair

ICELANDAIR



# Míní-bridge









Allir geta lært að spila bridge, en það tekur svolítinn tíma í upphafi að átta sig á leikreglunum. Í Bridgeskólanum er byrjað frá grunni og farið yfir undirstöður Standard-sagnkerfisins. Míní-bridge er einfölduð útgáfa af spilinu sem er spiluð á venjulegan stokk og fundið upp til að kenna börnum spilið. Það er hins vegar tilvalið að kynnast aðeins íþróttinni með því að læra míní-bridge.

Hér að neðan eru til gamans algjör grunnatriði míní-bridge sem er afar einfölduð útgáfa af bridge. Þeir sem vilja læra reglur bridge af alvöru geta snúið sér til Bridgeskólans í Síðumúla þar sem eru haldin vinsæl námskeið fyrir byrjendur.

**Reglur:**
Fjórir spilarar sitja við borðið. Þeir sem sitja andspænis hvor öðrum eru par. Pörin eru oft kölluð norður/suður og austur/vestur og sitja þá í viðeigandi áttum. Spilararnir skiptast á að gefa og gefa þeir hverjum spilara 13 spil. Næst telja spilarar punktana sína þannig að ás telur sem 4 punktar, kóngur 3, drottning 2 og gosi 1. Spilararnir segja síðan upphátt hversu marga punkta þeir hafa á hendi.

Það spilapar sem hefur samanlagt fleiri punkta ræður því hvað er spilað. Það er það ákvarðar hvaða litur, ef einhver, er „tromp“.

Það fer þannig fram að sá í parinu sem hefur fleiri punkta spilar spilið en hinn leggur spilin sín á borðið þannig að allir sjái. Sá spilari tekur ekki meiri þátt í spilinu og kallast „blindur“.

Sá sem spilar kallast sagnhafi og ber saman spilin sín og samherja síns til að ákvarða heppilegan tromplit (hér er miðað við að samanlagður fjöldi spila í litnum sé a.m.k. átta). Hann getur líka ákveðið að enginn litur sé tromp og þá er spilað „grand“.

Hann þarf líka að ákvarða hversu marga slagi hann ætlar sér að taka og tilkynna það.

Hinir tveir spilararnir spila í vörn og eiga að reyna að hnekkja spilinu fyrir sagnhafa með því að koma í veg fyrir að hann nái þeim slögum sem hann sagðist ætla að ná.

**Stigagjöfin:**
Stigagjöf er þannig háttað að sagnhafi (og félagi hans, blindur) fá stig fyrir hvern slag umfram 6 sem þeir taka ef þeir standa við sögnina. (Hversu marga slagi var tilkynnt að parið ætlaði að ná).

Mismunandi er hvað fæst fyrir hvern slag eftir því hvaða litur er tromp eða hvort spilað er grand. Ef spilað er í laufi eða tígli eru gefin 20 stig fyrir hvern slag umfram 6.

En ef spilað er í hjarta eða spaða eru gefin 30 stig fyrir hvern slag umfram 6.

Og loks – ef það er ekkert tromp og spilað er í grandi þá eru gefin 40 stig fyrir sjöunda slag og 30 stig fyrir hvern slag umfram það.





**Ný verkefni bíða Rögnu sem segist samt ekki ætla að fylla líf sitt af vinnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Ég er ennþá að læra

**Ragna Fossberg** förðunarmeistari vann í nær hálfa öld hjá Ríkisútvarpinu. Nú er hún hætt þar en ný verkefni bíða hennar. Í viðtali ræðir Ragna um starf sitt og segir frá óvenjulegri og dramatískri fjölskyldusögu. Hún fór árið 2000 til Jamaíka á slóðir fjölskylduharmleiks.


Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is




Ragna Fossberg förðunarmeistari er nýhætt á Ríkisútvarpinu eftir nær hálfrar aldar starf þar. Hún hættir vegna aldurs en hún verður sjötug 27. febrúar. „Ég er mjög sátt af því alls kyns verkefni bíða mín. Hins vegar eru þessar reglur fáránlegar, þingmenn mega vinna áttræðir og þeir setja lögin, en ríkisstarfsmenn verða að víkja sjötugir þótt þeir hafi fulla heilsu,“ segir hún.

Sjálf er Ragna einstaklega heilsuhraust. Hún segir að á þeim 47 árum sem hún hafi unnið á RÚV hafi hún einungis tekið fjóra veikindadaga. Spurð hvort hún sé vinnuþjarkur svarar hún: „Ég held að ég megi kallast það. Ég get ekki farið í frí og legið á sólbekk, ég þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni.“

*Hvenær fékkstu fyrst áhuga á förðun?*

„Þetta var bara tilfallandi. Ég lærði hárgreiðslu og greiddi sjónvarpsþulunum. Ég kynntist starfsfólki í húsinu og var reyndar gift einum sem vann þar. Auðbjörg Ögmundsdóttir sem var yfirsminka og dönsk sminka fengu mig til að hjálpa til við förðun í uppfærslu á Skálholti eftir Guðmund Kamban. Eftir það var mér bent á að sækja um starf sminku og Auðbjörg kenndi mér síðan undirstöðuatriðin í förðun. Þannig byrjaði boltinn að rúlla. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt starf og ég segi alltaf að ég sé enn að læra. Ef ég hefði einhvern tímann fundið að ég væri ekki lengur að læra þá hefði ég hætt.“

Á þessum árum hafa fjölmargir sest í stólinn hjá Rögnu og fengið smink. Spurð hvort hún hafi farðað fólk sem hafi verið skjálfandi af stressi fyrir upptöku svarar hún því játandi: „Það gerist oft þegar fólk er að koma í fyrsta skiptið og oftar hjá konum, allavega viðurkenna þær frekar að þær séu stressaðar. Þá er það mitt að afstressa fólk og það gengur oft mjög vel.“

Hún segir að það hafi komið fyrir að fólk hafi neitað að láta sminka sig. „Thor Vilhjálmsson neitaði alltaf og þá var það bara í góðu lagi. David Attenborough sagðist alltaf hafa neitað að láta sminka sig. Við sminkurnar erum ekki að breyta fólki með því að farða það, við erum að láta fólki líða vel. Við erum iðnaðarmenn.“

### Himneskir íslenskir leikarar

Ragna hefur gert alls kyns gervi fyrir ýmsa þætti eins og Spaugstofuna og Áramótaskaup. Hún er spurð hvort hún sé sérstaklega stolt af einhverju sérstöku gervi sem hún hafi gert. „Já, það sem mér hefur fundist takast best er Halldór Laxness sem Pálmi Gestsson lék. Hann var það líkur Laxness að Dunu dóttur hans fannst óþægilegt að horfa á hann.“

Hún hefur séð um förðun í tuga kvikmynda og hefur sjö sinnum

> Á ÞEIM 47 ÁRUM SEM HÚN HAFI UNNIÐ Á RÚV HAFI HÚN EINUNGIS TEKIÐ FJÓRA VEIKINDADAGA.

unnið til Edduverðlauna. Hún hefur unnið með Baltasar Kormáki í flestum mynda hans. „Hann er stórkostlegur leikstjóri, er fylginn sér og það sem hann segir stenst. Hann er með fasta mynd í huganum og er ekki stöðugt að umbylta henni. Það getur verið erfitt að vinna með leikstjórum sem eru alltaf að breyta hlutunum og ætlast svo til að maður viti af breytingunum án þess að þeir hafi sagt manni frá þeim.“

Hún hefur farðað fjölda erlendra stórstjarna en segir skemmtilegra að vinna með íslenskum leikurum en þeim erlendu. „Sumum erlendum stórleikurum finnst að það eigi að vera vesen í kringum þá og þeir komast upp með mikla tilætlunarsemi. Upp til hópa er þetta samt ágætis fólk. Ég kynntist Forrest Whittaker sem er afskaplega geðugur eins og Julie Christie, og Julia Stiles er yndisleg ung manneskja. Þetta er fólk sem fellur inn í það umhverfi sem það er í.

Íslenskir leikarar eru himneskir, það er aldrei neitt vesen í kringum þá. Nýlega var ég að vinna með Elmu Lísu Gunnarsdóttur sem leikur aðalhlutverkið í Tryggð, og hún er yndisleg manneskja. Í myndinni er hún í hverri einustu senu og það kostar mikið átak fyrir leikara að túlka gleði og sorg allan tímann. Hún gerir það frábærlega.“

### Amma var mamma

Blaðamaður snýr talinu að uppvexti Rögnu og í ljós kemur fjölskyldusaga sem er sneisafull af dramatík og þar er líka mikill harmur.

„Æskuheimili mitt var Barmahlíð 7 þar sem ég bjó til tvítugs. Þar voru bæði amma mín, Jóhanna, og blóðmóðir mín, Helga. Ömmu mína kallaði ég móður og blóðmóður mína kallaði ég systur. Ég veit ekki hver faðir minn er, hef aldrei reynt að komast að því og mér stendur svo innilega á sama,“ segir Ragna.

*Spurðir þú aldrei blóðmóður þína hver væri faðir þinn?*

„Jú, ég gerði það en það gekk ekki þannig að ég hætti að spyrja. Það skipti heldur ekki máli. Ég fékk gott og heilbrigt uppeldi hjá þeirri konu sem ól mig upp.“

*Hvenær vissirðu að hún væri ekki mamma þín?*

„Í barnaskóla átti ég að skrifa fæðingarártal móður minnar og þá setti ég höndina fyrir til að fela blaðið því enginn mátti sjá að móðir mín var fædd 1889. Fyrir fermingu þurfti ég svo að ná í fæðingarvottorð


KRÓNAN
Þorir þú?
Súrmatur
Goða Súrmatur í fötu 700 g
1897 kr. stk.
Sviðasulta
Súr sviðasulta
3199 kr. kg
Hákarl
Hrútspungar
Súrir Hrútspungar
3299 kr. kg
Vestfirskur hákarl í dós
1059 kr. stk.
Súr hvalur
Súr hvalur
3399 kr. kg
Pssst ...
ef þú þorir ekki
Gestus síld, 255 g
349 kr. stk.
Þorrabakki fyrir 2
Goða þorrabakki
1999 kr. pk.
Þorra Harðfiskur
Harðfiskur
KARRY SÍLD
MARINEREDE SÍLD
SENNEP SÍLD
Þorra harðfiskur 200 g
1799 kr. pk.
Rófustappa, 250 g
369 kr. pk.
Þorrabakki fyrir 4
Goða þorrabakki stór
2597 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**ÉG VEIT EKKI HVER FAÐIR MINN ER, HEF ALDREI REYNT AÐ KOMAST AÐ ÞVÍ OG MÉR STENDUR SVO INNILEGA Á SAMA.**

mitt sem var í opnu umslagi og þá sá ég skrifað svart á hvítu: Ættleidd af ömmu sinni, Jóhönnu Fossberg. Innst inni hafði ég vitað þetta en talaði aldrei um það. Í þá daga var svo lítið talað um óþægilega hluti.

Blóðmóðir mín var 28 ára þegar hún eignaðist mig. Hún var ekki alveg andlega heil, hafði fengið barnaveiki þegar hún var lítil. Í þá daga hefði hún hugsanlega verið sett á stofnun en amma mín tók það ekki í mál og þær bjuggu saman þar til amma lést. Eftir það bjó blóðmóðir mín ein, hún lifði til 92 ára aldurs. Hún átti gott líf.“

*Hvernig kona var amma þín?*

„Hún var ströng kona en yndisleg. Sem krakki átti ég að vera komin heim á ákveðnum tíma á kvöldin og þá mátti ekki muna fimm mínútum. Ef ég kom seint heim eftir hafa verið


Jóhanna Fossberg, amman sem hún kallaði alltaf mömmu.


Cyril Edward, bróðir Rögnu, en samt alls óskyldur henni.

úti að leika mér þá var búið að læsa útidyrahurðinni. Þá lá ég á bréfalúgunni og blóðmóðir mín hleypti mér inn. Þannig lærði ég á klukku. Eitt af því sem skiptir hvað mestu máli í kvikmyndabransanum er að vera stundvís. Það er skelfilegt ef fólk er ekki stundvíst því þá eru tugir manns að bíða eftir viðkomandi. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það.“

**Ekki sendur sem pakki**

Ragna er fædd árið 1949 og ólst upp með bróður sínum, Cyril Edward, sem fæddist árið 1940. Hann er þó ekki skyldur henni, en Jóhanna amma hennar og eiginmaður hennar, Gunnlaugur Fossberg, tóku hann í fóstur átta mánaða gamlan.

Fjölskyldusaga Cyrils Edward er merkileg. Foreldrar hans voru George Edward Hoblyn, vararæðismaður Breta á Íslandi, og Margaret Reid Hoblyn. Örfáum dögum eftir fæðingu hans hernámu Bretar Ísland og þar sem Hoblyn átti þýska konu var hann talinn vera njósnari Þjóðverja. Hjónin voru handtekin og send á eyjuna Mön en drengurinn skilinn eftir. Hann átti að vera tímabundið í fóstri hjá Jóhönnu og eiginmanni hennar. „Eftir að hafa verið í haldi á Mön fluttu foreldrar hans til Egyptalands og til stóð að senda hann þangað til þeirra. Amma sagði: Þið getið náð í hann, hann verður aldrei sendur sem pakki. Hann varð áfram hjá okkur og við sögðum oft að hann hefði verið skilinn eftir í burðarrúmi á borðstofuborðinu. Hann bjó hér á landi til dauðadags, lengst af á Ísafirði, giftist og eignaðist börn og lést árið 2017,“ segir Ragna.

Spurð hvort Cyril Edward hafi



einhvern tímann hitt blóðforeldra sína segir Ragna svo ekki hafa verið. „Foreldrar hans skildu og móðir hans giftist aftur. Þegar hann var orðinn stálpaður komst hann í samband við móður sína, þá var pabbi hans nýdáinn, en hún guggnaði á því að hitta hann.“

**Fjölskulduharmleikur**

Árið 1951, þegar Ragna var rúmlega tveggja ára, varð mikill harmleikur í fjölskyldunni. Eftir að hafa nýlega misst mann sinn létust dóttir Jóhönnu, Ragna Fossberg Craven, Geoffrey Craven, enskur eiginmaður hennar, sem var listmálari, og ung dóttir þeirra í fellibyl á Jamaíka. „Það hafði staðið til að Ragna ættleiddi mig og ég færi út til fjölskyldunnar. Á Jamaíka bjuggu þau í litlu hlöðnu steinhúsi, þeim var boðið að flytja sig yfir í aðra byggingu en töldu húsið sitt vera sterkt og urðu þar kyrr. Húsið hrundi í fellibylnum og þau dóu öll,“ segir Ragna.

Árið 2000 fór Ragna með blóðmóður sinni og vinkonu, Guðrúnu Ólafsdóttur, til Jamaíka. „Þetta var eins konar pílagrímsferð. Ég pantaði herbergi fyrir okkur á hóteli og við komumst svo að því að hótelið var reist á grunni þar sem Ragna og maður hennar höfðu rekið fyrirtæki með bátaleigu og sporthúsi. Við hittum barþjón sem var sonur garðyrkjumannsins þeirra. Þarna komumst við í kynni við fólk sem gat leitt okkur áfram, en við vitum ekki enn hvar gröf fjölskyldunnar er. Það veit enginn.“

**Engin gifting**

Blaðamaður forvitnast um einkalíf Rögnu en hún á einn son, Ívar Örn Helgason, með fyrri manni sínum,



**Móðursystirin og alnafna, Ragna Fossberg Craven, með ungri dóttur sinni Freyju, en þær létust í fellibyl á Jamaíka árið 1951 ásamt eiginmanni Rögnu.**

ÞARNA KOMUMST VIÐ Í KYNNI VIÐ FÓLK SEM GAT LEITT OKKUR ÁFRAM, EN VIÐ VITUM EKKI ENN HVAR GRÖF FJÖLSKYLDUNNAR ER. ÞAÐ VEIT ENGINN.



Ung reykvísk kona fórst í fellibylnum á Jamaica.

Ragna Fossberg Craven, maður hennar og einkadóttir létu þar lífið.

Þær fregnir hafa nú borizt hingað, að reykvísk kona, frú Ragna Fossberg Craven, hafi farizt, ásamt manni sínum og einkadóttur, í hvirfilbylnum, sem gekk yfir Jamaica um fyrri helgi.

Frú Ragna Fossberg Craven var dóttir Gunnlaugs heitins Fossbergs, kaupmanns í Reykjavík. Hún mun hafa flutzt til Jamaica, ásamt brezkum manni sínum, Geoffrey Craven að nafni, vorið 1948, og litilli dóttur þeirra, Freyju. Þar höfðu þau fyrst í stað fest kaup á plantekru, en síðan selt hana og komið sér upp skemmtisiglinga- og baðstað, sem þau höfðu tengt miklar vonir við. Var þetta í borginni Port Royal, skammt frá Kingston, höfuðborg eyjarinnar.

Ægilegur hvirfilbylur gekk yfir eyna dagana 18., 19. og 20. þessa mánaðar, en Craven-fjölskyldan mun hafa farizt á fyrsta degi hamfaranna, en hátt á annað hundrað manns fórust þá, eins og fréttir báru með sér.

Frú Ragna Craven var liðlega þrítug, glæsileg kona, geðþekk og vinsæl af öllum, sem til hennar þekktu.



**Á þessari fallegu mynd er Ragna Fossberg Craven með dóttur sína Freyju. Til stóð að Ragna Fossberg yngri færi í fóstur til þessarar móðursystur sinnar og alnöfnu. Harmleikur kom í veg fyrir það en árið 2000 fór Ragna til Jamaíka, í pílagrímsferð eins og hún kallar það sjálf.**

Helga Sveinbjörnssyni. Hún hefur í rúm 30 ár verið í sambúð með Birni Emilssyni dagskrárgerðarmanni. Þau eru ekki gift og Ragna segir að það standi ekki til. „Ég er búin að vera gift einu sinni. Það hefur ekkert upp á sig að gifta sig.“

*Hefur Björn beðið þín?*

„Nei, hann þorir það ekki, enda veit hann hversu ákveðin ég er í þessu máli.“

*Þú ert greinilega mjög ákveðin kona.*

„Sennilega er ég bara mjög lík henni ömmu minni.“

Þótt Ragna hætti störfum hjá Ríkisútvarpinu eru næg verkefni fram undan. Hún er að hefja vinnu við átta þátta seríu sem tekur þrjá mánuði í upptökum. Þetta er Ráðherrann sem Sagafilm framleiðir fyrir RÚV og leikstjórar eru Arnór Pálmi Arnarson og Nanna Kristín Magnúsdóttir. „Þetta verður skemmtilegt verkefni. Ég ætla samt að gæta þess vel að fylla líf mitt ekki af vinnu,“ segir Ragna. „Það er gott að geta dundað við eitt og annað á morgnana og þurfa ekki að rífa sig upp til að mæta einhvers staðar.“

Allt í einum pakka á lægra verði

Heima + Skemmtipakkinn fyrir 16.990 kr. á mánuði.*

Ótakmarkað Internet
Netbeinir og WiFi framlenging
Myndlykill
Ótakmarkaður heimasími
+ Skemmtipakkinn

Kláraðu málið á vodafone.is, í síma 1414 eða komdu við í næstu verslun.

*Aðgangsgjald og dreifigjald er ekki innifalið í verði.

vodafone
Hluti af sýn



Ég er algjör fagurkeri, segir Ragnar Kjartansson sem sést hér fyrir framan verk sitt Fígúrur í landslagi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sjálfur skil ég ekki list mína

**Ragnar Kjartansson** sýnir í i8 verk sem hann segir vera bæði eitt verk og sjö verk, eins og Harry Potter bækurnar. Hann segir mikilvægt að listin komi frá djöflinum og vill ekki spegla samfélagið.



Fígúrur í landslagi. Birt með leyfi listamannsins, Luhring Augustine og i8.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Fígúrur í landslagi er verk eftir Ragnar Kjartansson sem sýnt er í i8. Listamaðurinn gerði verkið upphaflega fyrir Heilbrigðisvísindasvið Kaupmannahafnarháskóla og var verkið vígt þar 29. janúar og sýningin í i8 var opnuð 31. janúar.

„Þetta er eitt verk og sjö verk, svona eins og Harry Potter bækurnar. Á sýningunni eru sjö vídeó án hljóðs, hvert um sig sólarhrings langt, af fólki í læknasloppum sem gengur fram og til baka í epísku landslagi,“ segir Ragnar. „Hugmyndin var að gera verk sem væri eins konar tilvitnun í veggmyndir, eins og myndir Diego Rivera í Bandaríkjunum og í sósíalískar áróðurslágmyndir í Sovétríkjunum. Þetta er leikur að málverkinu og kvikmyndinni og hugmyndinni um fólk í vísindasloppum sem tákn framfara og hreinleika. Þetta fólk er í epísku landslagi en það er ekki að gera neitt annað en að ganga fram og til baka. Þetta er því fremur melankólískt.“

Landslagið í vídeóinu er málað af Ragnari og hópi leiktjaldamálara sem hann vinnur mikið með, en þeir eru frá Lettlandi, Þýskalandi og Austurríki. Leikararnir í vídeóinu eru af fjölmörgum þjóðernum og langflestir búsettir hér á landi. Alls koma um 60 manns fyrir í verkinu. Upptökur tóku um tvær vikur og fóru fram í kvikmyndaverinu í Gufunesi. „Verkið lítur út fyrir að vera einfalt en tæknilega var það skrímsli,“ segir Ragnar.

Þar sem vídeóið er af fólki í náttúrunni er listamaðurinn spurður um hugmyndir sínar um manninn í náttúrunni. „Ég hef rómantískar hugmyndir um manninn í náttúrunni. Svolítið fastur í einhverri 19. aldar hugmynd. Þegar ég sé stórkostlega íslenska náttúru tengi ég hana við sagnir og menningu, frekar en að náttúran standi fyrir sjálfri sér,“ segir Ragnar.

*Hefurðu áhyggjur af því að maðurinn sé að eyða náttúrunni?*

„Að sjálfsögðu.“

### List frá djöflinum

*Er pólitískur boðskapur í list þinni?*

„Sem borgari er ég mjög pólitískur maður en ég passa mig á því að listin mín sé hál sem áll. Mér finnst mikilvægt að listin komi frá djöflinum, að fólk viti ekki alveg hvað hún tákni. Ég lifi mjög eftir því sem Oscar Wilde skrifaði í myrkviðum fangelsisins í Reading, að í listinni skipti góður ásetningur ekki nokkru máli. Hann sagði þetta ekki af hnyttni inni í hlýrri stofu heldur í fangaklefa þar sem hann var í tvö ár.“

> SEM BORGARI ER ÉG MJÖG PÓLITÍSKUR MAÐUR EN ÉG PASSA MIG Á ÞVÍ AÐ LISTIN MÍN SÉ HÁL SEM ÁLL. MÉR FINNST MIKILVÆGT AÐ LISTIN KOMI FRÁ DJÖFLINUM, AÐ FÓLK VITI EKKI ALVEG HVAÐ HÚN TÁKNI.

*Þú ert örugglega oft beðinn um að túlka list þína. Leiðist þér það?*

„Nei, mér leiðist það ekki. En sjálfur skil ég ekki list mína, sem er mikilvægt því ef ég skildi verk mín til hlítar þá þætti mér þau ekki spennandi. Eins og Bjarni vinur minn segir: Ef konseptið er gott er þá ekki alveg óþarfi að framkvæma það?“

*Í list þinni ertu mikið fyrir sviðsetningar, eru það áhrif frá leikhúsi?*

„Ég hef mjög mikinn áhuga á sviðsetningum. Ég er alinn upp í leikhúsi, lifi mikið í leikhúsi og hef unnið fyrir leikhús, en samt aldrei á forsendum leikhússins sjálfs. Ég er alltaf að átta mig betur á því að ég er enginn leikhúsmaður. Ég er myndlistarmaður út í gegn. Ég held að ég hafi sem barn óvart misskilið leikhúsið, skilið það frá upphafi út frá myndlistarlegum forsendum. Leikhúsfólk talar mikið um að það sé að spegla samfélagið. Ég hef engan áhuga á að spegla samfélagið, ég er bara eitthvað að djóka.“

*Ertu fagurkeri?*

„Já, já. Ég er algjör fagurkeri. Allir listamenn fást við fegurðina. Ég get ekki nefnt einn einasta sem gerir það ekki.“

### Endurtekningin er griðastaður

Það er óhætt að segja að Ragnari hafi vegnað vel í list sinni en verk hans hafa verið sýnd á virtustu söfnum og myndlistarhátíðum heims. Hann er spurður hverju hann þakki þessa velgengni. „Örugglega öllu því gagnrýna fólki sem er í kringum mig,“ segir hann og bætir við: „Skýringin á velgengninni er sennilega sambland af leikgleði, vanmætti og sjálfshatri.“

*Hefurðu mikla ástríðu fyrir því sem þú ert að gera?*

„Ég veit það ekki vegna þess að vinna er svo samofin sjálfsmynd minni. Ég geri bara það sem ég geri en þótt ég sé að gera eitthvað griðarlega skemmtilegt þá hlakka ég alltaf til kaffipásunnar. Ég er ekki týpan sem sleppir henni.“

Starfs síns vegna er hann mikið á ferðalögum, en býr í miðbæ Reykjavíkur. „Ég er nánast eins og flugþjónn, á stöðugum ferðalögum og vinn mikið erlendis. Reykjavík er vel staðsett, mitt á milli Moskvu og Washington, eins og segir í laginu. Ég hef alltaf unnið út frá íslensku listasenunni. Hvert sem maður kemur þá er allt voða mikið eins, það er hvergi mjög gaman og hvergi mjög leiðinlegt.“

*Eru einhver viðfangsefni sem eru þér hugleiknari en önnur?*

„Ég veð mikið úr einu í annað. Það má örugglega sjá rauðan þráð í gegnum verk mín en ég held samt að allir listamenn séu að gera sama verkið aftur og aftur. Það á örugglega við um mig eins og aðra. Nýjasta verkið er alltaf einhvers konar snerting við verkið sem var á undan.

Ég vinn mjög mikið með endurtekningu og tíma en það er miklu meira í forminu heldur en að um sé að ræða heimspekilegar pælingar um endurtekninguna. Mér finnst endurtekningin svo ofur sjálfsagt fyrirbæri í lífi okkar.“

*Finnst þér hún hvorki þreytandi né leiðinleg?*

„Jú, algjörlega. En þegar ég bý til verk þar sem ég er að endurtaka eitthvað þá er ég um leið að skapa öryggi. Endurtekningin er einhvers konar griðastaður. Við lifum öll í endurtekningunni.“

Næst á dagskrá hjá Ragnari er nýtt vídeóverk sem verður frumsýnt erlendis í vor, hvar segist hann ekki mega segja að þessu sinni. Yfirlitssýning á verkum hans verður síðan í Stuttgart í júlí.




ENNEMM / SÍA / NM91991

## Nýr Hyundai er engum öðrum líkur.

Nýju fjórhjóladrifsbílarnir frá Hyundai eru einstakir. Glæsileg ný hönnun, ríkulegur staðalbúnaður og framúrskarandi áreiðanleiki er það sem hefur skipað Hyundai í hóp vinsælustu bíla landsins.

Komdu á líflega vetrarsýningu hjá Hyundai í dag. Salurinn er fullur af nýjum fjórhjóladrifnum bílum og sölumennirnir með fjölda freistandi tilboða við allra hæfi.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is





Styr hefur staðið um kínverska fyrirtækið Huawei undanfarin misseri. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kínverskur risi í klandri

**Bandaríkin standa fyrir samstilltu átaki gegn kínverska tæknirisanum Huawei. Kínverjarnir eru sakaðir um njósnir fyrir hið opinbera, brot á viðskiptaþvingunum og hugverkaþjófnað. Þeir neita þó alfarið sök og stjórnvöld í Kína segja málið einfaldlega pólitískt. Það kemur á versta tíma fyrir Huawei sem tekur nú þátt í 5G-bylgjunni.**

Ekkert kínverskt fyrirtæki hefur vakið jafnmikla athygli á Vesturlöndum undanfarin misseri og tæknirisinn Huawei. Þetta einkarekna fyrirtæki er undir smásjá Bandaríkjanna vegna meintra njósna og brota gegn viðskiptaþvingunum, metnaðarfull áform þess að verða leiðandi á sviði 5G-fjarskiptatækni eru í hættu og fjármálastjórinn og fyrirtækið sjálft sæta ákæru vestan hafs.

Það var engin lognmolla í kringum Huawei undanfarna viku. Auk fyrrnefndrar ákæru ræða ríki Evrópusambandsins nú um að banna notkun á fjarskiptabúnaði fyrirtækisins. Huawei heldur hins vegar sínu striki. Tæknimiðlar greindu frá því í gær að nýr, samanbrjótanlegur og hreint út sagt gullfallegur sími frá fyrirtækinu fari á markað síðar í þessum mánuði.

**Uppruninn**

Ren Zhengfei, fyrrverandi verkfræðingur fyrir kínverska herinn, stofnaði Huawei árið 1987. Tímasetningin var hárrétt hjá Ren enda leituðust yfirvöld á þessum tíma við að betrumbæta vanþróað og hreint út sagt lélegt fjarskiptakerfi ríkisins. Á þessum tíma reiddi Kína sig á erlend stórfyrirtæki. Í stað þess að gera samninga við erlendu fyrirtækin réði Ren til sín rannsakendur sem aðstoðuðu hann við hermismíði (e. reverse engineering).

Huawei lagði fyrst um sinn áherslu á framleiðslu skiptiborða og varð fljótt leiðandi á því sviði í Kína. Árið 1994 komst Ren svo að samkomulagi við kínverska herinn um að byggja upp nýtt fjarskiptanet fyrir Kína. Þannig hófst hið nána samband Huawei við ríkið.

Fram liðu stundir og Huawei færði út kvíarnar og hóf viðskipti við fjölmörg ríki heims. Fyrirtækið varð fljótt eitt það stærsta á sviði tækni í heimalandinu.

Angar Huawei teygja sig nú um allan heim. Það starfrækir rannsóknarstöðvar í nærri tuttugu ríkjum og er í samstarfi við allflest stærstu fjarskiptafyrirtæki heims. Að því er Kenneth Frederiksen, forstjóri Huawei í Skandinavíu, sagði við Viðskiptablaðið í desember 2016 lék Huawei til dæmis lykilhlutverk í 3G- og 4G-væðingu Íslands.

Starfsemi fyrirtækisins má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi framleiðir það búnað fyrir fjarskiptanet, í öðru lagi ýmsan skrifstofubúnað fyrir fyrirtæki og opinberar stofnanir og í þriðja lagi framleiðir Huawei neytendatækni. Símar fyrirtækisins njóta þó nokkurra vinsælda. Má til að mynda kaupa þá í Elko, hjá Símanum og Vodafone.

**Þjófnaður**

Fyrsta stóra hneykslismálið í sögu Huawei kom í febrúar 2003 þegar Cisco Systems höfðaði einkamál gegn Kínverjunum fyrir að brjóta gegn höfundaréttarlögum. Huawei var sakað um að afrita kóða í eigu Cisco við gerð tækja sinna. Ári síðar varð Huawei við kröfu Cisco, fjarlægði kóðann og Cisco lét málið niður falla í kjölfarið.

En samkvæmt skjölum sem WikiLeaks hefur birt um kínversk tæknifyrirtæki í gegnum tíðina var Cisco ekki sátt. Huawei hélt í raun áfram að nota stolna kóðann að minnsta kosti til 2005. Ástæðan fyrir því að Cisco hélt málsókn sinni áfram var ekki jákvæð viðbrögð Huawei heldur þau að kínverskir fjölmiðlar réðust í ófrægingarherferð gegn Cisco. Orðsporshnekkirinn var metinn verri en stuldur Huawei.

Þetta er langt frá því að vera eina brotið af þessu tagi sem Huawei hefur orðið uppvíst um. Starfsmaður fyrirtækisins var gómaður við að taka ljósmyndir og teikna upp eftirlíkingar af tækni sem samkeppnisaðili var með baksviðs á tæknisýningu árið 2004, Motorola sakaði Huawei um hugverkastuld árið 2010, reyndar án árangurs, og hið kínverska ZTE gerði slíkt hið sama árið 2011. Nær okkur í tíma hefur T-Mobile höfðað mál gegn Huawei fyrir að stela tækninni á bak við vélmennið Tappy. Það er notað til þess að kanna þol snjallsíma og hermir eftir mannlegri snertingu. Kviðdómur komst að þeirri niðurstöðu í maí 2017 að Huawei hefði gerst sekt um hugverkaþjófnað og var fyrirtækinu skipað að greiða tæpar fimm milljónir dala í skaðabætur.



Matthew Whitaker, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, er hann tilkynnti um ákæru. NORDICPHOTOS/AFP

**Njósnir**

Öllu alvarlegra mál eru meintar njósnir Huawei. Allt aftur til ársins 2005 hafa Vesturlönd lýst yfir áhyggjum af starfsemi Huawei. Samningur við yfirvöld í Íran um uppbyggingu fjarskiptanets og sams konar samstarf við talibana í Afganistan vöktu athygli í upphafi þessa áratugar. Það eru hins vegar aðgerðir Bandaríkjastjórnar sem valda forsprökkum Huawei mestu hugarangri.

Frá árinu 2011, jafnvel fyrr, hafa Bandaríkin rannsakað Huawei vegna meintra njósna fyrir hönd kínverska ríkisins. Þetta mál vatt hressilega upp á sig á síðasta ári þegar Bandaríkjamenn bönnuðu ríkisstofnunum alfarið að nota vörur frá Huawei.

Yfirmenn sex bandarískra öryggisstofnana, meðal annars FBI, CIA og NSA, komu fyrir upplýsingamálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í febrúar í fyrra til þess að ræða um meintar njósnir kínverskra tæknifyrirtækja um almenna borgara í Bandaríkjunum.

„Við höfum alvarlegar áhyggjur af því að leyfa nokkru fyrirtæki sem er svo nátengt erlendri ríkisstjórn og deilir ekki okkar gildum að hafa aðkomu að fjarskiptakerfi landsins,“ sagði Christopher Wray alríkislögreglustjóri um Huawei. Bandarískar verslanir hættu í kjölfarið að selja vörur frá Huawei.

> ÞESSAR ÁKÆRUR SNÚAST UM MEINT ALGJÖRT VIRÐINGARLEYSI HUAWEI FYRIR LANDSLÖGUM OKKAR OG ALMENNU VIÐSKIPTASIÐFERÐI

Bandaríkjamenn hafa verið í forsvari fyrir þessari hreyfingu gegn Huawei. Þeir hafa til að mynda farið fram á það við bandamenn sína, sér í lagi þau ríki sem hýsa bandarískar herstöðvar, að fjarlægja tæki Huawei alfarið úr stofnunum hins opinbera og meina því aðkomu að uppbyggingu fjarskiptakerfis.

Allnokkur ríki hafa tekið undir með Bandaríkjamönnum. Ástralía hefur bannað Huawei í stofnunum hins opinbera og Gavin Williamson, varnarmálaráðherra Breta, sagðist í desember hafa alvarlegar áhyggjur af starfsemi Huawei og nú ræða Evrópusambandsríki um blátt bann. Bretar og Kanadamenn íhuga sams konar bann og Bandaríkin og Ástralía hafa nú þegar sett.

**Ákæran**

Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna ákærði Huawei og fjármálastjórann Meng Wanzhou í vikunni. Fyrirtækið sjálft er sakað um bankasvindl, tækniþjófnað og að hindra framgang réttvísinnar. Ákæran tengist sum sé ekki meintum njósnum um almenna borgara. Meng, sem var handtekin í Kanada að beiðni Bandaríkjanna undir lok síðasta árs, er sökuð um brot á viðskiptaþvingunum gegn Íran. Fyrirtækið og fjármálastjórinn neita sök.

„Kínversk fyrirtæki hafa til fjölda ára brotið gegn útflutningslögum okkar og grafið undan þvingunum.

## 5G uppbyggingin í hættu

Harðnandi aðgerðir Bandaríkjanna gegn Huawei koma á versta tíma fyrir fyrirtækið. Öll stærstu fjarskiptafyrirtæki heims undirbúa sig nú fyrir næstu byltingu á sviði fjarskipta, 5G nettengingar. Búist er við því að með þessari nýju tækni verði hraðinn margfalt það sem tíðkast á 4G neti. Því vilja téð fyrirtæki koma sér í sem besta stöðu til að fá sem stærsta sneið af kökunni.

Þjóðverjar eru ein þeirra þjóða sem um þessar mundir halda útboð um uppbyggingu 5G kerfis. Útboðið klárast á fyrsta fjórðungi þessa árs og er Huawei eitt þeirra fyrirtækja sem sækjast eftir samningi. Samkvæmt þýska miðlinum DW hefur upplýsingastofnun Þjóðverja varað við mögulegum bakdyrum í tækjum Huawei, sem myndu gera Kínverjunum kleift að njósna um notendur, og stjórnvöld í Berlín því íhugað að útiloka fyrirtækið frá útboðinu.

En Huawei er nú þegar með sterkar rætur sem teygja sig út um allt Þýskaland. Það starfrækir nærri helming 4G senda Þýskalands. Deutsche Telekom talar einnig fyrir því að Huawei fái að taka þátt.

Samkvæmt heimildum South China Morning Post ræða embættismenn innan Evrópusambandsins sín á milli um að útiloka þátttöku Huawei í slíkum útboðum víðar innan sambandsins. Tékkar hafa til að mynda nú þegar útilokað Huawei frá útboði um uppbyggingu skattskýrsluskilavefsíðu.

Ljóst er hins vegar, eins og Deutsche Telekom hefur bent á, að blátt bann við þátttöku Huawei myndi óhjákvæmilega leiða til þess að innleiðing 5G tækni í Evrópu frestaðist. Og það um að minnsta kosti tvö ár, samkvæmt þýska fyrirtækinu.

Huawei heldur því áfram að þróa sína tækni. Kynnti til að mynda 5G örflögur fyrir snjallsíma í síðustu viku.

Þau hafa notað fjármálakerfi Bandaríkjanna til þessara brota. Þetta gengur ekki lengur,“ sagði Wilbur Ross viðskiptamálaráðherra þegar tilkynnt var um ákæruna.

Ákæran gegn Huawei er í 23 liðum. Huawei er meðal annars sakað um að hafa afvegaleitt bandarísk stjórnvöld og alþjóðlegan banka í upplýsingagjöf um viðskipti í Íran. Ákæran nær svo einnig til fyrrnefnds mál T-Mobile og Huawei um þjófnað á Tappy.

„Þessar ákærur snúast um meint algjört virðingarleysi Huawei fyrir landslögum okkar og almennu viðskiptasiðferði. Fyrirtæki á borð við Huawei ógna hagkerfi okkar og þjóðaröryggi,“ sagði Christopher Wray alríkislögreglustjóri.

Tæknirisinn neitar sök. „Þessar ákærur valda okkur vonbrigðum. Við frömdum ekkert þessara brota, vitum ekki til þess að Meng hafi brotið af sér heldur.“ Tekið var fram að Tappy-málið hefði nú þegar verið útkljáð. Kviðdómur hafði ályktað svo, eftir að T-Mobile höfðaði einkamál, að T-Mobile hefði ekki borið skaða af né hefði Huawei haft neitt illt í hyggju.


Ren Zhengfei, stofnandi og forstjóri, er gáttaður á ásökununum og neitar sök.

### Huawei neitar alfarið sök

Bæði Huawei og yfirvöld í Kína hafa ítrekað neitað því að Huawei stundi njósnir eða aðra ólöglega starfsemi. Kínverska ríkisstjórnin hét því í vikunni, eftir að ákæran var lögð fram, að standa vörð um hagsmuni kínverskra fyrirtækja.

„Bandaríkin hafa nýtt vald sitt til þess að koma óorði á og ráðast á ákveðin kínversk fyrirtæki. Þannig reyna Bandaríkjamenn að eyðileggja algjörlega starfsemi fyrirtækjanna. Þessar aðgerðir eru pólitísks eðlis en Kína er staðráðið í því að slá skjaldborg um réttindi kínverskra fyrirtækja,“ sagði Geng Shuang, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytis Kínverja, í yfirlýsingu.

Stofnandanum og forstjóranum Ren er heldur ekki skemmt. Hann hefur ítrekað lýst því yfir að fyrirtækið sé saklaust. Á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Huawei í Shenzhen um miðjan janúar sagði hann að fyrirtækið stæði alltaf með viðskiptavinum sínum.

„Hvorki ég né fyrirtækið höfum nokkurn tímann fengið beiðni um að forrita bakdyr í tæki okkar eða senda stjórnvöldum upplýsingar um viðskiptavini,“ sagði Ren.





# Styrkir úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins

Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. Á síðustu tveimur árum hefur 98 milljónum króna verið varið í rannsóknir á vegum sjóðsins.

Fjölbreytt rannsóknarverkefni eru styrkt af Vísindasjóðnum. Framlag þeirra er mikilvægt á fjölbreyttum vettvangi, t.a.m. fyrir þróun meðferðarúrræða, betri meðferð barna og andlega heilsu og lífsgæði sjúklinga. Nánar er fjallað um rannsóknirnar á *www.krabb.is/visindasjodur/*.

**Óskað er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum**

- Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar er að finna á *www.krabb.is/visindasjodur/*
- Umsóknarfrestur er til **mánudagsins 4. mars nk. kl. 16:00**
- Umsóknir skal senda rafrænt á *visindasjodur@krabb.is*
- Hámarksupphæð styrks er 10 milljónir króna

**Stofnfé sjóðsins eru styrkir og gjafir frá almenningi og fyrirtækjum um allt land. Við þökkum öllum velunnurum félagsins. Með ykkar stuðningi varð stofnun sjóðsins að veruleika.**

**Dæmi um rannsóknarverkefni sem styrkt eru af sjóðnum**


**Andri Steinþór Björnsson**
*Sálfræðingur og prófessor*
Rannsókn á áhrifum skimunar fyrir forstig mergæxlis á andlega heilsu.


Ljósm. Kristinn Ingvarsson

**Erna Magnúsdóttir**
*Sameindalíffræðingur og dósent*
Rannsókn á sameindaferlum að baki BLIMP1- og EZH2- miðlaðri lifun í Waldenströmsæxlum.


Ljósm. Kristinn Ingvarsson

**Margrét Helga Ögmundsdóttir**
*Sameindalíffræðingur*
Rannsókn á hlutverki sjálfsátsgensins ATG7 í þróun krabbameina.


**Valtýr Stefánsson Thors**
*Barnasmitsjúkdómalæknir*
Rannsókn á miðlægum bláæðaleggjum hjá börnum með illkynja sjúkdóma, fyrirbyggjandi aðgerðum og eftirliti með fylgikvillum.

Krabbameinsfélagið

**Hægt er að styrkja sjóðinn á krabb.is eða í síma 540 1900**


ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

# Snyrtivörumarkaðurinn eins og villta vestrið

Frá því að við vöknum á morgnana þar til við leggjumst á koddann á kvöldin notum við flest mikið magn af snyrtivörum. Tannkrem, sturtusápu, svitalyktareyði, sjampó og hárnæringu, baðsölt, ilmvatn og rakspíra, krem og alls kyns aðrar snyrtivörur.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Síðustu ár hefur orðið vakning hvað varðar heilsuspillandi og skaðleg efni í snyrtivörum. Sumar þeirra innihalda efni sem fara í blóðrásina og teljast til krabbameinsvaldandi efna en síðustu ár hefur efnum sem eru bönnuð í snyrtivörum fjölgað og snyrtivörufyrirtæki laga sig að nýjum tímum. Neytendur eru kröfuharðari en áður.

Ný reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur tók gildi 11. júlí 2013 en með henni var reglugerð Evrópusambandsins nr. 1223/2009 innleidd hér á landi. Með henni er meðal annars komið á samræmdu tilkynningarferli og gagnagrunni yfir allar snyrtivörur á markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Reglugerðin gerir auknar kröfur til framleiðenda og innflytjenda um að sýna fram á öryggi snyrtivara og tilkynna um óæskileg áhrif af völdum þeirra. Nafngreindur ábyrgðaraðili á Evrópska efnahagssvæðinu skal uppfylla skyldur framleiðanda eða innflytjanda.

**Neytandinn þarf að vara sig**

Með breytingunum er ætlunin að stuðla að öruggari snyrtivörum á markaði, auka rekjanleika þeirra og einfalda stjórnsýslu.

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd snyrtivörureglugerðar hér á landi. „Neytandinn þarf samt sem áður að vara sig," segir Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, um innihald snyrtivara. „Við þurfum að nota minna af efnum. Nota bara það nauðsynlegasta. Við mælum með umhverfis- og ofnæmismerktum vörum sem uppfylla strangari kröfur um efnainnihald og lágmörkun á notkun hættulegra efna. Við bendum sérstaklega á ofnæmisvaldandi ilmefni. Svo höfum við einnig lagt ríka áherslu á að vara fólk við fölsuðum vörum. Þegar þú kaupir falsaða vöru þá veistu ekki hvað þú ert að kaupa og nota á líkamann," segir Kristín Linda um stefnu Umhverfisstofnunar þegar kemur að snyrtivörum.

„Varðandi eftirlit með snyrtivörum þá erum við í samevrópsku kerfi sem gengur út á það að þegar varan er komin á markað í Evrópu þá geti hún farið frjálst á milli. Það er gerð krafa um að varan sé rétt merkt og með ábyrgðaraðila í Evrópu. Efnastofnun Evrópu er í sífellu að fara yfir efni og hættulega eiginleika þeirra. En það er ekki nóg," segir Kristín Linda sem segir samspil efna geta orðið varasamt. „Það er ástæðan fyrir því að við segjum við fólk að það sé best að nota minna. Færri efni með stuttar innihaldslýsingar. Því hvað þýðir það þegar innihaldslisti snyrtivöru er með meira en 20 mismunandi innihaldsefni? Það geta orðið svokölluð kokteiláhrif. Og svo er það þannig að það sem þú notar það endar einhvers staðar. Því er þessi gullna regla góð neytendum. Nota minna."

*Eru leikreglurnar að breytast með meiri kröfum og vitneskju um skaðleg áhrif?*

„Já, það er mikil þróun og neytendur hafa meiri völd en áður. Það er minna framleitt af vörum með örplasti. Hormónaverkandi efni, neytandinn forðast þær vörur. Þess vegna er mikil þróunarvinna og snyrtivöruframleiðendur búa til ný efni sem það er svo verkefni evrópsku stofnananna að kanna. Ef við horfum á alþjóðavettvang þá er evrópska kerfið hvað strangast, en að því sögðu þá er meginreglan samt að neytendur þurfa að vara sig. Vera skynsamir og nota minna," segir Kristín Linda.

> **EF ÞÚ GETUR EKKI BORÐAÐ ÞAÐ, ÞÁ ÆTTIR ÞÚ EKKI AÐ SETJA ÞAÐ Á ÞIG.**
>
> Guðrún Marteinsdóttir

**Hvaða brjálæði er í gangi?**

„Íslenskir snyrtivöruframleiðendur eru greinilega að stíla inn á kröfuharða neytendur og hafa lagt áherslu á hreinleika og nota efni úr íslenskri náttúru," segir Kristín Linda.

Fjölmörg ný frumkvöðlafyrirtæki hafa haslað sér völl og hafa þróað lífrænar snyrtivörur úr náttúrulegum innihaldsefnum. Einn af þeim frumkvöðlum sem hafa náð langt er Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í líffræði, sem hefur þróað snyrtivörulínu úr þörungum, línan kallast Taramar.

„Ef þú getur ekki borðað það, þá ættir þú ekki að setja það á þig," segir Guðrún um kveikjuna að því að hún hóf þróunarvinnu við snyrtivörurnar sem eru unnar úr þörungum.

Guðrún vann í áratug á Hafrannsóknastofnun og velti þá fyrir sér hvernig mætti nýta sjávarfangið betur.



## Skaðleg efni í snyrtivörum

**Musk-xylene**

Musk-xylene er notað til að gefa lykt og notað í ilmvötnum og sápum sem annar valkostur við náttúrleg ilmefni. Musk-xylene er á lista Evrópusambandsins yfir efni sem verða bönnuð.

**Í hvað er efnið notað?**

- Notað í snyrtivörur og ilmkerti.

**Paraben**

Flokkur efna sem eru notuð sem rotvarnarefni í snyrtivörum fyrir bæði börn og fullorðna.

Parben fer auðveldlega í gegnum húð. Rannsóknir hafa sýnt að paraben raskar hormónastarfsemi og geta mögulega stuðlað að brjóstakrabbameini.

Leyfilegur hámarksstyrkur parabena í snyrtivörum er háður takmörkunum og var lækkaður árið 2014 eftir skoðun vísindanefndar Evrópusambandsins um neytendavörur. Þetta á við um eftirtaldar fjórar gerðir parabena: metýlparaben, etýlparaben, própýlparaben og bútýlparaben.

Fimm aðrar gerðir parabena voru bannaðar í framleiðslu á snyrtivörum 30. október 2014 og frá og með 30. júlí 2015 mátti ekki selja snyrtivörur sem framleiddar voru fyrir þann tíma og innihalda eitt eða fleiri af þeim parabenum. Um er að ræða ísóprópýlparaben, ísóbútýlparaben, fenýlparaben, benzýlparaben og pentýlparaben.

Ef neytandinn vill forðast snyrtivörur sem innihalda paraben þá eru vörur án parabena til á markaði. Snyrtivörur með umhverfismerkinu Svaninum innihalda ekki paraben og hægt er að nálgast þær meðal annars í ýmsum apótekum og heilsubúðum.

**Í hvað er efnið notað?**

- Paraben eru notuð í snyrtivörur, svo sem ýmis krem, áburð, hárvörur, sólarvarnarefni og andlitsfarða.

**Siloksan**

D5 er efnasamband í efnahópnum Siloksan sem telur mörg ólík efni. D5 er notað t.d. í sjampó, krem og þess háttar og gefur þessum vörum þá eiginleika að það verður auðveldara að „smyrja þeim á sig" og nota. Efnið er einnig notað til lengja endingartíma málningar sem þarf að standast álag vinds og veðurs. Auk þess er það notað í raftækjum.

**Af hverju er það hættulegt?**

Notkun efnisins er umfangsmikil í alls konar vörum og efnið því í miklu magni í umhverfinu. Efnið brotnar hægt niður og safnast því fyrir í lífríkinu. Ekki er mikið vitað um langtímaverkun efnisins.

**Í hvað er efnið notað?**

- Snyrtivörur og vörur fyrir umhirðu líkamans.

**Tríklósan**

(Triclosan (TSC) og triclocarban (TCC))

Tríklósan er efni með bakteríudrepandi áhrif.

**Af hverju er það hættulegt?**

Tríklósan er mjög eitrað lífverum í vatni og notkun þess er talin geta valdið því að bakteríur verði ónæmar fyrir sýklalyfjum. Slíkt getur leitt til þess að smávægilegar sýkingar sem við getum í dag unnið gegn með sýklalyfjum, verði hættulegar þegar sýklalyfin virka ekki lengur á bakteríuna. Tríklósan hefur fundist í líkama manna úti um allan heim.

**Í hvað er efnið notað?**

- Tannkrem
- Svitalyktareyði
- Snyrtivörur
- Textílvörur (t.d. æfingafatnað)

*Upplýsingar frá Umhverfisstofnun.

# JÓNÍNA SNÝR AFTUR!

## NÝTT OG SPENNANDI EDDUMÁL



**Jónína Leósdóttir** sendir hér frá sér glænýja og æsispennandi glæpasögu!

VILDARVERÐ: **3.399.-**
Verð: 3.999.-




Barnið sem hrópaði í hljóði

*Umsagnir um fyrri Eddumál.

**„Eddu-bækurnar sýna að Jónína Leósdóttir kann þá list að skrifa bráðskemmtilegar glæpasögur og með Eddu hefur hún skapað afar eftirminnilega aðalsöguhetju.“**
Ragnar Jónasson

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

**„Ég mæli heils hugar með bókum Jónínu um Eddu.“**
Yrsa Sigurðardóttir

#LESUMMEIRA

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er út febrúarmánuð eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

„Ég vann þá mikið úti á sjó. Sat stundum á kvöldin og ræddi við sjómenn um hvernig þeir voru að nýta sjávarfangið. Ég hafði alltaf þennan áhuga á að nýta eiginleika sjávarfangs með einhverjum hætti. Árið 2005 lenti ég svo í miklum í vandræðum með húðina á mér. Ég fór að skoða innihaldsefni í snyrtivörum sem ég var að nota með augum vísindamannsins og fékk áfall. Ég hugsaði með mér: Hvaða brjálæði er eiginlega í gangi?

Neytendur eru smám saman að vakna til meðvitundar. Það eru þeir sem hafa þrýst mörgum skaðlegum efnum út af markaði. Það eru þeir sem neituðu að kaupa vörur með parabeni. Það er ekki af því að eftirlitsstofnanir bönnuðu efnin. Þeir hafa leyft þau í öll þessi ár. Leyft þessu að viðgangast,“ segir Guðrún sem segir að framleiðendur þrói ný efni sem erfitt sé að fylgjast með. „Nýlega var gerð rannsókn á einu af þessum nýju rotvarnarefnum sem mátti aðeins nota í 1% af innihaldi snyrtivöru. Magnið var mælt og það kom í ljós að í meirihluta þeirra vara sem voru rannsakaðar var innihaldið 8%,“ segir Guðrún.

„Neytandinn verður því miður að reikna með því að eftirlitið sé lítið sem ekkert. Það eru til vörur með parabenefnum sem eru ætluð ungbörnum og snyrtivörur sem innihalda sömu efni og húsamálning. Þetta bara gengur ekki,“ segir Guðrún.

„Hugmyndin varð til út frá því hvað ég þoldi sjálf að setja á húðina. Árið 2010 var Taramar skráð á markað og til ársins 2104 vorum við í þróunarvinnu. Snyrtivörurnar komu svo á markað árið 2015 og hefur verið tekið vel af neytendum,“ segir Guðrún frá.

„Við fengum fyrsta rannsóknarstyrkinn okkar inn í félagið árið 2012, þá dró ég inn í þróunarvinnuna eiginmann minn, Kristberg Kristbergsson, prófessor í matvælafræði, og nemendur hans. Þetta er ein ástæðan fyrir því að Taramar snyrtivörurnar eru líkari matvælum en húðvörum. Hefðbundnar snyrtivörur eru vanalega þróaðar af lyfjafræðingum. Þróunin tók langan tíma, og það tók tvö ár að þróa aðferðir til að að ná hámarks hreinleika í formúlunum,“ segir Guðrún.

Engin eiginleg eða manngerð rotvarnarefni eru notuð í vörunum. „Auðveldasta leiðin til að búa til krem er að nota mikið af efnum sem auka stöðugleika og til að ná fram skemmtilegri áferð. Því miður eru þetta efnin sem við þurfum að forðast og erfitt getur verið að finna vörur án þessara efna á markaði. Við lögðum því mikla vinnu í þennan þátt þróunarinnar. Það borgaði sig. Neytendur gera síaukna kröfu um gæði. Það er gefandi að reka fyrirtæki sem er með sterkan tilgang og neytendur eru þakklátir fyrir. Þetta er ástríða og því fylgir gleði að sjá fólk nota snyrtivörurnar. Fólk sem hefur kannski ekki getað notað snyrtivörur í langan tíma án þess að verða fyrir vandræðum,“ segir Guðrún.



**SNYRTIVÖRUMARKAÐURINN ER EINS OG VILLTA VESTRIÐ FINNST MÉR. STÚTFULLUR AF SLÆMUM EFNUM FYRIR OKKUR.**

Ebba Guðný

*Og hún sjálf? Er heilsan betri?*

„Ég er miklu betri. Eins og gerist hjá flestum þegar við eldumst þá var ég með uppsöfnuð eiturefni í húðfrumunum en hef nú náð að hreinsa húðina vel og koma aftur af stað eðlilegum efnaskiptum. Það eru þó mjög fáar snyrtivörur sem ég þoli. Það er mikilvægt að fólk viti að það getur skaðað heilsuna og húðina með notkun á snyrtivörum með eiturefnum. Ég er ennþá að sjá góðar breytingar á húðinni og er auðvitað ekki að skaða hana lengur,“ segir hún.

### Sneiðir hjá ilmefnum

Ebba Guðný Guðmundsdóttir er mjög meðvituð um skaðleg efni í snyrtivörum og segir erfitt fyrir neytendur að átta sig á því hversu heilsuspillandi þær geta verið. Það sé enda ekki einfalt mál að lesa innihaldslýsingarnar sem geta verið langur listi framandi efna í smáu letri.

„Snyrtivörumarkaðurinn er eins og villta vestrið finnst mér. Stútfullur af slæmum efnum fyrir okkur og það er oft erfitt að átta sig á innihaldslýsingum,“ segir Ebba Guðný sem segir úrval af skaðlausum snyrtivörum þó hafa aukist síðustu ár. „Úrvalið hefur aukist mikið frá því ég byrjaði að reyna að sneiða hjá óæskilegum efnum fyrir um 20 árum. Þá var ég í vandræðum, það er ég ekki lengur. En við eigum mjög langt í land,“ segir hún.

„Ég sneiði alfarið hjá öllum ilmefnum (perfume), vil bara, ef það er ilmur, að það sé úr ilmkjarnaolíum (essential oils). Ég sneiði hjá öllum parabenefnum sem eru talin hormónatruflandi, sodium lauryl sulfate vil ég ekki en það er það sem lætur sápur og annað freyða. Ég forðast formaldehýð og ég held að þetta séu allt nöfn yfir það:

- DMDM hydantoin
- Imidazolidinyl urea
- Diazolidinyl urea
- Quaternium-15
- Bronopol (2-bromo-2-nitropropane-1,3-diol )
- 5-Bromo-5-nitro-1,3-dioxane
- Hydroxymethylglycinate

Formaldehýð getur valdið ertingu í augum og húð, ofnæmi og jafnvel krabbameini. Það er algeng ástæða snertiofnæmis sem getur orðið langvinnt.

### Haldgóð öpp neytenda

En einfaldast finnst mér að kaupa ekki snyrtivörur með svona skrítnum nöfnum og núorðið veit ég alveg hvaða merkjum ég get treyst,“ segir Ebba Guðný og mælir með öppum fyrir þá sem vilja reyna að forðast skaðlegar snyrtivörur og vita ekki sitt rjúkandi ráð. „Think Dirty er app sem maður getur haft í símanum og flett upp snyrtivörum og séð hvort þær eru hreinar eða ekki. Good Guide er annað, CosmEthics, Detox Me og örugglega fleiri,“ ráðleggur hún.

Ebba Guðný segist nota krem frá Taramar, sem er íslenskt merki. „Ég nota líka snyrtivörur frá Inika, Benecos (augabrúnablýant og naglalökkin t.d.), Logona, Dr. Haurschka (litað dagkrem og maskara) og Weleda-vörurnar finnst mér líka góðar og treysti þeim. Notaði mikið barnakremin á kinnarnar á börnunum mínum þegar þau voru lítil og olíurnar. Ég nota svitalyktareyði frá þeim líka. Ég nota annars ekki mikið af sápum og efnum. Ég set kaldpressaða kókosolíu í handarkrikana og á fæturna áður en ég fer í sturtu. Olían tekur alla lykt og nærir. Þá þarf ég enga sápu. Ég tek líka farða af mér á kvöldin með kókosolíunni og heitu vatni. Ég nota Zenz-sjampóin frá Grænu stofunni í hárið,“ segir Ebba Guðný.




Think Dirty appið sem Ebba mælir með fyrir neytendur í verslunarleiðangur nýtur mikilla vinsælda. Með því er hægt að skanna inn strikamerki á pakkningum á snyrtivörum. Sé varan á skrá hjá appinu fær það einkunn á skalanum 1-10. Því hærri einkunn, því skaðlegri er varan. Ekki eru margar vörur á skrá á Íslandi.

### Engar snyrtivörur fyrir börn

„Mér hefur þar að auki alltaf verið illa við hefðbundna blautklúta og bleyjur fyrir börn. Held að hvort tveggja innihaldi ýmislegt slæmt og það er líka óumhverfisvænt. Það er auðvelt að þvo litla bossa með bómullarklútum. Þeir fást örugglega í IKEA og Rúmfatalagernum. Bleyta þá með heitu vatni og setja smá kaldpressaða olíu í þá (ólífu-, kókos- eða möndluolíu) og þurrka bleyjusvæðið. Olían tekur öll óhreinindi og alla lykt. Svo má stundum setja nokkra lavenderdropa líka í tuskuna með olíunni. Þeir eru róandi og sveppadrepandi. Það er gott að hafa lítinn bala með loki hjá skiptistöðinni með köldu vatni og 1 matskeið af matarsóda. Setja óhreinar tuskur/bleyjur þangað og veiða svo upp úr og setja í þvottavélina þegar balinn er orðinn fullur og sjóða með umhverfisvænu þvottaefni í þvottavélinni. Það má setja 3 dropa af piparmintu-, eucalyptus-, tea tree-, lavender- eða annarri ilmkjarnaolíu í þvottaduftið í sápuhólfinu áður en maður setur vélina af stað,“ segir Ebba Guðný.

## Eiturefni í snyrtivörum



Einar Oddsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, röltir með blaðamanni í matvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu og lítur yfir úrval snyrtivara og merkingar á þeim.

„Í Evrópu búum við við eina ströngustu löggjöf varðandi snyrtivörur í heiminum. Neytandinn ætti að líta á það hvort séu til staðar upplýsingar um evrópskan ábyrgðaraðila á umbúðum snyrtivara. Það er vísbending um að varan hafi farið í gegnum öryggismat hjá ábyrgðaraðila. Þetta öryggismat á að vera gert af til þess hæfum aðila,“ segir Einar og tekur upp húðkrem og fer yfir innihaldslýsinguna. Neðst eftir langa runu efna kemur fram ábyrgðaraðili vörunnar í Írlandi. „Það er gott að neytendur séu meðvitaðir um þetta. Utan EES eru gjarnan aðrar reglur og í þeim vörum gætu jafnvel verið efni sem eru bönnuð hér,“ segir Einar.

Hann bendir á að þó að ábyrgðaraðili sé gefinn upp, sé það ekki endilega fullkomin trygging fyrir því að varan hafi verið rétt öryggismetin.

*Í því samhengi. Hvað eru kokteiláhrif?*

„Efnin geta verið örugg hvert fyrir sig, en svo þegar þau koma saman geta orðið kokteiláhrif. Það er átt við þau samverkandi áhrif sem efni geta haft í umhverfi okkar. Við mat á efnum, þá eru þau metin hvert fyrir sig. En þegar þau koma saman þá getur orðið önnur verkun sem er erfitt að ná utan um. „Þess vegna er besta ráðið að ofnota ekki snyrtivörur og forðast einnig eftir bestu getu ýmislegt annað efnaáreiti í okkar daglega lífi,“ ráðleggur Einar.

Hann segir söluaðilum og framleiðendum skylt að telja upp öll innihaldsefni og heilt yfir sýna aðilar ábyrgð í þeim efnum. Hann tekur upp vöru þar sem framleiðandinn hefur límt upplýsingar um innihaldsefni á íslensku á límmiða á umbúðirnar. „Þetta er ekki gott, hér er aðeins farið offari. Það má ekki dylja skylduupplýsingarnar sem felast í erlendu merkingunum, það eru mikilvægar upplýsingar,“ segir Einar.

Þróunin er í rétta átt. Snyrtivörur eru að verða öruggari. „Parabenefni eru nú færri í snyrtiefnum frá árinu 2015 og vísindanefnd á vegum ESB er í sífellu að meta og endurmeta efnin. Framleiðendur eru meðvitaðir um það. En það er samt margt sem þarf að vara sig á. Til dæmis eru meiri líkur á ofnæmisviðbrögðum frá snyrtivörum sem innihalda ilm-, litar- og rotvarnarefni.“

*En formaldehýð? Er það ekki bara eiturefni?*

„Jú, það er sterkt eiturefni og strangar kröfur gerðar um hámarksstyrk þess í snyrtivörum. Það getur verið í ýmsum snyrtivörum, til dæmis er það notað í naglaherði,“ segir Einar

*Hvað myndir þú ekki nota?*

„Ég mæli með því að menn ofnoti ekki snyrtivörur. Sjáfur læt ég sápu og tannkrem duga. Forðast ber vörur sem innihalda hættulegustu efnin. Botnvörurnar í snyrtivörugeiranum eru hárlitunarefni, það eru bölvuð eitur í þeim.“

*Og hvað með tríklósan, er það rétt að það sé að finna í tannkremi á markaði hér á landi?*

„Það er ekki bannað að hafa tríklósan í tannkremi og það hefur fundist í tannkremi á íslenskum markaði. Þó ekki þessari verslun greinilega. Tríklósan er talið stuðla að fjölgun ónæmra baktería og vera hormónaraskandi.“

*En hvers vegna er það ekki bannað? Þetta er harðkjarnaefni.*

„Manni hefði fundist það eðlilegt ef maður ber það saman við ýmis önnur efni sem eru ekki leyfileg. Styrkleikamörkin eru reyndar mjög lág fyrir tríklósan í snyrtivörum. Það má ekki vera í meira en 0,3% styrk.“

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 2. FEBRÚAR 2019



Í dag hefst Reboot Hack í Háskóla Íslands sem er fyrsta hakkaþonið á Íslandi sem er ætlað nemendum og skipulagt af nemendum. →8

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





Ásthildur er fædd og uppalin í umhverfi sveitarstjórnarmála og landsmála og hefur starfað á þeim vettvangi í hartnær 20 ár. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Eftirsóknarvert líf í höfuðstað Norðurlands

Ásthildur Sturludóttir er nýr bæjarstjóri á Akureyri. Hún segist hafa fengið einstakar móttökur sem hún er þakklát fyrir og sé að breytast í Akureyring á undrastuttum tíma. Hún segir mörg sóknarfæri í sveitarfélaginu. →2

Framhald af forsíðu ➪

Sólveig
Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Ásthildur er fædd og uppalin í umhverfi sveitarstjórnarmála og landsmála. Faðir hennar, Sturla Böðvarsson, var bæjarstjóri í Stykkishólmi í 20 ár og sat á Alþingi í 17 ár. „Sveitarstjórnarmálin og seinna landsmálin voru alltumlykjandi á heimilinu og maður drakk þetta eiginlega í sig með móðurmjólkinni. Mér þóttu sveitarstjórnarmálin alltaf áhugaverð,“ segir Ásthildur sem hefur starfað í sveitarstjórnarmálum og hjá hinu opinbera í hartnær 20 ár. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á málefnum samfélagsins, hvernig megi búa svo um hnútana að velferð fólks sé sem mest og umhverfið þannig að allir geti þroskast og dafnað. Það er skemmtilegt og spennandi að vinna hjá sveitarfélagi og geta haft áhrif á nærsamfélag sitt.“

## Tók ástfóstri við Vestfirði

Ásthildur var bæjarstjóri í Vesturbyggð í átta ár áður en hún tók við starfi bæjarstjóra Akureyrar. „Við fjölskyldan bjuggum þá á Patreksfirði en maðurinn minn er þaðan. Þetta var ákaflega góður tími fyrir okkur öll. Á þessum átta árum tók ég miklu ástfóstri við Vestfirði og held áfram að fylgjast náið með öllu sem er að gerast þar. Vestfirðingar eru kraftmikið og dugandi fólk,“ segir Ásthildur en ítrekar um leið að hún sé fyrst og fremst Snæfellingur.

## Einstakar móttökur

Ásthildur tók við sem bæjarstjóri á Akureyri í september á síðasta ári. „Það hefur verið mjög ánægjulegt fyrir mig að finna hversu jákvæðir bæjarbúar eru í minn garð. Ég hef fengið einstakar móttökur sem ég er mjög þakklát fyrir.“

Hún segir engan risastóran mun á því að stýra Vesturbyggð og Akureyri. Bæði séu í vissum skilningi dreifbýl sveitarfélög því eyjarnar Grímsey og Hrísey eru hluti af sveitarfélaginu Akureyri. „Ég segi stundum að það sé erfiðara að vera bæjarstjóri í smábæ en flóknara og annasamara í stærra samfélaginu. Í litla samfélaginu þarftu hins vegar að gera flest sjálfur og þar er nándin mikil.“

## Mikilvægt að byggja upp flugvöllinn

Hagsmunamál Eyfirðinga og Akureyringa brenna á Ásthildi. „Ég er raunar á þeirri skoðun að hagsmunamál einstakra sveitarfélaga séu iðulega hagsmunamál landsins alls því það er engum til hagsbóta að einn landshluti sé látinn sitja á hakanum og það myndist ójafnvægi á milli landshluta. Í þessu sambandi má til dæmis líta til uppbyggingar alþjóðaflugvallarins á Akureyri. Við þurfum augljóslega að eiga sterkan varaflugvöll ef samgöngur um Keflavík truflast af einhverjum orsökum.“ Önnur hagsmunamál Eyfirðinga að mati Ásthildar eru til dæmis raforkuöryggi og uppbygging í skólakerfinu. „Akureyri er sterkur fjölskyldubær og það brennur á mér að rennt sé enn traustari stoðum undir gott fjölskyldulíf í bænum. Bærinn býður upp á mjög góða þjónustu við íbúa sína en það má alltaf gott bæta.“

## Mörg sóknarfæri

Ásthildur segir mörg sóknarfæri í sveitarfélaginu. „Háskólinn er okkar fjöregg og Akureyri tók stökk fram á við þegar skólinn tók til starfa. Flugvöllurinn getur verið stjóriðjan hér í Eyjafirði en við þurfum uppbyggingu á honum sem er lykilatriði fyrir vöxt ferðaþjónustunnar. Við erum einnig með tvö öflugustu matvælaframleiðslufyrirtæki landsins, stórt alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki og í kringum þau eru sömuleiðis sterk stoðfyrirtæki,“ segir Ásthildur sem telur að frekari nýsköpun og fleiri verkefni hjá þessum fyrirtækjum muni gera þennan geira þann öflugasta í landinu. „Ég er einnig sannfærð um að starfsemin í kringum háskólann geti vaxið enn frekar, þá sérstaklega í tengslum við þessi fyrirtæki sem ég nefndi.“



Ásthildi og fjölskyldu hennar líður afskaplega vel á Akureyri og þau hlakka til næstu ára. MYND/AUÐUNN NÍELSSON



Lilja Sigríður hélt upp á tveggja ára afmælið sitt á Akureyri. Mamma og pabbi eru sæl með stelpuna sína.



Ásthildur og Lilja Sigríður.

> Við fjölskyldan erum alsæl og teljum þetta mikið gæfuspor. Það er nefnilega frábært að búa á Akureyri.



Í Hlíðarfjalli er að finna frábært skíðasvæði. Hér er Ásthildur á skíðum með vinkonum sínum þeim Brynhildi Einarsdóttur og Kristrúnu Lind Birgisdóttur.

## Fjölskyldan alsæl

Eiginmaður Ásthildar er Hafþór Gylfi Jónsson útgerðarmaður og börnin þeirra eru Daníel Jón, tæplega 17 ára, og Lilja Sigríður, tveggja ára. Hún er innt eftir því hvort fjölskyldan hafi verið sátt við að flytja sig um set.

„Það má segja að maðurinn minn hafi átt þá hugmynd að flytja hingað norður. Sonur okkar var á leið í Menntaskólann á Akureyri og þetta var því augljóslega ekki fráleit hugmynd. Svo fór að ég var ráðin í starf bæjarstjóra. Við fjölskyldan erum alsæl og teljum þetta mikið gæfuspor. Það er nefnilega frábært að búa á Akureyri. Nú til dags er fólk yfirleitt ekki bundið neinum átthagafjötrum og mér líður að mörgu leyti eins og ég sé komin heim.“

## Blómlegt mannlíf

Ásthildur segir Akureyri einstakan stað með ótal afþreyingarkostum. „Ég hefði aldrei getað ímyndað mér hversu gott er að búa hérna á Akureyri. Þjónustan við barnafjölskyldur er að mínu mati framúrskarandi og hér upplifi ég það lífsmunstur sem fólk sækist einna helst eftir, það er að segja einfalt og streitulítið daglegt líf. Hér er vinnukúltúrinn agaður, hér sér maður að fólk drífur sig út í hreyfingu um leið og vinnudegi lýkur. Framboðið er mikið; skíði, hlaup, hjólreiðar, sund, siglingar, golf, fótbolti og skautar. Svo ég tali nú ekki um umfangsmikið stígakerfi í bænum sem fólk nýtir sér í æ meira mæli. Það eru ekki bara íþróttir og hreyfing sem vekja athygli heldur einnig dásamlegt menningarstarf; Listasafnið, Leikfélag Akureyrar, Menningarhúsið Hof og svo frábært tónlistarlíf. Bærinn er mikill suðupottur blómlegs mannlífs.“

*En er hún komin með einhver plön fyrir sumarið?*

„Mitt stærsta verkefni verður auðvitað að sinna þessu skemmtilega starfi. Ég hlakka til að hjóla um hjólastígana sem liggja um alla Akureyri og fíflast á leiksvæðunum sem eru óteljandi með Lilju Sigríði. Sömuleiðis hlakka ég til að heimsækja eyjarnar Hrísey og Grímsey og skoða mannlífið þar að sumarlagi. Svo verður dásamlegt að njóta Lystigarðsins, sundlaugarinnar og Kjarnaskógar sem íbúi en ekki sem ferðamaður. Ég held að ég sé að breytast í Akureyring á undraskömmum tíma.“

# Helst í kjörþyngd og laus við löngun í gosdrykki

Bio Kult Candéa er blanda af góðgerlum, hvítlauk og Grape Seed Extract sem hefur góða áhrif á meltinguna og hjálpar til við að draga úr áhrifum og vexti candida svepps.

Candida albicans er svokallaður tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltingu. Hann er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarveginum en ef þessi sveppur fær að vaxa óhindrað verður hann orsök fjölda óæskilegra einkenna eins og t.d. þreytu, liðverkja, loftmyndunar og þyngdaraukningar og löngun í sykruð matvæli og drykki eykst.

## Meltingartruflanir, sveppasýkingar eða þunglyndi?

Afar mikilvægt er að þarmaflóran okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútímasamfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmunum. Þar ber helst að nefna sýklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og að sjálfsögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef það verður ójafnvægi á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra baktería myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er Candida-sveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fer að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki.

**Þau geta til dæmis verið:**

- Meltingartruflanir
- Uppþemba
- Óeðlilegar hægðir
- Húðvandamál
- Sveppasýkingar (sérstaklega hjá konum)
- Tímabundið ofnæmi
- Hugsanlegt þunglyndi

## Sveppur sem elskar sykur

Candida-sveppurinn elskar sykur og nærist og dafnar vel þegar svoleiðis er í boði. Hann ýtir því líka undir löngun í sætindi og eiga margir erfitt með að kljást við þann púka. Mikill ofvöxtur á Candida albicans getur valdið því að þarmaveggirnir veikjast og verða gegndræpir (leaky gut/gegndræpur ristill) og þá er ástandið orðið alvarlegt því þegar óæskileg efni ná að leka úr þörmunum út í líkamann valda þau sjúkdómum eins og til dæmis síþreytu, liðagigt, mígreni og fleiru sem getur verið mun alvarlegra.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi hjá Artasan.

> Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi

## Góðir gerlar og breytt mataræði

Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni. Það þýðir að við sleppum sælgæti, kökum, hveiti og áfengi. Einnig skal draga úr neyslu á korni, baunum, ávöxtum, brauði, pasta og kartöflum, en það mun hindra vöxt sveppsins og á endanum hjálpa til við að koma á jafnvægi. Einnig er mikilvægt að sleppa neyslu á gerjuðum matvælum eins og t.d. súrkáli því þó svo að það sé gott og örvi vöxt baktería í þarmaflórunni, þá örvar það líka óæskilegar bakteríur. Til þess að vinna heilshugar að því að drepa gersveppinn og koma jafnvægi á þarmaflóruna er best að taka inn góða mjólkursýrugerla því það þarf að styðja við framleiðslu á góðum bakteríum á sama tíma og við drögum úr vexti þeirra „vondu“.



„Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun er til staðar í slíkt lengur,“ segir Kolbrún Hildur.




## Bio-Kult Candéa er lausnin

Bio-Kult Candéa inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grapefruit seed extract (GSE) sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður Candida albicans gersveppinn. Fyrir utan að innihalda 7 mismunandi gerlastrengi sem byggja upp vinveittu þarmaflóruna er þarna hvítlaukur sem er gríðarlega öflugur við að drepa niður gerjun og trufla virkni sveppsins og GSE sem er þykkni, gert úr kjörnum greipávaxta. GSE inniheldur efnasambönd sem eru afar virk gegn fjölmörgum tegundum baktería, veira og sveppa og hafa langvarandi sveppasýkingar (af völdum Candida albicans) verið meðhöndlaðar með þessu efni.

## Uppþemban hætti og sykurlöngun minnkað til muna!

Inntaka á Bio-Kult Candéa hefur reynst fjölmörgum afar vel og er Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir ein þeirra:

„Í mörg ár fann ég fyrir óþægindum í maga. Ég upplifði það yfirleitt þegar líða tók á daginn að ég yrði sífellt uppblásnari um magann og sér í lagi efri hluta hans þannig að ég taldi líklegt að um óþol væri að ræða. Mér var bent á Bio Kult Candéa hylkin og ákvað að það sakaði ekki að prófa. Þegar ég hafði tekið staðfastlega 2 hylki daglega með stærstu máltíð dagsins í 2 mánuði fór ég að finna mun. Ég hafði í mörg ár verið afar hrifin af ákveðnum gosdrykk og hann varð hreinlega að vera til í ísskápnum. Eftir þessa tvo mánuði fór ég að finna minnkandi löngun í hann sem og aðra sykraða gosdrykki og hefur vatnsdrykkja aukist að sama skapi. Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun er til staðar í slíkt lengur. Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.“

> Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.
>
> Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir, 54 ára og 5 barna móðir

Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða duga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag). Ef Candida-sýkingin hefur þegar blossað upp þá er í lagi að taka 2 hylki tvisvar á dag.


Eplaedik
– lífsins elexír

Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaraðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika.

Auk eplaediks innheldur Apple Cider ætiþistil, túnfífil og kólín sem getur elft meltinguna, haft góð áhrif á lifrina og leitt til eðlilegs niðurbrots á fitu. Svo er króm sem er gott fyrir blóðsykursjafnvægið og slær þannig á sykurlöngun.

**Aðeins ein tafla á dag og ekkert bragð!**






- Hreinsandi
- Vatnslosandi
- Gott fyrir meltinguna
- Getur lækkað blóðsykur
- Getur dregið úr slímmyndun
- Gott fyrir þvagblöðru, lifur og nýru

NEW NORDIC



Lilja María Ásmundsdóttir, til vinstri, og Berglind María Tómasdóttir verða með tónleika á Myrkum músíkdögum klukkan hálf fjögur í dag í Hafnarhúsinu. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Fer ótroðnar slóðir í sköpun

**Berglind María Tómasdóttir flautuleikari ver helginni að mestu á Myrkum músíkdögum en tónleikar hennar og Lilju Maríu Ásmundsdóttur verða í Hafnarhúsinu í dag.**



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Meginuppistaðan í tónleikunum eru verk eftir Lilju Maríu sem ég kynntist fyrir nokkrum árum hér í Listaháskólanum þegar ég var leiðbeinandinn hennar í lokaritgerð,“ segir Berglind sem kennir flutning og miðlun samtímatónlistar við skólann. „Síðan höfum við brallað ýmislegt saman og hún fór svo í framhaldsnám í tónsmíðum í London og skrifaði tvö verk fyrir mig sem ég flyt á laugardaginn. Annað þeirra er fyrir bassaflautu og raf og hitt fyrir kassettutæki og lokk, hljóðfæri sem ég smíðaði sjálf úr spunarokk og langspili 2015 og er uppspunnið sögulegt hljóðfæri. Síðan verða flutt tvö önnur verk eftir hana, fyrir hljóðskúlptúr, dansara og raf og fyrir píanó og myndefni og eitt eftir mig sem er fyrir píanó, mannsrödd og áhorfendur þar sem er mín eigin rödd á upptöku, Lilja leikur á píanó og svo er krafist ákveðinnar þátttöku af áhorfendum.“

Berglind hefur farið nokkuð ótroðnar slóðir í tónlistarsköpun en hikar við að skilgreina sig sem óhefðbundinn tónlistarmann. „Það er svo erfitt að skilgreina hvað er hefðbundið og hvað er framúrstefnulegt, því listin fer alltaf í hringi. Mörkin milli listgreina eru óðum að mást út og það ægir mörgu saman sem er afleiðing þess hvernig heimi við búum í. Það sem ég geri er kannski að leika mér með hugmyndina um það að fara á tónleika, dreg leikhúsið meira inn í flutninginn og í raun er hljóðfærið sem ég bjó til, lokkurinn, ekki síður gjörningalistaverk en hljóðfæri enda gekk það verkefni út á að búa hann til og kynna svo sem raunverulegan hluta tónlistararfsins.“

> **„Það er erfitt að skilgreina hvað er hefðbundið og hvað er framúrstefnulegt, listin fer alltaf í hringi. Mörkin milli listgreina eru óðum að mást út og það ægir mörgu saman sem er afleiðing þess hvernig heimi við búum í.**

Berglind er með doktorspróf í flutningi eða performance í tónlist frá háskóla í San Diego í Kaliforníu. „Ég var í deild sem heitir Contemporary Music Performance sem útleggst flutningur samtímatónlistar en svo er það túlkunaratriði hvenær samtíminn í tónlist byrjar, var það á síðustu öld eða í gær? En ég hef mjög breiðan áhuga á tónlist nútímans, hef gert útvarpsþætti um dægurtónlist og sæki innblástur úr mörgum ólíkum áttum.“ Hún sendi á dögunum frá sér plötuna Herberging. „Þetta eru allt verk eftir mig unnin í kringum flautu og upptökur með mér þar sem ég spilaði ofan í. Þetta er flautuheimur sem ég kann vel við mig í og þetta er því „minn“ flautudiskur. Platan var tekin upp fyrir tveimur árum og svo ákvað ég í haust að gefa út geisladisk. Ég pældi lengi í því hvernig ég ætti að koma henni frá mér því mér finnst svo ósýnilegt að setja tónlist bara á netið. En svo langaði mig líka að gefa út geisladisk því hann er hverfandi form og þá myndast svo skrýtin og angurvær stemming.“

Hún segir helgina verða nokkuð undirlagða af tónleikunum. „Við verðum mættar í Hafnarhúsið snemma um morguninn til að stilla upp því við erum með heilmikið af hljóðfærum og leikmunum. Ég stefni á að fagna í faðmi fjölskyldunnar eftir tónleika því þau koma öll og svo ætla ég á lokatónleika hátíðarinnar í kvöld og svo á lokafögnuðinn á Húrra því það er alltaf mikið stuð hjá tónlistarmönnum á Myrkum.“

Sunnudagurinn fer svo í rólegheit að mestu. „Þá ætla ég á sleða með stelpurnar mínar þrjár út í snjóinn og endurstilla mig.“


SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Bragðgóð hollusta á milli mála
- lífrænir drykkir sem draga úr nartþörf!

GingerLove DetoxLove



engifer appelsínur sítróna túrmerik ananas engifer

Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Melabúðinni, Fjarðarkaup og fjömörgum apótekum um land allt.

BIO RAW VEGAN abel heilsuvörur


ÚTSÖLULOK
LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR Í DAG!
PETITO 4RA SÆTA SÓFI KR. 295.800
NÚ KR. 236.640
-20%
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
-20%
Turi svefnsófi 140x200 kr. 149.800
NÚ KR. 119.840
-40%
Shady borðlampi
kr. 23.400
NÚ KR. 14.040
-20%
Brooklyn sófaborð kr.69.800
NÚ KR. 55.840
-25%
Maracco pulla kr. 43.700
NÚ KR. 28.400
-40%
60 CM
Spegill kr. 27.900
NÚ KR. 16.740
ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR
-20%
Plankaborð 220x100 kr. 233.400
NÚ KR. 186.720
-25%
Grace borðstofustóll kr. 38.800
NÚ KR. 29.100
-30%
Brit stóll kr. 47.500
NÚ KR. 33.250
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Erótíkin blómstrar eftir gráa skugga

**Það eru átta ár síðan metsölubókin Fifty Shades of Grey kom út. Bók sem vakti mikla athygli og umræðu um allan heim. Bókin seldist í 150 milljónum eintaka. Í apríl kemur út ný bók eftir James.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





E.L. James hefur vakið heimsathygli fyrir bækur sínar um gráu skuggana. Í apríl kemur ný erótísk saga eftir hana í búðir.

> Þetta er nútíma Mjallhvítar-saga sem gerist meðal annars í London, Cornwall og Austur-Evrópu. Maxim er myndarlegur auðmaður. Hann hefur aldrei þurft að vinna og sefur sjaldan einn.

E.L. James er höfundur bókanna og enn á ný sendir hún frá sér erótíska sögu, The Mister eða Herrann. Þetta er ástarsaga eins og fyrri bækur hennar. Höfundurinn segir bókina fjalla um ástríðufulla rómantík milli Alessiu og Maxims. Sögusviðið er víða um heiminn. „Þetta er nútíma Mjallhvítar-saga sem gerist meðal annars í London, Cornwall og Austur-Evrópu. Maxim er myndarlegur auðmaður. Hann hefur aldrei þurft að vinna og sefur sjaldan einn. Allt breytist þegar áfall ríður yfir og hann þarf að takast á við hlutverk sem hann á erfitt með að höndla. Hann kynnist konu sem kemur til Englands og á sér hættulega og erfiða leynda fortíð. Lesandinn fær að kynnast rússíbanareið af spenningi, segir á vefsíðu The Guardian.

„Maxim og Alessia hafa haldið mér fanginni á heillandi vegferð og ég vona að lesendur mínir njóti spennunnar eins og ég gerði á meðan ég skrifaði söguna,“ sagði E.L. James þegar hún kynnti bókina fyrir nokkrum dögum.

Bækur E.L. James um gráu skuggana urðu gríðarlega vinsælar um allan heim en þær voru þrjár. Þess má geta að 550 þúsund eintök seldust einungis í Noregi en hún var gefin út á 52 tungumálum. Þegar fyrsta bókin kom út 2011 voru flestar konur um allan heim með bókina sér við hönd hvar sem þær fóru um, í lestum, kaffihúsum, á sólarströndum eða bara heima.

Bækurnar urðu þrjár og í framhaldinu var gerð bíómynd í Hollywood eftir þeim. Bíómyndirnar um Anastasiu Steele og Christan Grey urðu þó ekki jafnvinsælar og bækurnar. Sagt er að Christian Grey hefði kynnt BDSM fyrir veröldinni. Í fyrra var frumsýnd bíómyndin The Book Club sem fjallaði um fjórar vinkonur sem komnar voru vel yfir miðjan aldur og lásu 50 Shades of Grey í lesklúbbi. Leikkonurnar voru ekki af verri endanum, þær Jane Fonda, Diane Keaton, Candice Bergen og Mary Steenburgen. Myndin þótti bæði fyndin og skemmtileg.

Höfundurinn E.L. James segist aldrei hafa átt von á slíkum viðbrögðum þegar hún gaf út fyrstu bókina. Tímaritið Forbes setti hana á lista yfir söluhæstu rithöfunda í veröldinni árið 2013. James fékk 95 milljónir dala fyrir bækurnar og 5 milljónir að auki fyrir kvikmyndaréttinn að handritinu. Hún heitir fullu nafni Erika Leonard Mitchell og fæddist á Englandi 7. mars 1963. Fyrsta bók hennar, Fifty Shades of Grey, sat á metsölulista New York Times í 133 vikur. Aðdáendur hennar hljóta að bíða spenntir eftir nýju bókinni.

Viltu kynnast spennandi starfsvettvangi?

**Ert þú netsérfræðingur framtíðarinnar?**

sensa

**Saga og grunnur netkerfa**

Í tilefni af UTmessu vikunni býður **Sensa** ungu fólki (18–25 ára) á kynningu um uppbyggingu netkerfa.

Áhugaverður fyrirlestur sem stiklar á stóru í sögu tölvuneta allt frá gamla sveitasímanum til nútíma kerfa.

Fyrirlesturinn gefur skemmtilega yfirsýn yfir virkilega áhugaverðan og fjölbreyttan starfsvettvang sem Sensa sérhæfir sig í.

**Hvar:**
Sensa, Ármúla 31, 108 Reykjavík

**Hvenær:**
Þriðjudaginn 5. febrúar frá kl. 16–18
Miðvikudaginn 6. febrúar frá kl. 16–18

Fyrirlesturinn er ókeypis.
Sætaframboð er takmarkað.



**Fyrirlesari:**
Ómar Henningsson

Ómar er menntaður rafeindatæknifræðingur og hefur starfað við hönnun og uppsetningu netkerfa í meira en 25 ár ásamt því að bjóða upp á námskeið fyrir viðskiptavini.

Hann er einn reynslumesti netsérfræðingur landsins og hefur verið með CCIE gráðu Cisco síðan 1996. Ómar sat í ráðgjafaráði Cisco (CCIE Advisory Council) frá 2014–2018 þar sem hann tók þátt í að móta menntunarstefnu Cisco m.a. hvernig endurmenntun er háttað.

Skráning á **sensa.is/starfsvettvangur**

# Ástríkt helgarfæði

Helgin er tími samveru og ástar. Dýrmætar stundir sem aldrei koma aftur. Hver dagur er gjöf og eins gott að nýta hann vel til að tjá tilfinningar sínar og sýna þær í verki. Því ekki að prófa að útbúa allan mat með ástarívafi um helgina? Finna hjartalaga skapalón til að sáldra í gegnum súkkulaði yfir kaffið eða heita kókóið, smyrja brauðsneiðar morgunsins og síðdegiskaffisins með hjartalaga myndum eins og hnetusmjöri og hjartafylli af sultu eða lárperumauki með klofnu hjartalaga jarðarberi? Nú eða fá unaðslegan bökunarilm í loftið og baka hjartalaga smáköku skreytta með kremi og ilmandi rós?

Allt kemur það ástinni örugglega til skila og er falleg minning í dagbók ævidaganna.









Leiðin að hjarta mannsins er í gegnum magann. Því ekki að treysta þau bönd með ástleitnu fæði um helgina?

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

RÍKISKAUP

# Spennandi störf hjá Ríkiskaupum

Ríkiskaup óska eftir að ráða öfluga starfsmenn í þrjú stöðugildi. Störfin eru fjölbreytt, spennandi og krefjandi. Starfshlutfall allra starfanna er 100% og starfsstöðin er í Reykjavík.

## Verkefnastjóri á Þjónustusviði

**Helstu verkefni:**

- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup opinberra stofnana og fyrirtækja
- Gerð útboðsgagna – stjórnun útboðsferla
- Samskipti vegna markaðsverkefna
- Áætlana- og samningasgerð
- Verkefna- og samningastjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Æskileg er 3-5 ára reynsla af sambærilegum störfum
- Tæknilegur bakgrunnur, tölvufærni og haldgóð þekking á upplýsingatæknimálum æskileg
- Viðskiptareynsla, sölu- og ráðgjafareynsla æskileg
- Þekking á opinberum innkaupum, gerð útboða og verkefnastjórnun er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Tungumálakunnátta, auk íslensku, er að lágmarki enska og eitt Norðurlandatungumál

## Teymisstjóri rammasamninga

**Helstu verkefni:**

- Stjórnun 5 manna teymis sem felst m.a. í að fylgja eftir rammasamnings- og þróunarverkefnum sem starfsmönnum teymisins eru fengin til úrlausnar
- Greina þarfir viðskiptavina, veita ráðgjöf, upplýsingar, kynningu og fræðslu um rammasamninga
- Áætlanagerð um útboð rammasamninga og innkaupaverkefni og gerð útboðsgagna
- Frumkvæði að nýjum verkefnum og ráðgjöf með samskiptum við viðskiptavini
- Verkefnastjórn þar sem við á

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Æskileg er 3-5 ára reynsla af sambærilegum störfum og viðskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Teymishugsun, samstarfsvilji ásamt lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun efnis
- Viðskiptareynsla, sölu- og ráðgjafareynsla er æskileg
- Þekking á opinberum innkaupum, gerð útboða er kostur
- Mikil tölvufærni og haldgóð þekking á upplýsingatæknimálum er æskileg
- Framúrskarandi skipulags- og greiningarhæfni
- Góð íslenskukunnátta og gott vald á ensku og einu Norðurlandatungumáli

## Gæða- og skjalastjóri

**Helstu verkefni:**

- Rekstur og viðhald gæða- og skjalastjórnunarkerfa
- Skipulagning og umsjón gæðastarfs og reglulegra innri úttekta
- Ýmis verkefni tengd skjalastjórnun í gagnagrunni og eftirfylgni reglna um skjalastjórnun
- Ritstjórn ársskýrslu, greining tölfræðilegra gagna og framsetning þeirra á vef Ríkiskaupa
- Yfirumsjón með þjónustukönnunum og kynning á þeim
- Önnur tilfallandi verkefni miðað við verkefnastöðu – t.d. á sviði útboðs-, fræðslu- og markaðsmála

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólamenntun sem sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 3ja ára þekking og reynsla í gæða- og skjalastjórnun
- Mikil tölvufærni og haldgóð þekking á gæða- og skjalastjórnunarkerfum
- Þekking á gæðastaðlinum ISO 9001 er æskileg
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og gott vald á ensku og einu Norðurlandatungumáli
- Hæfni í samskiptum og öguðum vinnubrögðum
- Hæfni til að setja fram texta í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður

Æskilegt er viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru skv. samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

*Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa. Ríkiskaup annast framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir opinbera aðila.*

*Ríkiskaup leggja metnað sinn í að ætíð séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju.*

*Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á* ***www.rikiskaup.is***

*Nánari upplýsingar um störf teymisstjóra rammasamninga og verkefnastjóra veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225 og Ragnar Davíðsson, forstöðumaður Þjónustusviðs Ríkiskaupa (ragnar.davidsson@rikiskaup.is) í síma 530-1419. Upplýsingar um starf gæða- og skjalastjóra veitir Ari Eyberg. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# Ert þú arkitekt með skipulagshæfni?

Framkvæmdasýsla ríkisins leitar að drífandi og framsýnum liðsmönnum til að taka þátt í spennandi verkefnum á sviði opinberra framkvæmda, húsnæðisöflunar og tengdrar stefnumörkunar.

Í boði eru fjölbreytt verkefni, sveigjanleiki í starfi og tækifæri til starfsþróunar hjá þekkingarstofnun í vexti.

Umsóknarfrestur
**18. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12726**

**Starfssvið:**
- Almenn verkefnastjórn á stigi þarfagreininga og hönnunar
- Fjölbreytt ráðgjöf til viðskiptavina FSR um húsnæðismál
- Umsjón með verkefnum á hönnunarstigi
- Gerð frumathugana, þarfagreininga og húsrýmisáætlana
- Umsjón með hönnunarsamkeppnum
- Gerð hönnunarsamninga
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna
- Þátttaka í frumkvæðisverkefnum FSR

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í arkitektúr. Meistarapróf er kostur
- Þekking á hönnunarstjórn og/eða verkefnisstjórn.
- Þekking á hönnun og notkun hönnunarhugbúnaðar.
- Þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar.
- Frumkvæði, sjálfstraust og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum og miðlun efnis
- Góð íslensku- og enskukunnátta

fsr

En það skal enginn afskrifa Patriotsliðið með besta þjálfara allra tíma, Bill Belichick sem hefur alltaf gert vel í því að loka á styrkleika andstæðinga Patriots. Brady og Belichick eru að fara saman í Super Bowl í níunda skiptið á ferlinum, oftar en nokkurt annað lið í NFL-deildinni og þekkja þennan leik því eins og handarbakið á sér. Brady getur á sunnudaginn unnið sjötta meistaratitilinn sem leikmaður en hann yrði þá fyrsti leikmaðurinn í sögu NFL-deildarinnar sem vinnur sex titla sem leikmaður. Charles Haley, sem er í frægðarhöll NFL-deildarinnar og lék á sínum tíma með San Francisco 49ers og Dallas Cowboys, vann fimm meistaratitla á ferlinum með tveimur mismunandi félögum en Brady hefur unnið alla með Patriots. Það bendir ekkert til þess að farið sé að hægja á Brady að stýra Patriots-liðinu þrátt fyrir að hann verði 42 ára á þessu ári.

Fyrsta forgangsatriði Belichicks er að sóknarlína Patriots-manna nái haldi aftur af Donald, Suh og félögum og verja Brady á sama tíma og þeir opni glufur fyrir hlaupaleik Patriots. Hlaupaleikurinn hefur verið öflugur í úrslitakeppninni og er glufur að finna á sóknarlínu Rams þrátt fyrir að þeim hafi tekist að loka vel á Alvin Kamara og Ezekiel Elliott, tvo af bestu hlaupurum deildarinnar, til þessa í úrslitakeppninni.

Einnig verður áhugavert að sjá hvernig Rams-vörnin ætlar að stöðva Rob Gronkowski, tveggja metra innherja Patriots. Það er enginn varnarmaður Rams sem ætti að geta haldið í við Gronk upp á eigin spýtur og mun Brady eflaust nýta sér það til hins ýtrasta ásamt því að vera duglegur að finna svæðið fyrir aftan varnarlínu Rams með stuttum sendingum.

Þá mun það hjálpa Patriotsmönnum að þeir kannast við þetta allt saman. Meirihluti liðsins sem lék til úrslita síðustu tvö ár er enn á sínum stað og ættu aðstæðurnar ekki að trufla þrautreynt lið Patriots þegar leikurinn hefst á sunnudaginn á meðan aðeins þrír leikmenn Rams af 54 hafa unnið meistaratitil áður.



# Klæðskerasniðin skrifstofurými til leigu

Laus eru til leigu rúmgóð skrifstofu- og verslunarrými með fallegu útsýni að Höfðabakka 9. Við húsið eru næg bílastæði fyrir bæði gesti og starfsfólk og auðvelt er að nálgast ýmsa þjónustu í nærumhverfi. Höfðabakki 9 er í alfaraleið og nálægt fjölförnum samgönguæðum.

Rýmin sem um ræðir eru á ýmsum hæðum.

Heil hæð um 900 m²
Hálf hæð um 450 m²

Gert er ráð fyrir að aðlaga rýmið að þörfum leigutaka í góðu samstarfi.

**Myndir af uppgerðum rýmum, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is. Einnig veitir Halldór Jensson sölustjóri upplýsingar í síma 840-2100 eða á halldor@reitir.is.**

**Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000**

REITIR

*Velkomin til starfa*



**Sigurður Samúelsson** Lögg. fast. og eigandi



**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri og eigandi



**Þórey Ólafsdóttir** Lögg. fast. og eigandi



**Andri Sigurðsson** Lögg. fast. og eigandi



**Sveinn Eyland** Lögg. fast og eigandi



**Benedikta Gísladóttir** Skjalavinnsla/móttaka



**Nadia Katrín Banine** Löggiltur fast.



**Ingibjörg A. Jónsdóttir** Löggiltur fast.



**Eggert Maríuson** Löggiltur fast.



**Jóhanna Gustavsdóttir** Löggiltur fast.



**Helga Snorradóttir** Skrifstofa/skjalavinnsla



**Guðrún D. Lúðvíksdóttir** Löggiltur fast.



**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir** Löggiltur fast.



**Bergrós Hjálmarsdóttir** Löggiltur fast.



**Siggi Fannar** Löggiltur fast.

# www.landmark.is

## ... leiðir þig heim!

**LANDMARK**
FASTEIGNAMIÐLUN

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900

## HÆÐARGARÐUR 3A, (6 HE) 108 RVK




**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 2. FEB kl 15:30-16:00**
- 173,3 fm mikið endurbætt 6. herb á þremur pöllum.
- Stofa/borðstofa með fallegum arni, útgengt á s-svalir.
- Nýlegt eldhús með vönduðum tækjum, innbyggðum.
- Fjögur svefnherbergi og stórt hobby- eða TV herb.
- Miklir möguleikar og frábær staðsetning

**Verð 77,5 millj.**

**Þórey, s. 663 2300**

## MELÁS 8, (PARHÚS), 210 GARÐABÆ




**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 3. FEB kl 13:00-13:30**
- 223,3 fm parhús með sérstæðum bílskúr.
- Grasflötur, timburverönd og heitur pottur.
- Forstofa, eldhús, stofa/borðstofa, garðskáli.
- Fjögur til fimm svefnherbergi og tvö baðherbergi.
- Miklir möguleikar og frábær staðsetning.

**Verð 74,9 millj.**

**Þórey, s. 663 2300**

## FÍFULIND 4, (ÍBÚÐ 402), 201 KÓP




**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 3. FEB kl 14:00-14:30**
- 134,2 fm mikið endurbætt útsýnisíbúð á 2 hæðum.
- Stofa / borðstofa og eldhús, útgengt á stórar suðursvalir.
- Fjögur góð svefnherbergi og sjónvarpshol.
- Nýlegt baðherbergi og þvottahús innan íbúðar.
- Frábær staðsetning í barnvænu hverfi.

**Verð 54,9 millj.**

**Þórey, s. 663 2300**

## FRIGGJARBRUNNUR 19, 113 RVK




**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 3. FEB kl 15:00-15:30**
- 242,6 fm 3ja hæða parhús með bílskúr.
- Húsið er fullbúið og tilbúið til afhendingar.
- Sannkallað fjölskylduhús með möguleiki á aukaíbúð.
- Forstofa, eldhús, tvær stofur, fjögur svefnherbergi.
- Þrjú baðherbergi og þvottahús.
- Miklir möguleikar og frábær staðsetning.

**Verð 74,9 millj.**

**Þórey, s. 663 2300**

## SANDAKUR 2, (ENDARAÐH), 210 GB




**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 3. FEB kl 16:00-16:30**
- 242,6 fm endaraðhús á 2 hæðum með bílskúr.
- Húsið er laust og tilbúið til afhendingar við kaupsamn.
- Stofa, borðstofa og eldhús í opnu rými á neðri hæð.
- Hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi.
- Tvö stór barnaherb (má bæta við 3ja) og sjónvarpsherb.
- Þrjú baðherbergi og þvottahús (nýtt sem herb í dag)

**Verð 99 millj.**

**Þórey, s. 663 2300**

## BREIÐÁS 9 (HÆÐ), 210 GB




**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 3. FEB kl 17:00-17:30**
- 138,7 fm hæð í tvíbýlishúsi með stórum suðurgarði.
- Forstofa, endurbætt eldhús, stofa/borðstofa og hol.
- Fjögur svefnherbergi (voru áður 3), hol og baðherbergi.
- Sameiginlegt þvottahús og sér geymsla í kjallara.
- Frábær staðsetning í grónu og barnvænu hverfi.

**Verð 49,9 millj.**

**Þórey, s. 663 2300**

## MÁVAHLÍÐ 6 – 105 RVK




**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 3.JAN KL.15.00 – 15.30**
- Endurnýjuð 106 fm íbúð á 1.hæð m/séringg.
- Þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa
- Nýleg eldhúsinnrétting og gólfefni
- Búið að endurnýja, rafmagn og ofnalagnir
- Hús verið steinað að utan, skipt um glugga og gler

EIGN GETUR FENGIST AFHENT FLJÓTLEGA

**V. 59,9 millj.**

**Sveinn s. 6900.820**

## ÚLFARSBRAUT 42 – 113 RVK




**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 3.JAN KL.15.00 – 15.30**
- Vel skipulagt 204 fm parhús á tveim hæðum.
- Veglegt eldhús með vönduðum innréttingum og tækjum.
- Ísskápur og uppþvottavél sem mögulegt er að fá með í kaupum.
- HTH-innréttingar, aukin lofthæð á efri hæð.
- Rúmgott hjónaherb. með fataherb. innaf.

LAUS TIL AFHENDINGAR

**V. 84,9 millj.**

**Sveinn s. 6900.820**

## TRAÐARBERG 5 – 221 HFJ




**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 3. FEB KL. 14:00 – 14:30**
- Falleg 5 herbergja 120 fm íbúð á 1. Hæð
- Fjögur svefnherbergi – mjög gott skipulag.
- Gólfefni endurnýjuð og innihurðar.
- Frábært fjölskylduhverfi – göngufæri í skóla.

**V. 49,7 millj.**

**Ingibjörg 897-6717**

## VÆTTABORGIR 86 – 112 RVK




**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 3. FEB KL. 12:30 – 13:00**
- Virkilega fallegt 5 herbergja, 142 fm raðhús með bílskúr
- Fjögur svefnherbergi í núverandi skipulagi. Íbúðarrými á 2. hæð
- Aukin lofthæð og frábært skipulag. Tvennar svalir í suður og norður
- Frábært fjölskylduhverfi – stutt í skóla og leikskóla.

**V. 62,9 millj.**

**Sigurður 896-2312**

## LAMBHAGAVEGUR 13 – 113 RVK




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Nýtt 214 fm atvinnuhúsnæði, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.
- Afhendist á byggingarstigi 7. Mikil lofthæð og millihæð að hluta.
- Svalir í vestur með útsýni– mjög gott auglýsingagildi við Vesturlandsveginn.
- Tilbúið til afhendingar.

**V. 62,9 millj.**

**Sigurður 896-2312**

## SMIÐJUVEGUR 26 – 200 KÓP




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Mikið endurnýjað 391,5 fm atvinnuhúsnæði í tveimur matshlutum.
- Tvær iðnaðarhurðir í öðru rýminu og ein í hinu.
- Annað rýmið útbúið sem bílaþvottastöð og selst sem slíkt.
- Frábær staðsetning – húsnæðið er í leigu með góðum leigutekjum.

**V. 111,9 millj.**

**Sigurður 896-2312**




**NÝTT Á SKRÁ & OPIÐ HÚS MILLI KL 15:00 OG 16:00**

**SUNNUDAGINN 3. FEBRÚAR**

**LANDMARK fasteignamiðlun kynnir til sölu 22 nýjar útsýnisíbúðir, 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja** með sérinngangi eða sérinngangi af stigapalli í fallegu lyftuhúsi í Urriðaholtinu í Garðabæ.

Íbúðirnar eru 22 talsins og afhendast fullbúnar án gólfefna en helmingi íbúðanna fylgir bílskúr.

Frábær staðsetning og miklir útivistarmöguleikar í nágrenninu en Mosagatan liggur hátt í Urriðaholtinu með glæsilegu útsýni yfir byggðina til suðurs og vesturs.



**Þórey** Ólafsdóttir
löggiltur fasteignasali
Gsm **663 2300**

**Sigurður** Samúelsson
löggiltur fasteignasali
Gsm **896 2312**

**LANDMARK**
FASTEIGNAMIÐLUN

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
2. FEBRÚAR 2019 LAUGARDAGUR



✝

Okkar ástkæra systir,

**Sóley Ólafsdóttir**

Skálatúni, Mosfellsbæ,

lést mánudaginn 28. janúar.
Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Systkini hinnar látnu.**

---



✝

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Hildigunnar Eyfjörð Jónsdóttur**

Grenilundi, Grenivík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grenilundi fyrir góða umönnun.

**Fanney Sólborg Ásmundsdóttir**
**Elísa Jóna Ásmundsdóttir** **Grétar Jón Pálmason**
**Kristinn Hólm Ásmundsson** **Erna Rún Friðfinnsdóttir**
**Kristján Þór Ásmundsson** **Hanna B. Margrétardóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Björn Björnsson**

bóndi og húsasmíðameistari,
Ytri-Löngumýri, Blönduósi,

lést á Landspítalanum þ. 28. janúar sl.
Útförin fer fram frá Blönduóskirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 13.

**Ólöf Birna Björnsdóttir** **Styrmir Magnússon**
**Bjarki Björnsson** **Hjördís María Ólafsdóttir**
**Steinn Örvar Bjarnarson** **Svanhvít H. Magnúsdóttir**
**Brynhildur Una Björnsdóttir**
**Haukur Hafliði Björnsson**
**María Sigrún, Viktoría Dagný, Kristófer Bjarnar, Óli Björn og Eva Katrín**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---

# Tímamót á Seltjarnarnesi

**Nýtt og glæsilegt hjúkrunarheimili við Safnatröð á Seltjarnarnesi verður vígt í dag við hátíðlega athöfn. Nafn heimilisins verður opinberað við sama tækifæri.**

**TÍMAMÓT** Fjórum árum og átta mánuðum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin að nýju hjúkrunarheimili við Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi er heimilið nú fullklárað. Velferðarráðuneytið og Seltjarnarnesbær stóðu saman að framkvæmdunum. „Með stolti og gleði afhendir Seltjarnarnesbær húsnæðið nú í byrjun febrúar 2019, fullfrágengið til rekstraraðila heimilisins," segir í fréttatilkynningu frá bænum.

Í dag klukkan 13.00 verður vígsluathöfn hjúkrunarheimilisins við Safnatröð þar sem boðið verður upp á sérstaka hátíðardagskrá auk þess sem klippt verður á borða og húsið blessað. Við það tækifæri verður nafn hjúkrunarheimilisins jafnframt kynnt.

Samkvæmt upplýsingum frá Seltjarnarnesbæ er hjúkrunarheimilið hið glæsilegasta. Það samanstendur af fjórum heimilum, hvert og eitt með tíu herbergjum. Alls eru þetta því 40 hjúkrunarrými ásamt kjarna fyrir dagdvöl, sjúkraþjálfun, iðju og þjónustu.

„Ákvörðun um byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi hefur markað tímamót í byggingarsögu stofnana fyrir aldraða hér á Nesinu," segir í fréttatilkynningunni. „Þetta heimili hefur verið skipulagt og hannað frá grunni með það fyrir augum að vera raunverulegt heimili fólks sem heilsu sinnar vegna er ekki lengur fært um að búa á eigin vegum."

Hjúkrunarheimilið verður rekið eftir nýrri hugmyndafræði í öldrunarþjónustu sem felur í sér sameiningu á helstu kostum sjálfstæðrar búsetu og þess öryggis sem hjúkrunarheimili hafa upp á að bjóða.

„Þessi hugmyndafræði byggir á þátttöku íbúanna sjálfra og aðstandenda þeirra í hinu daglega lífi á heimilinu, þar sem starfsfólk og íbúar vinna saman að því að skapa virkt og hlýlegt samfélag."

Heilbrigðisráðuneytið hefur falið Vigdísarholti, einkahlutafélagi í eigu ríkisins, að annast rekstur hjúkrunarheimilisins og er gert ráð fyrir því að starfsemi hefjist í húsinu á allra næstu vikum.

kjartanh@frettabladid.is



**Nýja hjúkrunarheimilið er hið glæsilegasta.** FRÉTTABLAÐIÐ/SELTJARNARNESBÆR

> **Hjúkrunarheimilið verður rekið eftir nýrri hugmyndafræði í öldrunarþjónustu sem felur í sér sameiningu á helstu kostum sjálfstæðrar búsetu og þess öryggis sem hjúkrunarheimili hafa upp á að bjóða.**

---



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gíslína Jónsdóttir**

lést þann 18. janúar að hjúkrunarheimilinu Sólvangi, Hafnarfirði. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við einstöku starfsfólki Sólvangs fyrir hlýju og frábæra umönnun.

**Jóhann Jóhannsson** **Guðný Pálsdóttir**
**Eva Björk Jóhannsdóttir** **Þórir Jóhannsson**
**Daniel Evuson**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug, við andlát og útför ástkærs föður okkar, afa og langafa,

**Ragnars Sveins Olgeirssonar**

áður bónda á Oddsstöðum
í Lundarreykjadal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar í Borgarnesi fyrir einstaklega góða umönnun og hlýju.

**Sigurður Oddur Ragnarsson** **Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Olgeir Helgi Ragnarsson** **Theodóra Þorsteinsdóttir**
**afabörn og langafasynir.**

---



✝

Við þökkum ykkur, kæru vinir og fjölskylda, fyrir hlýjar kveðjur, hugulsemi og auðsýnda samúð vegna fráfalls og útfarar okkar ástkæra

**Jóns Sigurðssonar**

svæfingalæknis

sem lést laugardaginn 29. desember sl.

**Ásdís Magnúsdóttir**
**Sigurður Örn Jónsson** **Sigríður Oddný Guðjónsdóttir**
**Þorbjörg Jónsdóttir** **Sæþór Ólafsson**
**Hermann Páll Jónsson** **Éva Tóth**
**Ólafur Sigurðsson** **Helga Kjaran**
**afabörn og langafabarn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

**Þórir Magnússon**

málarameistari,
Stapasíðu 11b,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 30. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Svava Svavarsdóttir**
**Magnús Þórisson**
**Anna Karen Þórisdóttir**
**Þórey Sif Þórisdóttir**
**Árdís Svanbergsdóttir**
**Ragnar Magnússon** **Kristín Steindórsdóttir**
**Einar Magnússon** **Guðný Sigurharðardóttir**
**Ottó Magnússon** **Guðrún Gísladóttir**
**Svavar Konráðsson** **Anna Friðriksdóttir**
**Anna Soffía Svavarsdóttir** **Halldór G. Halldórsson**
**Konráð Svavarsson** **Pálmey Sigtryggsdóttir**
**Sigurður Örn Svavarsson**
**fjölskyldur og vinir.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hilmar Gunnlaugsson**

prentari,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 30. jan. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 15.
Innilegar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir góða þjónustu og hlýlegt viðmót.

**Gunnlaugur Hilmarsson** **Reyndís Harðardóttir**
**Þorkell Svarfdal Hilmarsson** **Hrafnhildur Hartmannsd.**
**Gunnar Þór Hilmarsson**
**Hilmar Hilmarsson**
**Marta Þ. Hilmarsdóttir** **Vermundur Á. Þórðarson**
**Hildur María Hilmarsdóttir** **Þórarinn Þorfinnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

MEÐBYR KYNNIR

# HAMINGJA OG ÁRANGUR

Íslenskt afreksfólk á heimsmælikvarða ræðir leið sína að árangri, ásamt fagfólki í jafnvægislistinni um lífið.

SUNNUDAGINN 24. FEBRÚAR

Í SILFURBERGI Í HÖRPU



**ELÍSABET**
MARGEIRSDÓTTIR



**JOHN SNORRI**
SIGURJÓNSSON



**ÓLAFÍA ÞÓRUNN**
KRISTINSDÓTTIR



**GUÐNI**
GUNNARSSON



**ÓLAFÍA**
KVARAN



**SÖLVI**
TRYGGVASON



**MATTI ÓSVALD**
STEFÁNSSON



**VILBORG ARNA**
GISSURARDÓTTIR



KYNNIR OG STJÓRNANDI
**GUÐRÚN SÓLEY GESTSDÓTTIR**

MIÐASALA Á **HARPA.IS** OG Í MIÐASÖLU HÖRPU



Ástkær eiginkona, móðir, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir,

**Jónína Helga Þórólfsdóttir**

andaðist á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 8. febrúar klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Ljóssins.

**Orri Hallgrímsson**
**Loftur Snær Orrason og Lena Líf Orradóttir**
**Þorbjörg Júlíusdóttir** **Þórólfur Magnússon**
**Júlíus Björn Þórólfsson** **Rebekka Rós Þorsteinsdóttir**
**Aðalheiður Dóra Þórólfsdóttir** **Ásgeir Freyr Ásgeirsson**
**Guðrún Ófeigsdóttir** **Hallgrímur Arason**
**Lena Hallgrímsdóttir** **Einar Steinsson**
**Ari Hallgrímsson** **Rut Viktorsdóttir**
**Högni Hallgrímsson** **Perla Konráðsdóttir**
**og börn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og systir,

**G. Hafdís Alexandersdóttir**

Boca Raton, Flórída,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 15. janúar. Minningarathöfn verður í Fríkirkjunni Reykjavík, mánudaginn 4. febrúar kl. 13.

**John P. Toohey**
**Alexander James Toohey**
**Selma Dröfn Toohey** **Sadiq Anthony Omotosho**
**Ellert Þór Toohey**
**Þórunn Alexandersdóttir** **Hjörleifur Harðarson**
**Sigurjón Alexandersson** **Signý Traustadóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bjarnveig Karlsdóttir**

áður til heimilis að Fannafold 66a,

lést á Sólvangi hjúkrunarheimili sunnudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.

**Eybjörg Einarsdóttir** **Tryggvi Jakobsson**
**Karl Rúnar Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn Ingvarsdóttir**

sjúkraliði frá Þrándarholti, Kambaseli 56, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 26. janúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 7. febrúar klukkan 15.00.

**Guðmundur Örn Böðvarsson** **Kristín Fjóla Bergþórsd.**
**Óli Fjalar Böðvarsson** **Margret Andreasen**
**Birkir Böðvarsson** **Guðrún Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og samúð við fráfall eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Þorvalds Ólafssonar**

vélstjóra, Strikinu 2, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Báruhrauns á Hrafnistu í Hafnarfirði, fyrir góða umönnun, nærgætni og hlýju.

**Ólöf Árnadóttir**
**Ólafur Þorvaldsson** **Erla Kjartansdóttir**
**Steinunn Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Luna 9 og mjúka lendingin

## Fimmtíu og þrjú ár eru síðan sovéska ómannaða geimfarið Luna 9 lenti á Tunglinu. Það var fyrsta mjúka lendingin á Tunglinu.

**TÍMAMÓT** Luna 9 lenti á Tunglinu þann 3. febrúar árið 1966, klukkan 18.45 að íslenskum tíma eftir þriggja daga ferðalag frá Jörðinni. Þetta var fyrsta „mjúka“ lending geimfars á Tunglinu. Afrekið var jafnframt staðfesting á því að lendingarfar gæti yfirhöfuð lent á yfirborði Tunglsins án þess að sökkva í tunglryk. Lendingarstaðurinn var tunglhafið Oceanus Procellaraum sem er næri 2.500 kílómetra breið slétta á vesturhluta Tunglsins.

Luna 9 var skotið á loft af Sovétmönnum frá Baikonur-geimferðamiðstöðinni í Kasakstan þann 31. janúar árið 1966. Um borð var lendingarfarið sem hafði að geyma samskiptabúnað, hitastjórnunartæki og aðeins eitt vísindatól sem átti að nota á yfirborði Tunglsins. Það var geislunarmælir. Fljótlega eftir að Luna 9 lenti bárust fyrstu myndirnar sem teknar voru af yfirborði Tunglsins. Myndirnar voru samsettar úr nokkrum víðmyndum, en á þeim mátti sjá víðfeðma og klettótta auðn Tunglsins. Geislunarmælirinn sýndi að geislunin í þessu óaðlaðandi landslagi samsvaraði 30 millirödum á dag.

Eftir þessa mælingu og einfaldar myndatöku var verkefni Luna 9 í raun lokið. Sovéskir vísindamenn héldu áfram að fylgjast með stöðu geimfarsins en þremur dögum eftir lendingu þess á Tunglinu slitnaði sambandið við rannsóknarhópinn í Kasakstan. Þar með lauk verkefni Luna 9. kjartanh@frettabladid.is



**Luna 9 var með undarlegri geimförum sem skotið hefur verið á loft.** FRÉTTABLAÐIÐ/NASA



**Túlkun listamanns á Lua 9.**



**Mynd frá Luna 9 á yfirborði Tunglsins.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Elín S. Sigurðardóttir**

ljósmóðir,

lést á Dalbæ, heimili aldraðra, Dalvík, 28. janúar sl. Jarðarför hennar fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 9. febrúar kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Dalbæjar (4661378).

**Sigrún K. Óskarsdóttir** **Jón Viðar Óskarsson**
**Petrína Þ. Óskarsdóttir** **Jóhanna K. Óskarsdóttir**
**Óskar Óskarsson**
**og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gróa Jóna Bjarnadóttir**

frá Suðureyri við Tálknafjörð,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ sunnudaginn 27. febrúar. Jarðarförin fer fram í Garðakirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.

**Bjarni Eiríkur Haraldsson** **Þórdís Jónasdóttir**
**Karen Haraldsdóttir** **Markús Már Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð og vináttu vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Matthíasar Kjeld**

læknis, Dalsbyggð 19,

Ættingjum, vinum, samstarfsfólki og samferðafólki þökkum við tryggð, vináttu og góðar minningar.

**Marcella Iñiguez**
**Matthías Kjeld**
**Alfreð Kjeld**
**Alexandra Kjeld** **Sveinn Ingi Reynisson**
**Símon Reynir Sveinsson**



Ástkær móðir okkar, dóttir og barnabarn,

**Anna Sigríður Jóhannesdóttir**

lést þann 4. desember síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey 18. desember. Þökkum hlýhug og samúðarkveðjur á þessum erfiðu tímum.

**Sindri Snær Eyjólfsson**
**Aron Logi Eyjólfsson**
**Jónína Birgisdóttir**
**Sigríður Svavarsdóttir**



Elskuleg dóttir mín, systir okkar, mágkona og frænka,

**Helga Stefánsdóttir**

Keilusíðu 7b, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 29. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 10.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Stefán Sigurðsson, Lilja, Sóldís og fjölskyldur.**



Ástkær sonur minn, bróðir og faðir,

**Jóhannes Hellertsson**

er látinn. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Magnea Edilonsdóttir**
**Edilon Hellertsson**
**Thelma Ósk Jóhannesdóttir**
**Einar Ingi Jóhannesson**
**og fjölskyldur.**


GRAL KYNNIR
SVARTLYNG
ÞT. Mbl.
SJ. Frbl.
„Við viljum ekki anarkí – manstu?“
–Elsa Bjarnadóttir Schött, ráðuneytisstjóri
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
2. febrúar kl. 20:00
9. febrúar kl. 20:00
15. febrúar kl. 20:00
TJARNARBÍÓ
Miðasala á tix.is

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**VEÐURFRÉTTIR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ö | R | V | I | L | N | A | Ð | U | R | ■ | ■ | S | ■ | L | ■ | S | ■ | K | ■ |
| S | ■ | E | ■ | Æ | ■ | U | ■ | T | ■ | V | Ö | K | V | A | S | K | O | R | T |
| K | Æ | L | I | M | I | Ð | L | A | N | A | ■ | O | ■ | M | ■ | A | ■ | Í | ■ |
| U | ■ | G | ■ | I | ■ | S | ■ | N | ■ | R | É | T | T | B | O | R | N | U | M |
| B | R | E | N | N | I | V | A | R | G | A | ■ | H | ■ | A | ■ | H | ■ | U | ■ |
| U | ■ | R | ■ | G | ■ | E | ■ | Í | ■ | S | K | A | L | L | A | E | R | N | I |
| S | I | Ð | V | I | T | I | ■ | K | ■ | A | ■ | R | ■ | Æ | ■ | F | ■ | G | ■ |
| K | ■ | I | ■ | N | ■ | P | R | I | K | L | A | Ð | I | R | ■ | I | ■ | A | ■ |
| A | T | R | E | N | N | A | ■ | S | ■ | V | ■ | R | ■ | I | L | L | Æ | R | A |
| ■ | Í | ■ | Y | ■ | Æ | ■ | S | ■ | E | I | K | A | N | N | A | ■ | T | ■ | R |
| Y | F | I | R | D | R | E | P | ■ | Y | ■ | A | ■ | Ú | ■ | U | R | T | U | M |
| ■ | Ö | ■ | N | ■ | K | ■ | I | Ð | J | U | S | A | M | A | N | ■ | B | ■ | A |
| Á | L | F | A | K | O | L | L | ■ | A | ■ | T | ■ | E | ■ | A | M | O | R | S |
| ■ | D | ■ | S | ■ | M | ■ | L | Y | F | J | A | G | R | A | S | ■ | G | ■ | T |
| B | U | G | T | A | N | D | I | ■ | J | ■ | L | ■ | A | ■ | A | T | A | R | I |
| A | ■ | ■ | Ó | ■ | A | ■ | E | F | A | L | A | U | S | U | M | ■ | ■ | Ó | ■ |
| K | J | Ö | R | B | R | É | F | ■ | R | ■ | ■ | ■ | E | ■ | N | Ú | Ð | L | A |
| K | ■ | S | ■ | U | ■ | ■ | N | Á | Ð | A | R | O | R | Ð | I | Ð | ■ | U | ■ |
| A | F | L | A | G | E | T | U | ■ | A | ■ | ■ | ■ | Í | ■ | N | A | N | N | A |
| R | ■ | I | ■ | A | ■ | ■ | M | A | R | Í | U | Þ | A | N | G | ■ | ■ | A | ■ |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist opinber stofnun. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 8. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. feb“.



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Að vetrarlagi** eftir **Isabel Allende** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **María H Þorsteinsdóttir, 101 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Skráir gagnrýnendur rits í gamla testamentinu (11)
**11** Hlaupum öðrum framar í byrjun móts (10)
**12** Búningar eru flokkaðir með tölvutækni (11)
**13** Ber árbók út með auglýsingapésa (10)
**14** En bjór þeirra sem blindfullir eru? (11)
**15** Óheft en í höftum þó (10)
**16** Komast yfir gin í grjótnámunu (7)
**18** Hótar að beita afli – miklu afli! (11)
**24** Einhleyp leysa tímabundna manneklu með þessu (8)
**28** Þú færð pening fyrir lagningu ef ég fæ kvittun (13)
**29** Tel ónæðið þess virði, því umdæmið er mitt (8)
**30** Þessi stingur meira en dælustrá og pollagras (9)
**31** Þekki fólk Arnar minna en hann, sem ég þekki þó varla neitt (8)
**32** Sýnist að nokkuð margir haldi að elíta sé arfgeng (5)
**33** Lampalögur goðans er enn í leiðinni, þrátt fyrir ný göng (9)
**38** Sé gengna indjána stíga vals og ræl við þá sem lifa (9)
**41** Læt tönn vaða á tærnar (6)
**44** Í alvöru þá er þetta jarðbundinn sjór (7)
**45** Viðbit lendir í klóm hitans (9)
**47** Þegar breiður birkja bíl (6)
**48** Ætla að setja þetta þéttbýli á hausinn (7)
**49** Spyrja um aðferð þeirra sem flinkir teljast (7)
**50** Þú makaðir mig allan út – svoleiðis rugl stuðar mig (6)
**51** Ætli andi verði hold í brjáluðum minkastíl?

### LÓÐRÉTT

**1** Saga um hversdagsstress er í engu röng (7)
**2** Sömu menn sakfelldu sömu kóna, æ oní æ (9)
**3** Gnæfði þá Ægir yfir alla sem reyndu að njóta ferðalagsins (9)
**4** Af lærðri dægurtónlist og skrautlegum stíl (7)
**5** Karl sigrar konur (7)
**6** Gróf gröf gröfra manna (8)
**7** Fljót með bareflið og skammirnar (8)
**8** Bannað er að veiða hornfisk með herðakistil (8)
**9** Móðursystir hins látna er bróðurdóttir mín (8)
**10** Fólk sýndi engan dónaskap þótt þjónninn væri alveg steiktur (8)
**17** Leita ríms í umfjöllun dægurmála (8)
**18** Ó, sú gróna eðalurt, bergminta (7)
**19** Greiða róg illmæltra (7)
**20** Rjátl elskulegra vina er hollt fyrir hæga (7)
**21** Hér er víst landlægt sukk á þjóðarskepnunni, birninum (8)
**22** Hitti pabba pabba pabba og son hans (8)
**23** Vond þrá vondan hug (8)
**25** Af ákveðnum syndum og málsbótum þeirra sem þær drýgja (9)
**26** Bið viðskiptavinar Ránar að gæta manatanna (7)
**27** Hef skriflega heimild, uppáskrifaða af fógeta (7)
**34** Lag Ríó Tríós um þetta heitir „Landið fýkur burt“ (7)
**35** Ökum þessum glæsikvendum gjarnan milli staða (7)
**36** Þeir eru vandfundnir sem eru duglegri í uppvaskinu en þessi (7)
**37** Mál sem er svona erfitt yfirferðar getur gert mann galinn (7)
**39** Síðdegiskrían var óvenju lífleg (6)
**40** Allt molnar og sundrast, er það bara eðlilegt? (6)
**42** Kváðum kóng í gröfina með þessum (6)
**43** Í augnablikinu svara ég engu um blæbrigði og slettur (6)
**45** Tróð í tón og ali (4)
**46** Sísvangur og þjófóttur björn í Ameríku eða andans maður í Asíu? (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



De Vault átti leik gegn Jones í Denton árið 1968.

**1...Dxc3+! 2. bxc3 Ba3# 0-1.**
Jóhann Hjartarson lauk þátt á Gíbraltar-mótinu í gær. Hann hlaut 5½ vinning í 10 skákum. Valdislav Artemiev sigraði á mótinu. Lokaumferð Skákþings Reykjavíkur fer fram á morgun og hefst kl. 13. Helstu skákir í beinni.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SJALDSÉÐ VARNARMISTÖK

Lýsingin á þeim sem kallaðir eru „heimsklassaspilarar“ er öðruvísi en á þeim sem kallaðir eru „meðalspilarar“ eins og við flest erum. Heimsklassaspilarar gera ekki: Engin mistök við spilaborðið, heldur bara færri en við meðalspilararnir. Það veitir okkur alltaf nokkra sérkennilega „ánægju“ að sjá svokallaða heimsklassaspilara gera mistök við græna borðið. Bandaríkjamaðurinn Jimmy Cayne er duglegur að spila á vefnum BBO og spilar þar oftast við Ítalann Dano De Falco. Jimmy Cayne þykir mjög snjall bridgespilari, en hann gerir mistök eins og aðrir. Gott dæmi um það er þetta spil frá BBO-vefnum þar sem Falco og Cane sátu í NS. Þeir voru utan hættu og norður var gjafari:

**Norður**
♠ 6
♥ 3
♦ KDG8652
♣ D10964

**Vestur**
♠ Á
♥ KG8762
♦ Á952
♣ G5

**Austur**
♠ DG10974
♥ D5
♦ 7
♣ Á732

**Suður**
♠ K8532
♥ Á1094
♦ 104
♣ K8

Falco lét sér nægja að opna í veikur tveimur tíglum á norðurhöndina (5-11 punktar og 6 ♦). Austur passaði og Cayne gerði ágætlega með því að lyfta í 3 ♦ á suðurhöndina. Vestur sagði 3 ♥ og Falco sagði 4 ♦. Þá sagði austur 4 ♠ sem Cayne passaði og vestur sagði 5 ♥ sem voru pössuð út. Falco fann ágætis útspil og spilaði út einspili sínu í hjarta. Sagnhafi setti fimmuna í blindum og Cayne var undrafljótur að gera mistök í vörninni og setti níuna í hjarta, til að tryggja sér slag á litinn? Hins vegar getur Cayne lesið nánast allar hendur. Hann veit að vestur er með 6 ♥, 4 ♦ og sennilega 2 ♣ og 1 ♠. Það vantar aðeins 2 ♠ í spilið og vestur á væntanlega ásinn blankan, því ef hann á ás í spaða, hjartakóng og gosa, tígulásinn og laufadrottningu, þá eru það einungis 14 punktar fyrir sögn á hættunni á þriðja sagnstigi. Að koma í veg fyrir trompun í tígli, bætir örugglega upp fyrir að gefa varnarslaginn í trompi. Að auki kemur það í veg fyrir að sagnhafi geti haft not af spaðalitnum (Cane gat séð einnig að Falco á sennilega skiptinguna 1165). Lesendur geta séð skelfilegar afleiðingar þess að láta hjartaníuna duga. Sagnhafi drap á gosa, lagði niður spaðaás, spilaði tígulás, trompaði tígul og spilaði spaðadrottningu. Cayne lagði kónginn á hana, trompað lágt og innkoma á laufaás á alla spaðafríslagina (þar sem sagnhafi henti öllum tapslögunum í láglitunum). Ef Cayne tekur hins vegar á hjartaás í byrjun og spilar meira hjarta, fær sagnhafi einungis 8 slagi, fimm á hjarta og ásana þrjá. Vörnin hjá Cayne „heimsklassaspilara“ kostaði því 3 slagi.


Gull
léttöl
Íslandsbanki
hlustenda verðlaunin 2019
FRAM KOMA:
herra hnetusmjör
jón jónsson
auður
jóipéxkróli
stjórnin
bríet
dagur sig
una misère
HÁSKÓLABÍÓ | Í KVÖLD
Í beinni
og í opinni dagskrá
FM957
BYLGJAN
989
X
97·7




Krókhálsi 4
110 Reykjavík

Sími 567 1010
www.parket.is

Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18
og lau kl. 11–15


Eik
Impressive
Vatnshelt harðparket
með Hydra Seal.
Meiri pressun í millikjarna og
100% lokuð fösun á milli borða.
25 ára ábyrgð.
Allt að 10 sinnum meira
rispuþol en áður.
VR
FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI
2017
2018
HARÐVIÐARVAL

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 338

„Hvað skyldi þetta nú vera,“ sagði Konráð og tók upp pappírsblað með tölustöfum og undarlegum táknum sem hann sá liggja á jörðinni. „Mér sýnist þetta vera stærðfræðiþraut,“ sagði Lísaloppa. „En þessi þrjú tákn þarna eru ekki tölustafir, svo það getur nú varla verið,“ sagði Konráð. „Það er nú einmitt þrautin,“ sagði Lísaloppa.




„Að finna út fyrir hvaða tölustafi þessi þrjú tákn standa, svo þessi fjögur dæmi gangi upp,“ bætti hún við.

**Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi táknin þrjú standa**



## Við mælum með Gallsteinum




Gallsteinar afa Gissa er stórskemmtileg saga eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.

Gallsteinar afa Gissa fjallar um Torfa og Grímu sem eiga virkilega leiðinlega fjölskyldu. Mamma þeirra er skipanaglaður harðstjóri með hollustuæði, pabbinn er viðutan vinnusjúklingur og Úlfur er ömurlegt unglingaskrímsli. Systkinin dreymir um afslappað heimilislíf, gæludýr og gotterí. Getur hinn síglaði sjóari, afi Gissi, látið draumana rætast? Hvað gerist ef Torfi og Gríma eignast óskasteina? Geta óskir verið hættulegar?

Leikfélag Akureyrar mun frumsýna barna- og fjölskyldusöngleik byggðan á bókinni í Samkomuhúsinu 23. febrúar næstkomandi. Leikstjóri sýningarinnar er Ágústa Skúladóttir.

**Lausn á gátunni**

@ er 2, ¥ er 5 og § er 8



Lillý Elísabetu Jökulsdóttur finnst risaeðlur flottar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Væri til í að eiga tamið tígrisdýr

**Lillý Elísabetu** langar til að verða vísindamaður, skólakennari eða kafari þegar hún er orðin stór. Henni finnst skemmtilegt sport að hlaupa allsber út og velta sér í snjónum.

Nafn: Lillý Elísabet Jökulsdóttir
Aldur: Sjö ára
Skóli: Kársnesskóli

**Hvað finnst þér skemmtilegast að læra í skólanum?** Ég veit það ekki. Eiginlega bara allt. Finnst gaman í stærðfræði og íslensku og er góð í íslensku en annars allt gaman.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera eftir skóla?** Ég fer alltaf í dægradvölina eftir skóla og leik mér. Lita, perla, og stundum fæ ég að leika með legó eða playmó.

**Ertu að æfa einhverjar íþróttir eða í tómstundum?** Ég er að æfa sund og frjálsar.

**Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór?** Vísindamaður, skólakennari eða kafari. Mig langar að verða vísindamaður því mér finnst risaeðlur svo flottar, og ég held líka að sumar risaeðlur séu pínulitlar. Svo langar mig að vera kafari því ég held það séu svo mörg flott dýr og svo fallegt í sjónum.

**Áttu gæludýr?** Zizou og Keano. Þau eru Husky-hundar. Þau eru stór og Keanu er með tvílit augu, eitt blátt og eitt brúnt, en Zizou er með tvö blá. Ég væri alveg til í að eiga fleiri dýr en mest myndi mig langa til að eiga tígrisdýr – ef það væri tamið.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Sviðakjammi og núðluréttur.

**Hvað myndir þú taka með þér á eyðieyju?** Ég myndi taka með mér mat, Zizou og Keano og fjölskylduna mína.

**Hvað finnst þér skemmtilegt að horfa á í sjónvarpinu?** Það er mjög margt en aðallega K3 og Blíða og Blær.

**Hvernig heldur þú að framtíðin verði? Árið 2050?** Held að heimurinn verði mjög ólíkur því sem hann er núna. Held það verði búið að brenna fleiri hús og bara dálítið öðruvísi. Ég held að bílarnir verði alveg eins og núna en kannski aðeins verri. Ég held að fólkið verði jafngott og núna.

**Hver er uppáhaldsliturinn þinn?** Grænn.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar það snjóar?** Oftast finnst mér skemmtilegast að hlaupa allsber út og rúlla mér í snjónum. Ég gerði það með Uglu systur hans pabba um daginn.


Njóttu þess að hlakka til
vita
Afbragðs þjónusta
og frábær verð
Sumarið 2019
með VITA
Þín upplifun skiptir okkur máli
Við hjá VITA leggjum okkur fram við að bjóða upp á fjölbreytt úrval með afbragðs þjónustu og tryggum flugkosti á góðu verði.
Bókaðu þitt uppáhaldssæti
Þegar ferðast er með VITA, og flogið er með Icelandair, þá getur þú valið sæti um borð gegn vægri greiðslu. Við getum þá líka boðið þér Saga Premium-sæti.
KRÍT
ALICANTE
TENERIFE
KANARÍ
TYRKLAND
ALMERÍA
VITA er í eigu Icelandair Group
ICELANDAIR GROUP
Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is
VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is
ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 90640 01/19

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Fallvindar eða hæg breytileg átt en austan 8-12 m/s við S-ströndina og snjókoma eða él seinnipartinn. Bjart veður en þykknar upp er líður á daginn, fyrst sunnan til. Frost víða 5 til 15 stig.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2° | -1° | 2° | 2° | 0° | 2° | -8° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 3° | 2° | 6° | 3° | 6° | 2° | 12° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| -11° | -9° | 15° | -2° | 27° | 3° | 22° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° →13 | -1° ↖12 | 3° ←22 | 3° ↖13 | 1° ↙7 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -7° ↖5 | -6° ↑4 | -1° ←13 | -1° ←10 | -2° ↙14 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↗1 | -6° ↗3 | -2° ←16 | -4° ↖5 | -4° ↗2 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↖11 | -9° ↑4 | -1° ←15 | 1° ↖6 | 0° ←4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ←8 | -5° ↙4 | 0° ←21 | 1° ↖8 | 0° ↙8 |







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




PATRIOTS
LOS ANGELES
Rams
SUPER BOWL
SUNNUDAG 3. FEBRÚAR 22:00
Tryggðu þér áskrift á stod2.is
Doritos
American Style
2 SPORT
Hluti af Sýn

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is





„Við erum í okkar litla heimi og erum ánægðir þar," segja Aðalsteinn og Ingólfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Við erum alltaf að grúska og leita

**Aðalsteinn Magnússon og Ingólfur B. Kristjánsson hafa veg og vanda af síðunni Hlusta.is Þar er að finna hátt í 2.000 íslenskar bækur og í hverri viku bætist við.**

Ein stærsta hljóðbókasíða landsins er Hlusta.is en þar er að finna hátt í tvö þúsund íslenskar bækur og stöðugt bætist við. Áskrifendur síðunnar fá ótakmarkaðan aðgang að bókum síðunnar. Hægt er að gerast áskrifandi á forsíðu Hlusta.is og áskriftin er 1.490 krónur á mánuði. Aðalsteinn Magnússon og Ingólfur B. Kristjánsson hafa veg og vanda af síðunni.

Þessa dagana býður hlusta.is upp á endurútgefið efni eftir Theódór Friðriksson. „Við erum að koma öllum verkum hans, 20-30 bókum, í hljóðbækur," segir Aðalsteinn. „Frægasta bók hans er Í verum, ævisaga í tveimur bindum, en síðan gaf hann út þriðju ævisöguna, Ofan jarðar og neðan, sem kemur út hjá okkur seinni hluta febrúar. Hann sendi líka frá sér skáldsögur og mikinn fjölda smásagna.

Það er með ólíkindum að þessi maður sem var sjómaður og erfiðisvinnumaður alla ævi skyldi geta skrifað allar þessar bækur. Í dag er hlutur hans í bókmenntasögunni lítill en um miðja síðustu öld voru verk hans svo vinsæl að allir þekktu nafn hans, sérstaklega var mikið talað um Í verum. Velgjörðarmenn hans voru margir eins og Sigurður Nordal og hann var vinur Laxness og Þórbergs."

**Fulltrúi alþýðunnar**

Aðalsteinn segist hafa lesið Í verum fyrir skömmu. Ég varð stórkostlega hrifinn. Í lok bókar er hann sextugur, orðinn gigtveikur, búinn að fá 1.500 króna styrk af fjárlögum og sér fyrir sér að nú geti hann loks hætt að vinna erfiðisvinnu. Hann var merkilegur maður, sjálfstæður og leit á sig sem fulltrúa hins vinnandi manns."

„Skáldsögur hans og smásögur standa sannarlega fyrir sínu," segir Ingólfur. Í smásagnasafninu Utan frá sjó sem geymir níu smásögur naut hann liðsinnis Jónasar frá Hrafnagili sem hjálpaði honum við að stíla sögurnar. Það var eiginlega eini skólinn sem Theódór fékk og eftir það var hann óstöðvandi. Ég lít á hann sem fulltrúa alþýðunnar í þessum bókmenntageira, eins og Torfhildur Hólm, sem er annar höfundur sem hefur gleymst, þótt jafnvel Halldór Laxness hafi tileinkað henni sitt fyrsta ritverk á unglingsárum."

**Leitast eftir breidd**

Þeir félagar hafa sannarlega lagt sitt af mörkum til að minna á látna höfunda sem hafa svo til alveg gleymst. Þeir gáfu nýlega út bækur Guðrúnar Lárusdóttur og segja viðbrögðin hafa verið með ólíkindum.

„Við ætlum að halda áfram að gefa út öndvegishöfunda, sérstaklega þá sem detta úr höfundarétti vegna þess að það er markaður fyrir þá. Það er leiðinlegt hversu illa Íslendingar hafa farið með sína gömlu höfunda. Verk þeirra koma ekki út og þeir gleymast," segir Ingólfur. „Ef maður fer í bókabúð í Bretlandi sér maður heilu borðin full af bókum eftir gamla höfunda. Þannig er það ekki hér. Okkur finnst hlutur kvenna líka hafa verið minni en hann ætti að vera og ætlum að láta lesa inn verk Torfhildar Hólm og Júlíönnu Jónsdóttur og þær munu verða margar fleiri.

„Við erum alltaf að grúska og leita," segir Aðalsteinn. „Við leitumst eftir því að hafa breidd og látum líka lesa inn þýddar sögur eins og Kapítólu og Sherlock Holmes."

**ÞAÐ ER LEIÐINLEGT HVERSU ILLA ÍSLENDINGAR HAFA FARIÐ MEÐ SÍNA GÖMLU HÖFUNDA.**

Hlusta.is hóf starfsemi árið 2008. „Fyrstu árin vorum við í mínus en núna búum við að þessu mikla gagnasafni. Það er fyrst núna sem við sjáum að rekstrarárið verði í plús," segir Aðalsteinn. „Við skuldum engum neitt en höfum heldur ekki auglýst neitt. Við erum í okkar litla heimi og erum afskaplega ánægðir þar."

# Vinátta og hákarl sem heitir Friðþjófur

Leikritin Tölvuvírusinn eftir Iðunni Ólöfu Berndsen, 11 ára, og Friðþjófur á geimflakki eftir Sunnu Stellu Stefánsdóttur, 7 ára, verða sýnd saman á Litla sviði Borgarleikhússins nú um helgina, laugardaginn 2. febrúar og sunnudaginn 3. febrúar.

Iðunn og Sunna unnu leikritasamkeppni sem Borgarleikhúsið stóð að í samstarfi við RÚV og KrakkaRÚV. Alls bárust hátt í 50 leikrit frá börnum, á aldrinum 6-12 ára, hvaðanæva af landinu. „Það var bæði skrýtið og spennandi að vinna," segir Iðunn. Sunna segist hafa orðið mjög undrandi: „Ég vissi bara ekki hvað ég ætti að segja."

Spurð um efni leikrits síns, Tölvuvírussins, segir Iðunn: „Það er um vináttu og fólk sem er í tölvunni. Boðskapurinn er að allir eigi að vera vinir." Um leikrit sitt Friðþjóf á geimflakki segir Sunna: „Það er um hákarl sem heitir Friðþjófur sem lendir í ævintýri."

**ÞAÐ VAR BÆÐI SKRÝTIÐ OG SPENNANDI AÐ VINNA.**

Báðar segjast þær afskaplega spenntar fyrir frumsýningunni. „Ég get bara ekki beðið," segir Sunna.

Iðunn segist oft fara í leikhús. „Mér finnst rosalega gaman í leikhúsi," segir hún og Sunna er á sama máli og segir: „Það er ótrúlega skemmtilegt."

Spurðar hvort þær ætli að halda áfram að skrifa segjast hin ungu leikskáld vitanlega ætla að gera það.

Leikarar í sýningunum tveimur eru þau Edda Björg Eyjólfsdóttir, Davíð Þór Katrínarson, Halldór Gylfason, Haraldur Ari Stefánsson og Jóhann Sigurðarson. Halldór Gylfason er leikstjóri leikritanna. Sýningin byrjar kl. 13 og aðgangseyrir er aðeins 500 krónur. – kb



**Sunna og Iðunn segjast svo sannarlega ætla að halda áfram að skrifa.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


ego dekor
LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR
10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR
10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
CANNON
Stærð: 216X1
~~Verð: 169.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 11
MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-
CLEO 3JA SÆTA
Breidd: 221cm
~~Verð: 159.900,-~~
TSÖLUVERÐ: 127.920,-
CANNO
Stærð: 284
~~Verð: 279.000~~
ÚTSÖLUVERÐ:
VANCOUVER GLERSKÁPUR
Gegnheill acacia viður
Breidd: 124cm
~~Verð: 183.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 128.100,-
glans
COBY STÓLL
~~Verð: 18.500,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.800,-
HUGO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.320,-
MORRIS STÓLL
~~Verð: 19.700,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 16.745,-
CANE STÓLL
~~Verð: 21.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 17.520,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun Lokað
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S: 544 4420

# Öflugt lestrarátak Leðurblökunnar

BÆKUR

**Leðurblakan: Ugluréttur – Upprunalega Ra's al Ghul-sagan**

★★★★☆

**Höfundar:** Scott Snyder, Denny O'Neil o.fl.
**Útgefandi:** Nexus



Leðurblakan er byrjuð að tala íslensku og nær þannig vonandi að hvetja unga nörda til þess að lesa sér til gagns. Og gamans.

Staðfastur í þeirri trú minni að ekkert sé jafn vel til þess fallið að viðhalda og virkja sköpunargáfu barna og halda þeim frá óreglu og rugli og nördismi hef ég lagt mun meiri áherslu á reglulegar ferðir með þau í Nexus, frekar en til dæmis á fótboltaæfingar. Síðan er auðvitað mikill lúxus fyrir fullorðið barn að geta deilt áhugamálum með krökkunum sínum og núlla þannig út kynslóðabilið. En nóg af ókeypis uppeldisráðum.

Myndasögur eru bókmenntir og þeim töfrum gæddar að þær stuðla samtímis að texta- og myndlæsi en það síðarnefnda er ekki síður mikilvægur eiginleiki á vorum tættu tímum athyglisbrests og offramboðs upplýsinga og afþreyingar með myndrænni framsetningu.

Það er því virðingarvert og vel til fundið hjá Nexus að færa „Batman“ nær ungum lesendum með því að gefa hann út á íslensku en nördarnir eru ekki síst drifnir áfram af þeirri hugsjón að með aðgengilegum og spennandi myndasögum á móðurmálinu megi virkja unga stráka til lestrar.

**Óskabyrjun**

